

skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn






Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
7. september 2011
208. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011





**Björk í Eldborg**
*Bætir við aukatónleikum í Eldborgarsal Hörpu.*
fólk 34

**President Ga Ga**
*Jón Baldvin Hannibalsson gagnrýnir forseta Íslands fyrir skrum.*
umræðan 18



**Gleraugnasalan 50 ára**
*Er elsta starfandi gleraugnaverslun landsins.*
tímamót 26


## veðrið í dag




**ÚRKOMA N-LANDS** Í dag verða víðast norðan 8-18 m/s, hvassast við NA- og A-ströndina. Úrkoma N- og A-lands en bjart syðra. Hiti 5-14 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Sjö milljarðar til viðbótar í menntakerfið næstu þrjú ár

**Þúsund atvinnuleitendur sem hefja nám í haust halda bótum til áramóta og verður svo tryggð framfærsla áfram. Hugmyndin er að millifæra fjármagn úr bótakerfinu yfir í menntakerfið, segir formaður stýrihóps.**

**MENNTUN** Rúmlega þúsund atvinnuleitendur hefja nám við framhaldsskóla, háskóla og frumgreinadeildir nú í haust á vegum verkefnisins Nám er vinnandi vegur. Fólkið verður áfram á atvinnuleysisbótum fram til áramóta en mun þá ýmist fara á framfærslulán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta góðs af nýju framfærsluúrræði sem verið er að útfæra.

Annar hluti átaksins er að allir 25 ára og yngri sem fullnægja inntökuskilyrðum fái inngöngu í framhaldsskóla. Rúmlega ellefu hundruð nemendur hafa hafið nám á grundvelli átaksins í haust.

„Fjármögnun verkefnisins hvílir á Atvinnuleysistryggingasjóði til áramóta. Þá tekur menntamálaráðuneytið alfarið við og fær aukinn fjárveitingar. Það má segja að hugmyndin sé að millifæra fjármagn úr bótakerfinu yfir í menntakerfið,“ segir Runólfur Ágústsson, formaður stýrihóps um verkefnið.

„Það má segja að þetta sé aukning á framlögum inn í menntakerfið um rúma sjö milljarða á næstu þremur árum,“ segir Runólfur. Samstarfshópur aðila vinnumarkaðarins, stjórnarráðsins og allra þingflokka gerði tillögurnar, en fjármagnið var tryggt við gerð kjarasamninga. Því var um þverpólitískt samstarf að ræða að sögn Runólfs. „Fyrsta skrefið er að fá þessa einstaklinga inn í skóla, nú er næsta verkefni að skólarnir bjóði fólkið velkomið og lágmarki brottfall.“

Alls munu 527 atvinnuleitendur hefja nám í framhaldsskólum, 320 í háskólum og 113 í frumgreinadeildum. Hluti hópsins hefur ekki rétt á námslánum frá LÍN. Þessu fólki verður tryggð framfærsla með öðrum hætti, en vinnu við útfærslu þess lýkur í október, að sögn Runólfs. Þegar hafa 450 milljónir króna verið tryggðar á ári til framfærslunnar.

Þá hefur verið stofnaður þróunarsjóður sem menntamálaráðuneytið stýrir. 300 milljónir króna verða lagðar í sjóðinn í þrjú ár frá næsta ári og geta skólar sótt um fjármagn til að þróa starfstengdar námsbrautir á framhalds- og háskólastigi. - þeb




**LANGÞRÁÐ STUND** Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands, og aðstoðarmaður hans Pétur Pétursson fagna hér saman í leikslok á Laugardalsvellinum í gær eftir að fyrsti sigur íslenska landsliðsins í alvöru landsleik í 1.056 daga var í höfn. Ísland vann þá 1-0 sigur á Kýpur í undankeppni EM, þökk sé sigurmarki Kolbeins Sigþórssonar á 4. mínútu. Sjá síður 38 og 39 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jóhanna Sigurðardóttir:

## 14 þúsund ný störf áætluð

**STJÓRNMÁL Áætlað er að opinberar eða hálfopinberar framkvæmdir víða um land muni skila með beinum hætti um 7.000 nýjum störfum á næstu árum og fjölda afleiddra starfa. Þetta skrifar Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í grein í Fréttablaðinu í dag. Hún getur þess jafnframt að þá séu ótaldar ar framkvæmdir í orkuverum og tengdum fjárfestingum en reikna megi með því að þar muni verða til sambærilegur fjöldi nýrra starfa.**



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

**Gert er ráð fyrir að bygging nýs Landspíta muni skapa um 3.000 störf og bygging nýs fangelsis og fjárfesting í uppbyggingu hjúkrunarheimila 550 störf.** - ibs / sjá síðu 17

Aukinn jarðhiti og skjálftavirkni undir Mýrdalsjökli gefur tilefni til varúðar:

# Fyrirboðar um eldgos í Kötlu

**NÁTTÚRA** „Þetta eru fyrirboðar eldgoss en þó er ekki víst að þeir leiði til goss,“ sagði Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur eftir könnunarflug yfir Mýrdalsjökul í gærkvöldi.

Þar vísar hann til þess að greinilegt var á sigkötlum og sprungum í jöklinum að jarðhiti hefði aukist. Þá hefur smáskjálftavirkni einnig aukist nokkuð og vísbendingar eru um að fjallið hafi þanist út að undanförnu.

Magnús Tumi segir þó að rétt sé að vera á varðbergi gagnvart Kötlu. Því hafi verið afráðið að fara könnunarflugið í gær eftir að órói kom fram á mælum.



**EFTIRLITSFLUG** Vísindamenn flugu yfir Mýrdalsjökul í gær.

„Það er alltaf óvissa með Kötlu og ekki þótti annað fært en að fljúga yfir jökulinn til að varpa ljósi á hvað var á seyði.“

Magnús Tumi bætir því við að í raun sé bara ein örugg vísbending um upphaf goss í Kötlu. „Allar heimildir um Kötlugos síðustu 500 ár greina frá stórum jarðskjálftum, sem finnast greinilega í Mýrdalnum, nokkrum klukkustundum áður en gos hefst. Það er í raun hin eina fullgilda viðvörun.“ - þj


KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2011
07. - 11. september
í Bíó Paradís



OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1



Alveg mátulegur
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

SPURNING DAGSINS



*Kristján, kemur þetta mönnum danskt fyrir sjónir?*

„Já, frekar danskt en spánskt.“

Kristján Geir Gunnarsson er framkvæmdastjóri hjá Nóa Síríus, sem markaðssetur sælgætið góðkunna Ópal í Danmörku undir vörumerkinu Obal.

Þjónustusamningur við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði rennur út um áramót:

# Segja upp fólki semjist ekki við ríkið

**STJÓRNSÝSLA** Öllu starfsfólki Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, alls um 105 manns, verður sagt upp störfum um næstu mánaðarmót náist ekki samningar við ríkið.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri heilsustofnunarinnar, segist þó vonast til að ekki þurfi að hætta starfsemi stofnunarinnar. Þjónustusamningur við ríkið rennur út um komandi áramót og segir Ólafur að óvissa ríki á meðan ekki er samið um framhaldið.

„Þetta er nokkurs konar varúðarráðstöfun. Við treystum því að við munum fá nýjan samning við ríkið, en maður veit ekki hvernig málin munu þróast.“

Ólafur segir að starfsemi Heilsustofnunarinnar hafi gengið vel, og hann sjái ekki annað í spilunum en að heilsustofnunin muni lifa í 50 ár til viðbótar hið minnsta.

Hann kallaði hins vegar eftir skýrri framtíðarsýn í heilbrigðisgeiranum.

Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarkona Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra, segir að unnið sé af fullum krafti að málinu innan ráðuneytisins og stefnt sé að því að ljúka því í mánuðinum.

„Við erum að ganga frá kröfulýsingu. Málið er í fullkomlega eðlilegum farvegi og sambærilegum við aðrar stofnanir með þjónustusamninga við ríkið.“ - bj



**HEILSUHÆLIÐ** Þjónustusamningur við ríkið rennur út um áramót.

Hvítbók um náttúruvernd:

# Náttúrulöggjöf í endurskoðun

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir kynnti hvítbók um náttúruvernd í ríkisstjórn í morgun. Þar er að finna heildarúttekt á lagaumhverfi náttúruverndar hér á landi.

Þetta er í fyrsta sinn sem slík hvítbók er unnin, en með henni á að leggja grunn að nýrri löggjöf um náttúruvernd. Meðal þess sem nefndin leggur til í hvítbókinni er að gildissvið náttúruverndarlaga er varðar vernd lífríkis hafsins verði skýrt og styrkt og að lög um landgræðslu og skógrækt verði felld í náttúruverndarlög. - kóp

Með 200 grömm af hassi:

# 16 ára smyglari til Grænlands

**LÖGREGLUMÁL** Sextán ára grænlenskur piltur var handtekinn í Leifsstöð á föstudaginn var með um 200 grömm af hassi í fórum sínum. Pilturinn var að koma frá Kaupmannahöfn og var á leið til Grænlands. Tollgæslan fann efnið þegar hann var á leið úr landi.

Málinu er lokið af hálfu lögregluyfirvalda hérlendis. Pilturinn var látinn laus úr haldi og hélt áleiðis til Grænlands. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum verður málið sent lögreglunni í Kaupmannahöfn til meðferðar. - sh

Borgarstjórn Reykjavíkur:

# Saka meirihluta um áhugaleysi

**REYKJAVÍK Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins sakaði meirihlutann á borgarstjórnarfundi í gær um „algert áhugaleysi“ á málum tengdum sjávarútvegi.**

**Sjálfstæðismenn lögðu fram tillögu þess efnis að gerð yrði úttekt á áhrifum breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu á atvinnulíf í Reykjavík. Sams konar tillaga var lögð fram í lok júní en er enn óafgreidd.**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, átaldi meirihlutann fyrir aðgerðarleysi og ýjaði að því að meirihlutinn væri að verja áherslur ríkisstjórnarinnar á kostnað hagsmuna borgarbúa. Hún benti jafnframt á að 20 prósent aflaverðmætis kæmu til hafnar í Reykjavík. „Sjávarútvegurinn er ein af stoðum reykvísks atvinnulífs,“ sagði Hanna Birna.** - bj



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

# Sex konur til viðbótar ásaka Ólaf Skúlason

**Að minnsta kosti sex konur til viðbótar hafa sakað Ólaf Skúlason fyrrum biskup um kynferðisbrot gegn sér. Komu fram áður en kirkjan greiddi út bætur vegna mála þriggja kvenna. Nokkrar hafa skrifað til fagráðs þjóðkirkjunnar.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Að minnsta kosti sex konur til viðbótar segja að Ólafur Skúlason heitinn, fyrrum biskup, hafi brotið gegn sér kynferðislega. Einhverjar af konunum hafa látið fagráð þjóðkirkjunnar vita af málinu. Konurnar höfðu samband við Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur áður en þjóðkirkjan greiddi út sanngirnisbætur til hennar og tveggja annarra kvenna í júlí síðastliðnum vegna mistaka í meðferð mála þeirra eftir að þær sökuðu biskupinn um kynferðisbrot.

Sigrún Pálína segist hafa vitað af sumum konunum í mörg ár.

„Ég hef vitað í langan tíma að konurnar eru mun fleiri en við þrjár, það er bara spurning um hvenær þær eru tilbúnar að segja frá,“ segir Sigrún Pálína. „Ég hef stundum verið milliliður á milli kvennanna og fagráðs þjóðkirkjunnar, ef þær treysta sér ekki til þess að leita beint til þeirra.“

Sigrún Pálína hefur hvatt allar konurnar til að leita til fagráðsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa að minnsta kosti tvær þeirra haft samband við ráðið skriflega, en ekki lagt málin formlega fram.

Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður fagráðsins, segir ráðið ekki geta tjáð sig um einstök mál sem komi inn á borð til þess. Unnin verði skýrsla í byrjun næsta árs þar sem öll málin verði tekin saman og birt opinberlega.

Sigrún Pálína segir sögur kvennanna af biskupnum allar mjög svipaðar.

„Þetta er fyrst og fremst þessi trúnaðarbrestur. Hann byggir upp samband og þykist vera sá sem muni veita þeim aðstoð. Svo endar hann með því að kyssa og káfa,“ segir hún. „Hann valdi sér konur sem voru á viðkvæmu stigi í lífi sínu. Þær sem þurftu á aðstoð að halda og þurftu að geta treyst einhverjum. Og hann gerði það undir því yfirskini að vera guðsmaður.“

Engin kvennanna sex lét kirkjuyfirvöld vita af hegðun biskupsins á sínum tíma. sunna@frettabladid.is



**HEFUR AÐSTOÐAÐ KONURNAR** Sigrún Pálína Ingvarsdóttir hefur hvatt allar konurnar til að leita til fagráðs Þjóðkirkjunnar. Hún segir sögur kvennanna af biskupnum mjög svipaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ég hef vitað í langan tíma að konurnar eru mun fleiri en við þrjár, það er bara spurning um hvenær þær eru tilbúnar að segja frá.
>
> SIGRÚN PÁLÍNA INGVARSDÓTTIR

Enn reynt að tæla barn:

# Reyndi að fá stúlku upp í bíl

**LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu barst í gær tilkynning um mann sem reyndi að lokka litla stúlku upp í bíl til sín. Atvikið átti sér stað í Skipasundi, nálægt Langholtsskóla.**

**Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa fjölmargar svipaðar tilkynningar borist undanfarið. Síðast var tilkynnt um tilvik í Kópavogi á mánudag.**

**Stjórn Heimilis og skóla sendi í gær frá sér tilkynningu þar sem áréttað var að foreldrar ræddu við börnin sín á hreinskilinn hátt um hættur sem þessar, en þó án þess að hræða börnin.** - þeb



**ÞURFA HEILBRIGÐISAÐSTOÐ** Þessi börn í Sómalíu þurfa nauðsynlega á aðstoð að halda. NORDICPHOTOS/AFP

Viðamikil úttekt Barnaheilla:

# Börn í Tsjad og Sómalíu í hættu

**ÞRÓUNARHJÁLP** Börn í Tsjad og Sómalíu eru í mestri hættu á að látast vegn veikinda á meðan börn í Sviss og Finnlandi eru í minnstri hættu.

Þetta kemur fram í nýrri úttekt Barnaheilla, en markmiðið með henni er að vekja athygli á miklum skorti á heilbrigðisstarfsfólki í heiminum, sérstaklega þróunarlöndum þar sem nauðsyn á bólusetningum, lyfjagjöf og aðstoð við fæðingar geta riðið baggamuninn. - þj






Samningaviðræður við stuðningsmenn Gaddafís um uppgjöf ganga hægt:

# Háttsettir félagar Gaddafís flýja

**LÍBÍA, AP** Nokkrir háttsettir stuðningsmenn Múammars Gaddafí flúðu í gær frá Líbíu yfir til nágrannalandsins Níger. Þeir fóru þangað í hópum í nokkrum bílalestum, sem ekið var hratt yfir eyðimörkina í Líbíu til landamæranna.

Meðal þeirra sem flúðu var Mansour Dao, sem var yfirmaður öryggismála hjá Gaddafí. Þetta staðfesti tollvörður á landamærunum í Níger.

Um tólf aðrir háttsettir embættismenn Gaddafístjórnarinnar eru sagðir hafa verið meðal þeirra sem yfirgáfu landið.

Flóttinn getur skipt sköpum í baráttu uppreisnarmanna gegn stuðningsmönnum Gaddafís, sem enn hafa á valdi sínu þrjár borgir í landinu, Bani Walid, Sirte og Sabha.

Ekkert er enn vitað um Gaddafí sjálfan en fullvíst þótti að hann hefði ekki verið með í bílalestunum sem fóru til Níger í gær.

Leiðtogar uppreisnarhreyfingarinnar, sem hefur náð mestum hluta landsins á sitt vald, þar á meðal höfuðborginni Trípolí, hafa átt í samningaviðræðum við ættbálkahöfðingja í Bani Walid.

Takmarkaður árangur hafði þó orðið af þeim viðræðum í gær, enda mikil tortryggni á báða bóga.

Uppreisnarmenn segja íbúana í Bani Walid skiptast í tvær fylkingar, og vilji sumir gefast upp en aðrir halda áfram baráttu gegn uppreisnarmönnum, þótt vonlítil virðist vera. - gb



**SAMNINGAVIÐRÆÐUR NÁLÆGT BANI WALID** Abdalla Kenshil, aðalsamningafulltrúi uppreisnarmanna, ásamt ættbálkaleiðtogum frá Bani Walid í mosku skammt fyrir utan borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## GULLTILBOÐ 1

# PARÍS




Huggguleg helgarferð til hinnar dásamlegu Parísar. Menning, listir, frábær veitingahús og fjölskrúðugt mannlíf. Flogið er með Icelandair og gist á hinu 3 stjörnu Mercure Terminus Nord.

**3 nætur, 28.–31. okt.**

FULLT VERÐ 79.900 KR.

**54.900 KR.***

+ 1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x25

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallaskattar og gisting á Mercure Terminus Nord ásamt morgunverði.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

## GULLTILBOÐ 2

# SPÁNN




Matalascañas er algjör paradís í Andalúsíu. Öll aðstaða á Tierra Mar Golf Hotel er eins og best verður á kosið, frábær golfvöllur í fjölbreyttu umhverfi.

**7 nætur, 28. sept.–5. okt.**

FULLT VERÐ 169.900 KR.

**134.900 KR.***

+ 1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x35

**Innifalið:** Beint leiguflug með Icelandair, flugvallaskattar, flutningur golfsetts (hámark 15 kg), akstur milli flugvallar og hótels, gisting með morgun- og kvöldverðarhlaðborði, ótakmarkað golf með golfkerru alla daga (háð brottfarar- og komutíma), ein karfa af æfingaboltum og fararstjórn.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

vita FERÐASKRIFSTOFA

# HAUSTIÐ BYRJAR VEL FYRIR N1 KORTHAFA

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

## SILFURTILBOÐ 1

### HÁÞRÝSTIDÆLA

CARSTECH

- 2400W
- Vinnuþrýstingur 120 bör
- Hámarksþrýstingur 150 bör
- 6,5 ltr/mín.
- 6 m á slönguhjóli
- Innbyggt sápuhólf
- Stillanlegur spíss
- Niðurfellanlegt álhandfang
- 2 stór hjól

FULLT VERÐ 29.990 KR.

**17.990 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x12



PUNKTAR GILDA x15

## SILFURTILBOÐ 2

### SNJALLSÍMI

HTC WILDFIRE S

- Android 2.3 stýrikerfi
- Multi-touch snertiskjár
- 3,2" skjár með 320 x 480 punkta upplausn
- Taltími allt að 7 klst.
- Biðtími allt að 360 klst.
- 5 megapixla myndavél
- 512MB innra minni
- 2GB microSD kort fylgir
- Þyngd 105 g
- Fylgihlutir: Hleðslutæki, microUSB snúra og heyrnatól

FULLT VERÐ 64.995 KR.

**49.995 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

## SILFURTILBOÐ 3

### SJÓNVARPS-FLAKKARI

1.5TB ARGOSY 373T

- Ný kynslóð 1080P FULL HD spilara
- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmyndaafspilun H.264
- Spilar tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Fjarstýring fylgir
- Tengi: HDMI, USB, RCA, RGB, ljósleiðari o.fl.
- USB og RCA snúrur fylgja með

FULLT VERÐ 29.900 KR.

**23.900 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x6

ERTU EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ N1 KORTIÐ?



PUNKTAR GILDA x6

## SILFURTILBOÐ 4

### FERÐA- OG TRÚSSTASKA

- 90 lítra
- Tvö rennd hólf innan í töskunni
- Hliðarhandföng og stillanlegar hliðarólar
- Níðsterkur úr 500D/PVC tarpaulin-efni

FULLT VERÐ 13.990 KR.

**7.990 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

## N1TILBOÐ

### REMINGTON HÁRBLÁSARI

FULLT VERÐ
5.690 KR.

**2.690 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x3



PUNKTAR GILDA x4

## N1TILBOÐ

### ÞRÁÐLAUS VEÐURSTÖÐ

FULLT VERÐ
9.790 KR.

**5.790 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

## N1TILBOÐ

### COCA-COLA KASSI

FULLT VERÐ
3.490 KR.

**1.490 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2



PUNKTAR GILDA x2

## N1TILBOÐ

### CD - BJÖRGVIN OG HJARTAGOSARNIR EÐA VALDIMAR

FULLT VERÐ
2.690 KR. STK.

**690 KR. STK.**

+1.000 N1 PUNKTAR

## N1TILBOÐ

### DVD - SKOPPA OG SKRÍTLA Á TÍMAFLAKKI EÐA KLOVN THE MOVIE

FULLT VERÐ
2.790 KR. STK.

**790 KR. STK.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2




**SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði.
N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í september eða meðan birgðir endast.

Fíton/SÍA

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

## GENGIÐ 06.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,82 | 115,36 |
| Sterlingspund | 185,04 | 185,94 |
| Evra | 162,84 | 163,76 |
| Dönsk króna | 21,858 | 21,986 |
| Norsk króna | 21,195 | 21,319 |
| Sænsk króna | 17,836 | 17,94 |
| Japanskt jen | 1,4884 | 1,4972 |
| SDR | 183,14 | 184,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,6512

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skógareldar í Texas hafa valdið miklu eignatjóni undanfarna daga:

# Meira en þúsund hús ónýt

**BANDARÍKIN, AP** Meira en þúsund hús hafa orðið skógar- og kjarreldum víða í Texas að bráð síðustu dagana. Flest þessara húsa, eða nærri 600, stóðu í Bastrop-sýslu sem er skammt frá höfuðborginni Austin.

Ástandið var heldur skárra í gær en dagana þar á undan, enda hafði lægt þannig að hvassviðri ýfði ekki upp eldana. Engu að síður reyndist erfitt að ná tökum á þeim.

Í Bastrop-sýslu þurftu um fimm þúsund manns að yfirgefa heimili sín vegna eldhættunnar. Um 400 manns fengu gistingu í neyðarskýlum.

Engar fréttir höfðu borist af manntjóni í gær og ekki var vitað til þess að neinn hefði lokast inni á heimili sínu. Á sunnudag lét þó tvítug kona lífið ásamt ungu barni sínu.

Miklir þurrkar hafa verið í Texas undanfarið og engin breyting sjáanleg í veðurkortum næstu daga.

Rick Perry, ríkisstjóri í Texas, þurfti að gera hlé á kosningabaráttu sinni, en hann vonast til að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins haustið 2012.

Þess í stað heimsótti hann einn þeirra bæja sem illa hafa orðið úti í eldunum. - gb



**BARÁTTAN VIÐ ELDINN** Erfiðlega hefur gengið að slökkva eldana í Texas. NORDICPHOTOS/AFP

Serbi dæmdur í Haag:

## Dæmdur fyrir að aðstoða

**HOLLAND, AP** Momcilo Perisic, fyrrverandi yfirmaður júgóslavneska hersins, var í gær dæmdur til 27 ára fangelsisvistar af Alþjóðlega sakadómstólnum í Haag.

Hann hlaut þennan dóm fyrir að veita serbneskum hermönnum mikilvæga hernaðaraðstoð, en þeir frömdu fjöldamorðin í Srebrenica árið 1995. Hann er einnig dæmdur fyrir fjögurra ára stanslausan árásarhernað á borgina Sarajevo, þar sem bæði loftárásum og leyniskyttum var beitt. - gb

Árleg rannsókn á skólum:

## Cambridge besti háskólinn

**MENNTUN Háskólinn í Cambridge á Englandi er besti háskóli heims samkvæmt mælingum fyrirtækisins QS. Í næstu sætum þar á eftir koma Harvard, MIT, Yale og Oxford.**

**QS gefur árlega út lista yfir bestu háskóla heims. Fyrirtækið skoðar yfir tvö þúsund háskóla árlega og metur síðan sjö hundruð þeirra. Fjögur hundruð efstu skólunum er svo raðað upp á lista og þrjú hundruð eru birt.**

**Mat á bestu skólunum er margþætt. Mest vegur orðstír námsins, eða fjörutíu prósent. Orðstír kennara, fjöldi birtra greina og ritgerða og hlutfall erlendra kennara og nemenda eru meðal annars sem metið er við gerð listans. - þeb**

KJARAMÁL

### Samningur samþykktur

Nýgerður kjarasamningur Félags leikskólakennara og sveitarfélaganna var samþykktur með afgerandi hætti. Alls sögðu 92,2 prósent já. Nei sögðu 5,6 prósent og 2,2 prósent skiluðu auðu.

# ESB er enn vandræðamál

**Stjórnarandstaðan gagnrýnir meðferð stjórnarinnar á aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Kallað eftir því að ráðherrar fylgi samþykktum Alþingis um aðildarviðræður. Jón Bjarnason einangraður í afstöðu sinni.**

EVRÓPUMÁL

Hvaða áhrif hefur aðildarumsókn að ESB á stjórnasamstarfið?

Enn einu sinni þurftu stjórnarliðar að svara fyrir málsmeðferð sína varðandi aðildarumsókn að Evrópusambandinu á Alþingi í gær. Málið ætlar að reynast stjórninni til ómældra vandræða, enda virðast ekki allir líta svo á að samþykkt Alþingis í málinu hafi úrslitavald.

Ummæli Þórunnar Sveinbjarnardóttur í Kastljósi á mánudaginn voru olía á eld ágreiningsins varðandi Evrópusambandið. Þórunn staðhæfði að ríkisstjórnin hefði meðal annars verið mynduð utan um það að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þá skaut hún föstum skotum að Jóni Bjarnasyni fyrir framgöngu hans í málinu.

Hún er ekki ein um það. Jón hefur legið undir ámæli fyrir að lúta ekki samþykkt Alþingis frá 16. júlí 2009. Hún er samt býsna skýr og leggur ráðherrum það á herðar að fylgja sjónarmiðum meirihluta utanríkismálanefndar um verklag og meginhagsmuni.

Í því áliti segir að endanlegar ákvarðanir í málefnum tengdum aðildarviðræðunum verði í höndum ríkisstjórnarinnar, en ekki einstakra ráðherra. Þá segir:

„Jafnframt er ljóst að starfsmenn úr öllum ráðuneytum og sérfræðingar úr mismunandi áttum þurfa að koma að aðildarviðræðunum og eðlilegt að hver fagráðherra og ríkisstjórnin sem heild beri ábyrgð á því hvaða starfsmenn, sérfræðingar og trúnaðarmenn sitja í samninganefnd og teymum er varða ólík efnissvið aðildarviðræðnanna."

Þó nokkuð hefur borið á gagnrýni á tregðu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra í aðildarviðræðunum og formaður samningahóps í landbúnaðarmálum segist ekki hafa umboð ráðherra til að vinna að aðgerðaráætlun í málaflokknum.

Sú vinna er á ábyrgð ráðherra, en einnig ríkisstjórnarinnar allrar. Löggjafarvaldið hefur sett skýrar reglur um hvernig staðið skuli að aðildarviðræðunum og því ætti það ekki að vera neinum vafa undirorpið hvernig að þeim skuli staðið. Stjórnarliðar benda því á að þátttaka í viðræðunum eigi ekki að vera túlkunarefni einstakra ráðherra, heldur verði þeir að hlýða löggjafanum.

Heimildarmenn Fréttablaðsins í röðum stjórnarflokkanna höfðu ekki áhyggjur af því að ráðherrar væru ekki alltaf samstíga í málinu. Fundað var um málið í utanríkismálanefnd í gær, að beiðni utanríkisráðherra. Þar var farið yfir skýrslu um landbúnaðarmál og byggðaþróun. Upp á Jón Bjarnason stendur að setja vinnu af stað um þau mál, en ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar. kolbeinn@frettabladid.is



**BEÐIÐ FYRIR LAUSN** Jón Bjarnason og Össur Skarphéðinsson eru ekki samstíga þegar kemur að aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Báðum ber þó að fylgja samþykkt löggjafarsamkundunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Fyrirmælin

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar."

*Samþykkt á Alþingi 16. júlí 2009*

### Ummæli á Alþingi um aðildarviðræðurnar



„Ég er ekki þannig þenkjandi að þegar búið er að boða til kosninga þá hætti menn við kosningar út af skoðanakönnunum."
***Lilja Rafney Magnúsdóttir**, Vinstri grænum*

„Nýtur Jón Bjarnason trausts hjá Björgvini G. Sigurðssyni og þingmönnum Samfylkingarinnar? Hefur komið til tals hjá Samfylkingunni að slíta stjórnarsamstarfinu?"
*Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki*



„Öllum ráðherrum ber fortakslaust að vinna eftir ályktunum Alþingis. Annað er óhugsandi."
***Björgvin G. Sigurðsson**, Samfylkingunni*

„Samþykkti VG að ríkisstjórnin væri stofnuð um það að sækja um aðild að ESB? Það væru ákveðnar fréttir."
*Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki*

„Í samsteypustjórnum er skoðanaágreiningur. Hann kemur fram innan ríkisstjórnarinnar og hann kemur fram út á við."
*Þuríður Backman, Vinstri grænum*



„Er þinginu ljós staðan í viðræðuferlinu? Ég óskaði eftir fundi í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd í júlíbyrjun, hann var haldinn í ágúst. Ég bað um sameiginlegan fund með utanríkismálanefnd, er búinn að bíða hans síðan í byrjun júní."
***Sigurður Ingi Jóhannsson**, Framsóknarflokki*


15% afsláttur

af öllum pakkningastærðum af Nicorette fruitmint

2 mg 210 stk.
Nú kr. 4.278.-

Tilboðið gildir til 20. september n.k.




SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b - Sími 551 7234 - Opið mánudaga - föstudaga kl. 9-18


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**NÆTURFROST** Nú fer heldur kólnandi á landinu með ákveðinni norðanátt. Rigningin norðanlands í dag gæti þróast yfir í slyddu og jafnvel snjókomu til fjalla í kvöld. Víða næturfrost á landinu í nótt og einnig aðra nótt.




Á MORGUN
8-13 m/s.

FÖSTUDAGUR
Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 29° |
| London | 18° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 22° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 16° |
| París | 19° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:**
Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# ÁSKORUN TIL ALÞINGIS:

## „Við skorum á Alþingi að leggja til hliðar aðildarumsókn að Evrópusambandinu“

Þrjár meginástæður:

**1. Breyttar forsendur í Evrópusambandinu**
Evrópusambandið hefur tekið verulegum breytingum frá því að Alþingi samþykkti aðildarumsóknina þann 16. júlí árið 2009. Sambandið glímir nú við alvarlega skuldakreppu sem ekki er séð fyrir endann á og mikil óvissa ríkir um framtíð evrunnar.

**2. Meirihluti kjósenda vill ekki aðild**
Víðtæk samstaða og einlægur vilji til aðildar ættu að vera frumskilyrði fyrir aðild að Evrópusambandinu en skoðanakannanir sýna að afgerandi meirihluti landsmanna er andvígur aðild og vill draga umsókn til baka.*

**3. Dýr og tímafrek óvissuferð**
Á niðurskurðartímum er erfitt að réttlæta útgjöld til verkefnis með jafn óvissa útkomu og aðildarferlið. Ferlið sjálft er mjög mannfrekt, kallar á ýmsar breytingar og dreifir þannig kröftum stjórnsýslunnar frá mun brýnni verkefnum.

* Sjá má könnunina í heild á www.skynsemi.is

**Taktu þátt - skrifaðu undir áskorunina**

skynsemi.is
**Leggjum ESB umsókn til hliðar**

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú eðlilegt að fá erlendan þjálfara fyrir íslenska landsliðið í knattspyrnu?*

| | |
|---|---|
| Já | 62,7% |
| Nei | 37,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Óttast þú að eldgos í Kötlu sé yfirvofandi?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. vísir

E-töflusmyglari á unglingsaldri reyndist einnig hafa flutt inn alkóhólsykur og tvö kíló af staðdeyfilyfjum:

# Gæti hafa verið blekktur með staðdeyfilyfi

**LÖGREGLUMÁL** Sautján ára piltur sem tekinn var með 30 þúsund e-töflur í farangri sínum í Leifsstöð fyrir tæpum tveimur vikum reyndist einnig hafa í fórum sínum tvö kíló af staðdeyfilyfinu líkódíni. Þetta hefur efnagreining leitt í ljós.

Pilturinn var handtekinn við komuna til landsins frá Kaupmannahöfn aðfaranótt 24. ágúst. E-töflurnar fundust í farangri hans, ásamt fimm kílóum af duftefnum sem reyndust ekki vera ólögleg fíkniefni.

Efnagreining hefur nú leitt í ljós að þar var um að ræða þrjú kíló af alkóhólsykri, sem er alþekkt íblöndunarefni til að drýgja fíkniefni, og tvö kíló af staðdeyfilyfinu líkódíni.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum er verið að skoða þann möguleika að pilturinn hafi verið blekktur í fíkniefnaviðskiptunum, enda svipar líkódíni mjög til kókaíns og gefur jafnvel oft jákvæða svörun í sérstökum kókaínprófum.

Reynist það raunin, að pilturinn hafi haldið sig vera að flytja inn kókaín, getur það haft talsverð áhrif á refsingu hans. Að öðrum kosti varðar innflutningurinn við lyfjalög, enda er ekki hverjum sem er heimilt að flytja inn staðdeyfilyf í miklu magni.

Pilturinn hefur lítið viljað tjá sig um aðdraganda málsins í yfirheyrslum hjá lögreglu. Ljóst þykir að sautján ára unglingur hafi ekki getað fjármagnað kaup á þessu magni fíkniefna og því beinist rannsóknin að því að finna vitorðsmenn hans eða þá sem fengu hann til verksins. Það hefur ekki enn borið árangur.

Gæsluvarðhald yfir piltinum rennur út í dag. Að öllum líkindum verður krafist framlengingar á því. **- sh**



**E-TÖFLUR** Þung refsing liggur við því að flytja til landsins e-töflur.


Nýir eigendur óskast!

Kynntu þér úrval notaðra bíla á www.askja.is



Kia Sorento Ex Luxury 4x4
árg. 2006, ekinn 78 þús. km
2497cc, dísel, sjálfsk.
- 17" álfelgur
- Leður

Verð kr. 3.690.000



Honda Accord
árg. 2006, ekinn 76 þús. km
1998cc, bensín, sjálfsk.
- 17" álfelgur
- Skyggðar rúður

Verð kr. 1.990.000

TILBOÐSVERÐ Kr. 990.000!



Isuzu Trooper 4x4
árg. 2002, ekinn 221 þús. km
3000cc, dísel, beinsk.
- 7 manna
- Álfelgur
- Vel með farinn og traustur

~~Verð kr. 1.190.000~~



Jeep Cherokee Crd LTD 4x4
árg. 2008, ekinn 17 þús. km
3000cc, dísel, sjálfsk.
- Álfelgur
- Leður
- Kom á götuna 2010

Verð kr. 7.590.000

TILBOÐSVERÐ Kr. 2.990.000!



Nissan Navara 4x4
árg. 2006, ekinn 93 þús. km
2500cc, dísel, sjálfsk.
- Dráttarkrókur
- Stigbretti
- Yfirbyggt skottlok

~~Verð kr. 3.390.000~~



Audi A3
árg. 2005, ekinn 48 þús. km
2000cc, bensín, sjálfsk.
- 16" álfelgur
- Skyggðar rúður

Verð kr. 2.190.000



Nissan Qashqai SE 4x4
árg. 2009, ekinn 41 þús. km
2000cc, bensín, sjálfsk.
- Álfelgur
- Leður

Verð kr. 3.450.000

Opið virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 12-16

ASKJA
Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2100 · askja.is


# Ökuþór á sjötugsaldri slapp með skrekkinn

**Maður á sjötugsaldri atti kappi við hálfþrítugan mann á Hafnarfjarðarvegi á yfir 100 kílómetra hraða og hafnaði að lokum utan vegar. Lögreglu hafa áður borist ábendingar um einkennilega og „grugguga“ hegðun hans í umferðinni.**

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaðurinn sem slasaðist eftir kappakstur á Hafnarfjarðarvegi í fyrrakvöld er 66 ára gamall, fæddur í nóvember árið 1944. Myndband úr leigubíl virðist sýna að hann hafi att kappi við hálfþrítugan ökumann annars bíls á vel rúmlega hundrað kílómetra hraða.

Svo virðist sem mennirnir tveir þekkist ekkert. Af myndbandinu má ráða að annar þeirra hafi einfaldlega ekið upp að hinum og í kjölfarið hafi þeir báðir aukið hraðann mjög, og sá yngri elt þann eldri á ofsahraða.

Betur fór en á horfðist þegar eldri maðurinn missti stjórn á kraftmiklum Dodge Charger-bíl sínum, hann lenti á ljósastaur og valt nokkur hundruð metra út af veginum við Fífuhvammsveg. Bíllinn var ákaflega illa farinn á eftir og var í fyrstu talið að maðurinn hefði slasast mjög alvarlega. Svo reyndist þó ekki vera. Hundur sem var með honum í bílnum drapst hins vegar.

Lögreglumenn sem Fréttablaðið ræddi við í gær sögðu afskaplega óvenjulegt að maður á þessum aldri hegðaði sér með þessum hætti; yfirleitt væru það unglingar og ungmenni sem stæðu fyrir ábyrgðarlausum kappakstri innanum aðra vegfarendur, en ekki ökumenn sem komnir væru að ellimörkum.

Heimildir Fréttablaðsins herma raunar að þetta sé ekki í fyrsta sinn á síðustu vikum og mánuðum sem lögregla fær veður af einkennilegu og „gruggugu“ háttalagi mannsins í umferðinni, eins og það er orðað.

Yngri maðurinn stakk af af vettvangi en gaf sig fram síðar um kvöldið.

Sýni voru tekin úr mönnunum til að kanna hvort þeir hefðu verið allsgáðir undir stýri. Það lá ekki fyrir í gær. **stigur@frettabladid.is**

## Umferðarslys vegna kappaksturs




## „Fundist vera minna um þetta í sumar“

Slysið á Hafnarfjarðarvegi í gær var það þriðja í kjölfar kappaksturs á stuttum tíma. Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir lögregluna vinna stöðugt að því að koma í veg fyrir hegðun af þessu tagi.

„Almennt getur svona aksturshegðun þar sem menn nota ökutæki til að etja kappi haft skelfilegar afleiðingar, eins og dæmin hafa sannað, en við höfum nú talað um að okkur hafi fundist vera minna um þetta í sumar en undanfarin ár,“ segir Guðbrandur.

Hann segir að lögreglan sé farin að nota ómerkta bíla í auknum mæli til að ná í skottið á ökuníðingum. Oftsinnis gerist það að menn hægi á sér þegar þeir sjái merktan lögreglubíl en gefi svo rækilega í þegar framhjá honum er komið. Þá bíði þeirra hins vegar stundum ómerktur lögreglubíll spölkorn frá.

Um 300 manns flugu fyrir helgi til Þýskalands til að fagna árshátíð Deloitte:

# Með fimm vélum til Heidelberg

**FÓLK** „Það hefur ekki gengið illa hjá okkur,“ segir Þorvarður Gunnarsson, forstjóri endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte, nýkominn heim frá Heidelberg í Þýskalandi þar sem hann fagnaði um helgina árshátíð ásamt starfsmönnum sínum og mökum þeirra.

Alls fór um 300 manna hópur með áætlunarflugi til Frankfurt og þaðan með rútu suður til Heidelberg. „Við dreifðum okkur á fimm flugvélar í öryggisskyni eins og reglur Deloitte á alþjóðavísu gera ráð fyrir,“ segir Þorvarður. Ferðakostnaðinum hafi verið skipt á milli fyrirtækisins og ferðalanganna sjálfra.

Hann segir að það hafi verið venja hjá fyrirtækinu að fara í starfsmannaferð sem þessa á þriggja ára fresti til að hrista hópinn saman og engin ástæða hafi þótt til að breyta út af þeirri venju þrátt fyrir að viðhorf fólks til ferða af þessu tagi hafi breyst umtalsvert eftir hrun.

Þorvarður segir ferðina enda ekki hafa verið neina bruðlferð eins og þær sem kenndar eru við árið 2007. „Alls ekki – síður en svo. Við hjá Deloitte höfum alltaf reynt að gera hlutina á eins hagkvæman og ódýran hátt og hægt er,“ segir hann. „Og við ætlum að halda áfram að reyna að gera þetta á þriggja ára fresti.“ **- sh**



**FALLEG BORG** Í Heidelberg fór hópurinn í skoðunarferðir og gerði sér glaðan dag. NORDICPHOTOS/GETTY




## Volkswagen Passat ber höfuð og herðar yfir aðra bíla

Á Passat EcoFuel ekur þú um á íslenskri orku. EcoFuel tæknin er sérhönnuð fyrir nýtingu á metangasi með fullri verksmiðjuábyrgð og þú getur sparað allt að 50% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Hámarksdrægni er 880 km samanlagt á metangasi og bensíni. Með notkun metans á enginn $CO_2$ umframútblástur sér stað. Metanbílar fá ókeypis bílastæði í Reykjavík.

Félag íslenskra bílablaðamanna hefur valið Volkswagen Passat EcoFuel bíl ársins á Íslandi.

**Passat kostar aðeins frá**

**4.290.000 kr.**

**Das Auto.**

Fæst einnig með hagkvæmum bensín- og dísilvélum

**Reynslan er góð!**

HEKLA

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

Ræðum saman heima:
Uppeldisaðferðir foreldra og velferð barna og unglinga

MENNTAVÍSINDASVIÐ



Örnámskeið fyrir foreldra
Miðvikudaginn 7. september kl. 20–22
Menntavísindasvið við Stakkahlíð, stofa H-101

Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor heldur örnámskeið um samskipti foreldra og barna. Áhersla verður lögð á þroska barna, velferð í tengslum við vímuefnaneyslu og nám og hvernig vinna eigi með ágreiningsmál.

Menntavísindasvið býður upp á örnámskeið fyrir foreldra öll miðvikudagskvöld í september.

14. sept. » Hver eru raunveruleg áhrif tónlistarnáms á heilann?
21. sept. » Í átt að aukinni hollustu – börnum komið á bragðið
28. sept. » Hvers konar menntun í skólum stuðlar að sjálfbærri samfélagi?

Sjá nánar á **menntа.hi.is**

**Allir velkomnir og ókeypis aðgangur**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ
1911–2011




INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.
vísir

Allsherjarverkfall á Ítalíu gegn aðhaldsáformum stjórnar Silvio Berlusconi:

# Óvíst um samþykki þingsins

**ÍTALÍA, AP** Mannlíf á Ítalíu lamaðist að mestu í gær þegar efnt var til allsherjarverkfalls um land allt.

Landsmenn vildu með þessu mótmæla ströngum aðhaldsaðgerðum stjórnvalda. Um leið var settur þrýstingur á stjórn Silvio Berlusconi, sem þarf að sannfæra taugaóstyrka markaði um að hún geti náð tökum á skuldavanda ríkisins.

Stjórnin er engan veginn örugg um að meirihluti sé á þingi fyrir aðhaldsaðgerðunum, en sagðist í gær ætla að láta þingmenn jafnframt greiða atkvæði um stuðningsyfirlýsingu við stjórnina þegar aðhaldsfrumvarpið verður borið undir atkvæði á þinginu.

Mestallar samgöngur, jafnt á landi sem á sjó og í lofti lágu niðri í gær, auk þess sem framleiðsla flestra fyrirtækja stöðvaðist og ríkisstofnanir voru að miklu leyti lokaðar.

„Við erum í verkfalli gegn aðgerðum sem er ranglátar," sagði Susanna Camusson, leiðtogi verkalýðsfélagsins CGIL. „Við erum í verkfalli gegn aðgerðum sem eru ábyrgðarlausar og setja allar byrðarnar á starfsfólk í opinbera geiranum."


**MÓTMÆLI Í RÓM** Mótmælendurnir segja sparnaðaraðgerðir stjórnarinnar ranglátar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðhaldsaðgerðirnar, sem stjórnin hefur boðað, hafa sætt mikilli gagnrýni og óvissa ríkir um hvort þær nægja til að ná tökum á skuldavandanum. **- gb**

# Ekki boðið upp á iðjuleysi í Skálholti

## Nýr vígslubiskup í Skálholti segir breytingar verða á embættinu. Vígslubiskupar munu leiða aukið samstarf innan kirkjunnar. Dásamlegt að flytja í Skálholt.

**TRÚMÁL** Verkefni nýs vígslubiskups í Skálholti, séra Kristjáns Vals Ingólfssonar, verða í meiri tengslum við samfélagið heldur en störf vígslubiskupa hafa verið hingað til.

„Nú stendur yfir endurskoðun á lögum um þjóðkirkjuna og þar er komið inn á ýmsar breytingar sem hafa eðlilega í för með sér að embætti biskups og vígslubiskupa fá umfjöllun með sama hætti. Ég er í þessari nefnd og þess vegna hefur þetta verið mér hugleikið, óháð því hvort ég er að fara í þetta embætti eða ekki," segir Kristján Valur.

Hlutverk vígslubiskupa nú er fyrst og fremst að aðstoða biskup Íslands, að sögn Kristjáns Vals. „Þeir eru varamenn hans ef hann forfallast og venjan er sú að sá sem er eldri í embætti verði settur biskup Íslands tímabundið. Þetta eru fyrstu skyldurnar. Síðan halda vígslubiskupar utan um starfsemi dómkirknanna á Hólum og í Skálholti auk þess sem þeir eru kallaðir til þegar deilumál koma upp milli prests og starfsfólks. Vígslubiskupar eru að vissu leyti eins og stækkuð mynd af prófasti. Síðan hafa þeir frumkvæði að því að fylgjast með og styðja starfsemi heima í sóknunum."

Kristján Valur segir að í tengslum við endurskoðunina á lögum um þjóðkirkjuna fari fram mikil umræða um aukið samstarf og sérstök samstarfssvæði. „Framvegis þarf ekki hver prestur fyrir sig að kunna allt best sjálfur. Einn er kannski betri í æskulýðsstarfi og annar í öldrunarstarfi og þess háttar. Prófastar munu koma meira að skipulagningu samstarfs þeirra og vígslubiskupar myndu svo leiða þessa starfsemi í meiri mæli. Núna eru vígslubiskupar fyrst og fremst á hinu andlega sviði við að hugsa um trúna og kirkjuna. Þeir koma lítið að stjórnsýslu kirkjunnar. En kirkjan er ekki bara stofnun heldur trúfélag og þannig mun það alltaf verða."


**NÝKJÖRINN VÍGSLUBISKUP** Kristján Valur Ingólfsson segir það spennandi að fá að taka þátt í kirkju- og menningarlífinu í Skálholti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Framvegis þarf ekki hver prestur fyrir sig að kunna allt best sjálfur. Einn er kannski betri í æskulýðsstarfi og annar í öldrunarstarfi og þess háttar.
>
> **KRISTJÁN VALUR INGÓLFSSON**
> VÍGSLUBISKUP Í SKÁLHOLTI

Væntanlegur vígslubiskup, sem var rektor Skálholtsskóla um sjö ára skeið, segir að ekki verði boðið upp á neitt iðjuleysi í Skálholti, eins og hann orðar það. „Það er stundum sagt að vígslubiskupar geri ekki neitt. Það getur vel verið að það sé hægt að leggjast undir sæng en sá sem lítur út í Skálholti sér að hann hefur nóg að gera. Það verður dásamlegt að flytja þangað aftur. Þetta eru allt vinir okkar þarna fyrir austan. Kirkjulífið og menningarlífið er öflugt og það verður spennandi að mega taka þátt í því." **ibs@frettabladid.is**

Ráðstefna um fjármálalæsi Þjóðmenningarhúsinu,
9. september 2011 kl 9:15 – 14:30



Fjármálablinda
- þörf á framtíðarsýn

Átak um bætta fjármálavitund í samfélaginu.
Finnum leiðir til að efla fjármálalæsi á Íslandi.

Á meðal fyrirlesara er dr. Adele Atkinson, einn helsti sérfræðingur heims um fjármálalæsi.

Ráðstefnan er öllum opin og er aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig með tölvupósti á netfangið skraningar@ru.is.

**Sjá nánari upplýsingar og dagskrá á www.fé.is**

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
SI
Samtök atvinnulífsins
Arion banki
Íbúðalánasjóður
Stofnun um fjármálalæsi

# Besta ráðstefnan er á föstudaginn!

//09.09.2011



## Einn heimur, einn leikur: EVE Online + Dust 514

## Vinnuferlar, gildi og starfsandi hjá Facebook



**Verslun & viðskipti** • Öruggar greiðslur á ferðinni • Vefverslun 101 • Rafrænir vinnustaðir • Microsoft Dynamics NAV • Microsoft ERP • Microsoft Dynamics AX Retail • LS Retail og CRM • Webmethods • **Samskiptalausnir** • Stjórnun viðskiptatengsla • Aðgengi að þekkingu, upplýsingum og skjölum • Tíma-og árangursstjórnun með Microsoft Office • SharePoint • Lync • Farsímavefir • Vefþjónustulag • Apps fyrir snjallsíma • **Stjórnendalína** • Mótun tæknistefnu • EMC • SAP Business Objects • Targit og CALM • Oracle GRC • Alcoa og viðskiptagreind • Mannauðsvöruhús LSH • Gögn og grafík • **Bland í poka** • Góðkunningjar lögreglunnar • Viðhorf starfsfólks til vinnuveitenda • Decision Theory • Kafbáturinn Freyja • Skrifstofan í skýinu • Office 365 • Öruggar töflur • iPad- og Android þróun • Upplýsingaleki • Hönnun • Opinn hugbúnaður • **Rafræn stjórnsýsla** • Rafrænar undirritanir skjala • Sparað með Ísland.is • Markvisst ráðningarferli • Umsókna- og ráðningakerfi • Rafrænir innkaupasamningar • Rafrænar kosningar • Samvirkni í þjónustu • Rafrænt viðskiptaumhverfi LSH • Afstemming í ORRA • Oracle verkefnastjórnun og verkbókhald • **Rekstur & öryggi** • Microsoft System Center • Websense • Örugg auðkenning • Útvistun • Gagnageymslur • Tölvuský • VMware Cloud Infrastructure • Örugg skjöl • Dulritun skjala • Með höfuðið í skýjunum

## Skráðu þig strrrax á skyrr.is

<Haustráðstefna>
SKÝRR
Velkomin

Föstudaginn 9. september 2011 á Hótel Hilton

# Áfallahjálp í Office 1 vegna verslunarstjóra

**Tveir verslunarstjórar og næturvörður voru reknir frá Office 1 á þessu ári vegna þjófnaðar segir forstjóri. Nú sé mun betur fylgst með starfsfólki. Persónuvernd segir að ekki hafi mátt nafngreina næturvörðinn í fjöldapósti til starfsmanna.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er hálfpartinn eins og að takast á við dauðsfall í fjölskyldunni,“ lýsir Kjartan Örn Sigurðsson, forstjóri Office 1, áhrifum þess að samstarfsmaður til margra ára var rekinn vegna stórfellds þjófnaðar.

Tveir verslunarstjórar hjá Office 1 hafa verið látnir hætta á þessu ári vegna þess að þeir stálu samtals tugmilljónum króna frá fyrirtækinu að sögn Kjartans. Annar þeirra hefur viðurkennt þjófnað en hinn segist saklaus. Bæði þessi mál voru kærð til lögreglu þar sem þau eru í rannsókn.

Að sögn forstjórans er í öðru tilfellinu um að ræða mjög alvarleg auðgunarbrot. Í því máli liggi játningin fyrir. „Það var svo mikill vinur og félagi starfsfólksins að þegar það mál kom upp þá varð að kalla til sálfræðinga. Þegar svona mikill trúnaðarbrestur verður milli einstaklinga getur það haft miklu víðtækari áhrif en að starfsmanni sé einfaldlega sagt upp og lífið haldi áfram eins og frá var horfið,“ segir Kjartan, sem eins og fyrr kemur fram lýsir áhrifunum eins og andláti innan fjölskyldu.

Kjartan segir miklu hafa verið breytt hjá fyrirtækinu í kjölfar þjófnaðarmálanna „Við erum búin að setja upp mjög öflugt öryggismyndavélakerfi sem er með



**KJARTAN ÖRN SIGURÐSSON** Forstjóri Egilson ehf., sem rekur Office 1, segir mikinn og þungbæran trúnaðarbrest hafa orðið þegar verslunarstjóri til margra ára varð uppvís að stórþjófnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

sívöktun starfsmanna,“ segir forstjórinn, sem kveður starfsmenn einnig hafa verið senda á námskeið um þessi mál.

Eftir að verslunarstjórarnir voru látnir taka pokana sína var næturverði sagt upp störfum vegna þjófnaðar. Næturvörðurinn viðurkenndi með skriflegri yfirlýsingu að hann hefði stolið iPodhátalara að verðmæti 27.900 krónur og samþykkti að hætta strax og afsala sér ógreiddum launum.

Kjartan skýrði öðrum starfsmönnum frá aðdragandanum að brotthvarfi næturvarðarins með fjöldapósti. Það kærði næturvörðurinn til Persónuverndar. Sagði hann meðal annars að þjófnaðurinn væri ósannaður „Þetta er mjög óþægileg staða fyrir mig,“ sagði í kæru næturvarðarins.

Persónuvernd úrskurðaði að útsending fjöldapóstsins hefði verið óheimil. Kjartan segist vitanlega munu taka mið af niðurstöðunni en honum finnist þó umhugsunarvert að samkvæmt úrskurðinum hafi verið heimilt að upplýsa alla starfsmenn um málið á starfsmannafundi en ekki með tölvupósti. gar@frettabladid.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Við hvað starfar tugþrautarmaðurinn fyrrverandi Jón Arnar Magnússon nú?*

**2** *Hvað heitir nýr vígslubiskup í Skálholti?*

**3** *Hvert er nafn hins íslenska Ópals á markaði í Danmörku?*

**SVÖR**

**1.** *Hann er kírópraktor í Kópavogi.* **2.** *Kristján Valur Ingólfsson.* **3.** *Óbal.*

Krafa í utanríkismálanefnd:

## Opnir fundir verða haldnir

**ALÞINGI Utanríkismálanefnd mun halda opna fundi um aðildarviðræður að Evrópusambandinu. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, ítrekaði kröfu sína á fundi nefndarinnar í gær. Samþykkt var að bíða eftir formanninum, Árna Þór Sigurðssyni, sem væntanlegur var til landsins í gær, og ákveða fyrsta opna fundinn í dag.**



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**

**Valgerður Bjarnadóttir, varaformaður nefndarinnar, segir sjálfsagt að verða við kröfu um opna fundi, en þeir verði ekki reglulegir heldur af ákveðnu tilefni.** - kóp

Drap að minnsta kosti þrjá:

## Skotárás á pönnukökustað

**BANDARÍKIN Byssumaður skaut þrjá til bana á pönnukökustað í Nevada í gær. Margir fleiri eru særðir og byssumaðurinn framdi sjálfsvíg eftir skotárásina.**

**Ekki var ljóst hvað lá að baki skotárásinni þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Vitni sögðu byssumanninn hafa skotið mann á mótorhjóli fyrir utan veitingahúsið International House of Pancakes í Carson City, höfuðborg Nevada-ríkis. Vopnaður riffli gekk hann svo inn á veitingahúsið og hóf skotárás. Önnur vitni herma að hann hafi síðan farið í nálæga verslunarmiðstöð og haldið áfram að skjóta. Hann skaut að lokum sjálfan sig.** - þeb

Bændasamtökin um ESB:

## Stjórnvöld skorist ekki undan

**UTANRÍKISMÁL** Rýniskýrsla Evrópusambandsins um íslenskan landbúnað sýnir að sambandið krefst þess að Ísland lagi lög, stjórnkerfi og upplýsingakerfi að landbúnaðarstefnu sinni. Þetta segja Bændasamtökin.

Slík aðlögun gengur þvert á kröfur samtakanna sem settar hafa verið fram vegna aðildarviðræðna. Samtökin segja að með tilkomu skýrslunnar geti íslensk stjórnvöld ekki lengur vikið sér undan því að setja fram skýr samningsmarkmið um landbúnaðarmál. Bændasamtökin telja að aðeins með tillögur þeirra að leiðarljósi verði hagsmuna landbúnaðarins gætt. - þeb





Fögnum saman í Ráðhúsinu

Uppskeruhátíð áheitasöfnunar verður í Ráðhúsi Reykjavíkur kl.17 í dag, miðvikudag.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Frábær árangur

Fleiri en nokkru sinni tóku þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka, eða alls 12.481. Fjöldi hlaupara sem skráðu sig á hlaupastyrkur.is og tóku þátt í áheitasöfnuninni ríflega tvöfaldaðist. Alls söfnuðust 43.654.858 kr., sem er rúmum fjórtán milljónum meira en í fyrra.

Íslandsbanki

- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-1954




**Þakstál • Þakrennur • Þakull • Rakasperruplast • Þakpappi • Þakdúkur • Bindiborði Þaksaumur • Þakskrúfur Þaksperrur og festingar • Þakkantaefni og fleira!**

## Húsasmiðjan selur íslenskt þakstál frá Límtré Vírnet.




## Húsasmiðjan selur íslenska þakull frá Steinull hf.




Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

KAUPLÁN 0% VAXTALAUST LÁN

*Nánar á husa.is*

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

***LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR**
TAXFREE og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar". enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

HÚSASMIÐJAN


Bókmenntahátíð | Dagskrá
MIÐVIKUDAGUR | 7. SEPT.
15:00 SETNING | NORRÆNA HÚSIÐ
17:00 LJÓSMYNDASÝNING NEMIROVSKY
í Borgarbókasafni Reykjavíkur
20:00 UPPLESTUR | IÐNÓ
Kristof Magnusson | Ragna Sigurðardóttir
Hallgrímur Helgason | Sara Stridsberg
Ingo Schulze
NÁNAR Á WWW.BOKMENNTAHATID.IS
Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO



GÁSKI
SJÚKRAÞJÁLFUN
Tilboð
í líkamsrækt
12 mánaða kort á
24.900 kr.
gildir til 30. sept. 2011
Frír tími með sjúkraþjálfara
sem setur upp æfingaráætlun

Gáski sjúkraþjálfun er til
húsa á eftirfarandi stöðum:
Bolholti 8, Reykjavík
Þönglabakka 1, Reykjavík
Sími 568 9009
gaski@gaski.is
www.gaski.is



BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur
og frábær tónlist
alla virka morgna
kl. 6.50 – 9.00
Þráinn á tökkunum og
Gissur með fréttirnar


**FRÉTTASKÝRING:** Fjölgun HIV-smitaðra fíkla hér á landi

# Hröð atburðarás þegar fíklar smitast af HIV

**Hlutfall HIV-smitaðra sprautufíkla hefur hækkað gífurlega á síðustu árum. Nauðsynlegt er að lágmarka skaðann með vakningu, betra aðgengi að smokkum og hreinum nálum. Þegar fíklar fá fréttir af jákvæðum niðurstöðum búast þeir oft á tíðum við þeim.**


**SPRAUTUFÍKILL** Sprautufíklum með HIV hefur fjölgað gífurlega á síðustu árum og segir smitsjúkdómalæknir á Landspítalanum að hlutfall smitaðra sé hér á landi sé komið langt fram úr nágrannalöndunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Fjöldi HIV-smitaðra sprautufíkla hér á landi hefur margfaldast á síðustu árum. Alls hafa 55 fíkniefnaneytendur greinst með veiruna síðan árið 1985. Um 40 fíklar eru skráðir með HIV í gagnagrunni Landspítalans, en hafa ber í huga að þeir eru ekki allir virkir. Margir þeirra eru búnir að ná sér eða eru búsettir erlendis.

Alls hefur 271 einstaklingur greinst með sjúkdóminn hér á landi síðan fyrsta tilvikið greindist fyrir 26 árum síðan. Hlutfall sprautufíkla með HIV hér á landi er mun hærra en í nágrannalöndum okkar, þar sem það er oftast undir fimm prósent af sjúklingum.

Af þeim 55 sprautufíklum sem greinst hafa hér á landi, hafa 34 greinst á síðustu fjórum árum. 17 einstaklingar hafa greinst með HIV á þessu ári, þar af eru 13 fíkniefnaneytendur.

Magnús Gottfreðsson, sérfræðingur í smitsjúkdómum á Landspítalanum, segir atburðarásina sem fari af stað þegar smit kemur upp innan hóps fíkniefnaneytenda vera afar hraða.


MAGNÚS GOTTFREÐSSON

„Þetta er eitthvað sem er vel þekkt. En eins og tíðnin er orðin hér á landi þá er hún óásættanlega há," segir Magnús. „Hún er orðin langt yfir þeim mörkum sem við eigum að sætta okkur við."

**Nauðsynlegt að lágmarka skaðann**

Magnús segir afar mikilvægt að lágmarka skaðann í samfélaginu og gæta þess að veiran breiðist sem minnst út. HIV sé sjúkdómur sem einskorðast ekki við þann einstakling sem er haldinn honum, heldur er veiran möguleg lýðheilsuvá, líkt og aðrir sjúkdómar sem smitast auðveldlega. Afar mikilvægt er fyrir þá einstaklinga sem hafa smitast að þeir geri sér fyllilega grein fyrir aðstæðum og lifi ábyrgu kynlífi, því HIV er fyrst og fremst skilgreint sem kynsjúkdómur.

„Það þarf að lágmarka skaðann eftir fremsta megni. Því er nauðsynlegt að stunda öflugar forvarnir sem koma að þessum málum og bæta aðgengi fólks að smokkum og hreinum nálum," segir Magnús. „Það er algjörlega galið að aðgengi að smokkum sé jafn lítið og það er hér á landi og innflutningstollar séu svona háir."

HIV-smitaðir einstaklingar hafa setið í fangelsum hér á landi, þó er ekki vitað til þess að smit hafi breiðst út meðal fanga. Magnús ítrekar að það sé nauðsynlegt að bæta aðgengi að smokkum og nálum innan veggja fangelsa sem og annars staðar.

„Fíkniefnaneysla er staðreynd í fangelsum og af henni getur skapast veruleg hætta. Og fólk hættir ekki að lifa kynlífi þótt það sé í fangelsi."

> Fíkniefnaneysla er staðreynd í fangelsum og af henni getur skapast veruleg hætta. Og fólk hættir ekki að lifa kynlífi þótt það sé í fangelsi.
>
> MAGNÚS GOTTFREÐSSON
> SÉRFRÆÐINGUR Í SMITSJÚKDÓMUM Á LANDSPÍTALANUM

**Rakning vandasöm meðal fíkla**

Magnús bendir á að rakning smitleiða HIV geti verið mjög vandasöm þegar fíklar eru annars vegar. Þeir séu oft á tíðum ekki vakandi yfir því með hverjum þeir stundi kynlíf eða deila nálum. Lagaskylda ríki hjá læknum að reyna að rekja smitleiðir með því að fá nöfn rekkjunauta og láta þá viðkomandi vita, sé möguleiki á því. Þó sé algengt að læknar fái einungis uppgefin gælunöfn hjá þeim sem greinst hafa, ef nöfn fást þá á annað borð.

„Það þarf að byggja upp varnargarð í heilbrigðiskerfinu þannig að vandamálið breiðist ekki út meira en nú þegar hefur gerst," segir hann.

**Afar kostnaðarsamt fyrir kerfið**

Talið er að hver HIV-smitaður einstaklingur kosti heilbrigðiskerfið um 160 milljónir króna að meðaltali. Sé einungis horft á lyfjakostnað fyrir hvern einstakling hér á landi nemur hann að lágmarki á bilinu 150 til 200 þúsund krónum á mánuði, en getur hæglega orðið tvöfalt hærri. Ársmeðferð, með rannsóknarkostnaði getur farið upp í fimm milljónir króna fyrir hvern sjúkling.

„Þessar 160 milljónir er viðmiðunartala hér og á Norðurlöndunum. Sumir sjúklingar hafa minni kostnað í för með sér, aðrir meiri. Það fer allt eftir því hversu dýr lyfin eru og hversu lengi þau eru tekin."

**Góðar ævilíkur**

Miklar framfarir hafa orðið í lyfjagjöf við HIV á síðustu 15 árum. Ef fólk er greint snemma eru ævilíkur þess oft á tíðum afar svipaðar og hjá heilbrigðum einstaklingi. Það fer þó allt eftir því hvort lyfjagjöf gangi vel og einstaklingurinn stundi fulla meðferð.

Nokkuð viðtekið er að sjúklingar eigi að hefja lyfjameðferð sem fyrst. Magnús segir góðan árangur hafa hlotist af slíku, en komi miklar aukaverkanir í ljós þurfi hugsanlega að endurskoða lyfjagjöfina.

„Ævilíkur eru orðnar mjög góðar. Nýjustu rannsóknir sýna að væntar ævilíkur eru svipaðar og hjá fólki sem ekki er smitað. Lyfin eru orðin það öflug, ef maður hittir á réttu lyfjasamsetninguna, þá er hægt að halda veirunni niðri," segir hann. „Það eru fjölmargir einstaklingar hér á landi sem eru með HIV og lifa venjulegu lífi; stunda vinnu af fullum krafti, eru í námi og eiga fjölskyldur. En það er algjört lykilatriði að koma fólki í meðferð sem fyrst."



Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is


### Hvað þarf til að hefta útbreiðslu HIV?

- Bæta aðgengi fíkla að ókeypis sprautum og nálum. Einnig þarf að bæta aðgengi þeirra að félags- og heilbrigðisþjónustu.
- Auka fræðslu um gagnsemi smokka og auka aðgengi að þeim án endurgjalds.
- Auka árvekni lækna og hvetja þá til að taka oftar próf hjá skjólstæðingum sínum. Prófa ætti alla fíkla, þá sem lifa óvörðu kynlífi og þá sem eru í fangelsum.
- Draga úr smithættu með réttri lyfjameðferð.
- Sporna gegn misnotkun örvandi lyfja eins og rítalíns og skyldra lyfja.

### Víman deyfir viðbrögð við fregnunum

Bryndís Sigurðardóttir, smitsjúkdómalæknir á Landspítalanum, segir afar algengt að þegar fíklar fái fyrstu fréttir um jákvæða niðurstöðu við HIV, séu þeir svo tilfinningalega dofnir að þeir sýni engin viðbrögð.

„Þau eru mjög oft í vímu þegar þau fá niðurstöðurnar kynntar, sýna fregnunum því afar lítil viðbrögð og segjast oftar en ekki hafa búist við þessu," segir Bryndís og bætir við að það sé mikill munur á því að tilkynna fíkli að hann sé smitaður af HIV og einstaklingi sem ekki eigi við fíkniefnavanda að stríða. „Þá koma fram gríðarlegar tilfinningasveiflur, grátur og margar spurningar. Þeir sem eru undir áhrifum lyfja vilja oft ekki vita meira og vonast til þess að heilbrigðisyfirvöld sjái bara um þá."

Afar erfitt getur reynst að ná fíkniefnaneytendur í lyfjameðferð við veirunni, en fólk þarf að koma í reglulegt eftirlit og taka lyf á hverjum einasta degi, ferli sem hefst oft strax eftir greiningu. Bryndís segir algengt að fólk sem á við fíkniefnavanda að stríða útskrifi sig af göngudeild löngu áður en það er tímabært, til þess að ná sér í fíkniefni.

„Þau vilja flest læknast af fíkninni og það er afar mikilvægt að lækna hana áður en það er ráðist í lyfjameðferð gegn HIV. Margir hverjir hverfa alveg eftir fyrstu greiningu og það getur reynst afar erfitt að ná sambandi við þá á ný," segir Bryndís og tekur undir með Magnúsi Gottfreðssyni að bráðnauðsynlegt sé að bæta aðgengi að smokkum og hreinum nálum í landinu.

# Gerið gæða- og verðsamanburð



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

## NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM

### IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið
Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak
Betri öndun
Til í öllum algengustu rúmstærðunum

NÝ DÝNA
### FREYJA, SAGA OG ÞÓR
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



**Verðdæmi:**
FREYJA / SAGA Queen rúm **129.900**
ÞÓR Queen rúm **149.900**



### BOARD S-CAPE
WALLHUGGER
dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

## Tilboð í september
**35% afsláttur**
af stóra hægindasófasettinu
fæst í dökku og ljósu leðri



2 og 3 sæta
verð áður 399.800
**settið nú á 259.870**

2755

### ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA




Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.

### Mikið úrval af svefnsófum






Svefn & heilsa ★★★★★
www.svefn.is




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.




ldið skiptir öllu máli

Á Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra bjóðum við upp á 56 klukkustundir* af skemmtun á hverjum sólarhring þar sem gæði, fjölbreytni og metnaður fer saman. Þú getur valið um að horfa á framúrskarandi innlent efni, vinsælustu erlendu þættina, margverðlaunaða gæðaþætti eða vandað talsett barnaefni – að ógleymdu úrvali kvikmynda í hverjum mánuði. **Geri aðrir betur!**

*Lengd útsendingar í klukkutímum - Meðaltal á dag í viku 34 2011

**TILBOÐ**
Nýttu þér tilboðin í Stöð 2 Vild og þú getur sparað þér andvirði áskriftar að Stöð 2.

**PUNKTASÖFNUN**
Fyrir alla áskrifendur.

**FYLGISTÖÐVAR**
Stöð 2 Plús, Stöð 2 Extra og Stöð 2 Bíó fylgja áskrift að Stöð 2.

**AFSLÁTTUR**
Allt að 30% afsláttur af áskrift.

**Þú færð meira**
**fyrir peningana** með áskrift að Stöð 2 því Stöð 2 Extra, Stöð 2 Bíó og plúsrásirnar fylgja frítt með fyrir aðeins
**237 kr. á dag**

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Spurt og svarað um Evrópumál:

## Aðlögunar-áætlunin

Andstæðingar þess að Íslendingar fái að kjósa um aðildarsamning við Evrópusambandið í þjóðaratkvæðagreiðslu gera nú mikið úr því að ESB hafi sett skilyrði fyrir því að hægt sé að fara að ræða landbúnaðarmál í aðildarviðræðunum.

Hvaða skilyrði eru það? Jú, að Ísland leggi fram tímasetta áætlun um hvernig það hyggst uppfylla kröfur Evrópusambandsins um m.a. stjórnsýslu landbúnaðarmála og breytingar á löggjöf, fari svo að þjóðin segi já við aðildarsamningi.

SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Af hverju eru þessi skilyrði sett? Vegna þess að Ísland lýsti yfir að það hygðist ekki byrja að laga stjórnsýslu, löggjöf og stofnanir sínar að regluverki ESB fyrr en eftir þjóðaratkvæðagreiðslu, færi svo að þjóðin segði já. Í rýniskýrslu sinni um landbúnað gerir Evrópusambandið engar athugasemdir við þessa aðferðafræði íslenzkra stjórnvalda, þótt hún sé frábrugðin því sem gerzt hefur í öllum öðrum ríkjum sem sótt hafa um aðild.

Af hverju kemst Ísland upp með þetta? Eina ástæðan fyrir því er að íslenzk löggjöf, stofnanir og stjórnsýsla eru nú þegar mjög vel aðlagaðar regluverki ESB vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Það sem á eftir að gera, komi til ESB-aðildar, er algjörir smámunir miðað við aðlögun undanfarinna sextán ára. Ísland er reyndar einna stytzt komið í aðlögun á sviði landbúnaðar, en það hjálpar þó heilmikið til að Alþingi skyldi í desember 2009 samþykkja frumvarp Jóns Bjarnasonar landbúnaðarráðherra um að taka upp stóran hluta af matvælalöggjöf Evrópusambandsins, sem gerbreytir öllu regluverki á sviði matvælaöryggis.

Af hverju vill ESB sjá áætlunina áður en viðræður um landbúnaðarmálin hefjast? Það er vegna þess að ekki er hægt að ljúka samningaviðræðum við ríki nema aðildarríki ESB hafi fyrir því vissu að þau geti uppfyllt aðildarskilyrðin. Þannig að þótt ESB sætti sig við að Ísland ætli ekki að aðlaga löggjöf sína og stofnanir fyrr en á milli þjóðaratkvæðagreiðslu og gildistöku aðildar, segi þjóðin já, vill það fá að sjá hvernig á að fara að því að gera breytingarnar á svo skömmum tíma.

Þýðir þetta að Ísland þurfi að hefja aðlögunina á sama tíma og verið er að vinna að aðildarsamningi, eins og Bændasamtökin halda fram? Nei, Ísland þarf eingöngu að sýna fram á að það sé fært um að aðlaga landbúnaðarkerfi sitt því sem gerist í ESB.

Þýðir þetta að Íslendingar fái engar sérlausnir í landbúnaði í samningum við ESB? Nei, þvert á móti er sérstaða Íslands viðurkennd og tíunduð bæði í bréfi ráðherraráðs ESB og í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar.

Af hverju vill Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra þá ekki byrja að vinna að áætluninni um hvernig aðlögun verður hrundið í framkvæmd? Af því að hann vill þvælast fyrir aðildarferlinu eins og hann mögulega getur, þrátt fyrir samþykkt Alþingis um aðildarumsókn og ákvæði í stjórnarsáttmálanum um að þjóðin fái að taka ákvörðun um ESB-aðild. Hann er á móti því.

Af hverju er Jón Bjarnason enn í ríkisstjórninni? Svarið við því liggur í tveimur tölum; 32:31.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Úthaldsleysið**

Þórunn Sveinbjarnardóttir er orðin frjáls kona, að eigin sögn. Af því tilefni fór hún í viðtal við Kastljósið og fór yfir stjórnmálin, ekki síst samstarf Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Þórunn velti upp þeirri spurningu hvort allir innan Vinstri grænna hefðu úthald og þolinmæði til að klára kjörtímabilið í samstarfi við Samfylkinguna. Þetta eru athyglisverð orð, ekki síst í ljósi þess að Þórunn Sveinbjarnardóttir sjálf hafði ekki úthald eða þolinmæði til að klára það fjögurra ára kjörtímabil sem hún var kjörin til fyrir tveimur árum. Að brigsla öðrum um úthaldsleysi við þær aðstæður er því nokkuð sérstakt.



**Framsóknarútrásin**

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, telur að nýr forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Christine Lagarde, sé Framsóknarkona. Lagarde vill nefnilega skapa störf og draga úr skuldum. Að það sé framsóknarmennska eru hins vegar ný tíðindi.



**Hið illa aðhald**

Lilju Mósesdóttur er illa við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eins og mörgum sem eru ósammála aðhaldssamri stefnu sjóðsins í opinberum fjármálum. Í umræðum á Alþingi tengdi Lilja tillögu um skuldaþak á sveitarfélög stefnu sjóðsins. Það væri ófært að sett yrði þak á skuldsetningu sveitarfélaga. Víða í nágrannalöndum okkar er þó slíkt skuldaþak að finna, enda hefur það ekki endilega reynst öllum kjörnum fulltrúum vel að geta skuldsett sveitarfélög óheft. Aðhald þarf nefnilega ekki að vera af hinu illa.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Verðmæti í skapandi hugsun

Hugverkaiðnaður



**Magnús Orri Schram**

alþingismaður

Danir hafa náð mjög langt í skapandi greinum og flytja meðal annars út tískuvörur fyrir 527 milljarða íslenskra króna á ári hverju. Við Íslendingar flytjum út tískufatnað fyrir um 3,1 milljarð á ári, en ef við myndum vilja vera á pari við Dani miðað við höfðatölu, ættum við að flytja út tíu sinnum meira eða nær 30 milljörðum króna. Með því að gefa skapandi greinum meiri gaum og veita ungum vaxandi fyrirtækjum betra rekstrarumhverfi er allt til staðar fyrir Íslendinga til að ná mun lengra á þessu sviði.

Hugverkaiðnaður (skapandi greinar) er sá vettvangur sem flestar þjóðir telja helsta vaxtarbrodd næsta áratugar. Sérstaklega er iðnaðurinn mikilvægur fyrir Ísland enda hefur atvinnugreinin næstum ótakmarkaða vaxtarmöguleika öfugt við aðrar útflutningsgreinar okkar sem byggja á takmörkuðum auðlindum. Þessi vaxtarsproti byggir hins vegar á hugviti fólks sem nær með frjórri hugsun, góðri hönnun og ímyndunarafli að skapa mikið virði og bæta þannig arðsemi fyrirtækja, auka útflutningstekjur og fjölga vel launuðum störfum sem eru eftirsótt hjá ungu fólki.

> Hugverkaiðnaður (skapandi greinar) er sá vettvangur sem flestar þjóðir telja helsta vaxtarbrodd næsta áratugar.

Á Íslandi starfa um 1.500 vel menntaðir hönnuðir og arkitektar. Það þarf að nýta þekkingu þessa fólk okkar atvinnulífi til framdráttar og skapa fyrirtækjum í þessum geira öruggt og gott rekstrarumhverfi. Þess vegna telur Samfylkingin það lykilatriði að sótt sé um aðild að Evrópusambandinu til að losa fyrirtækin undan sveiflukenndum, ótraustum gjaldmiðli og bæta aðgengi að mörkuðum. Það er erfitt fyrir lítil fyrirtæki að reka útflutningsstarfsemi með veikan gjaldmiðil, gjaldeyrishöft og innan tollmúra. Þannig dregur krónan úr samkeppnishæfni þessara fyrirtækja og hár fjármagnskostnaður getur kæft góðar viðskiptahugmyndir.

Stjórnmálamenn eiga að einhenda sér í að skapa þessum geira góðan aðbúnað svo að styrkja megi helsta vaxtarsprota íslensks útflutnings. Skapandi greinar snúast ekki bara um fagurfræði heldur líka hagfræði.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Góður árangur og sóknarfæri Íslands

Efnahagsmál

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Hvert sem litið er blasa við skýr merki þess að Ísland er hröðum skrefum að vinna sig úr hruninu. Hagvöxtur er hafinn og vaxandi bjartsýni gætir í spám helstu greiningaraðila um hagvöxt næstu ára. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs bjó aðeins eitt land innan OECD við meiri hagvöxt en Ísland og ýmislegt bendir til þess að hagvöxtur ársins 2011 kunni að vera vanmetinn. Störfum fjölgar á ný og það dregur úr atvinnuleysi, en miðað við tölur í júlí hefur það ekki verið lægra síðan í desember 2008. Kaupmáttur launa hefur ekki verið hærri frá hruni og kaupmáttur lægstu launa hefur hækkað hlutfallslega mest þannig að jöfnuður í tekjuskiptingu hefur aukist. Þessar staðreyndir eru ótvíræður vitnisburður um að við Íslendingar erum á réttri leið.

### Árangursrík framkvæmd efnahagsáætlunar

Ríkisstjórnin hefur frá upphafi fylgt skýrri stefnu í efnahagsmálum. Árangur hennar hefur verið staðfestur með lokaafgreiðslu og umsögn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hana. Þar kemur fram að öll efnahagsleg markmið hafa náðst s.s. hvað varðar efnahagslegan stöðugleika, aðlögun ríkisfjármála, endurreisn fjármálakerfisins, opinberar skuldir og stöðugt gengi. Við erum komin lengra á veg en flestar aðrar þjóðir sem glíma við afleiðingar efnahagshruns. Ótrúlegur árangur hefur náðst í ríkisfjármálum og hallinn lækkað úr 215 milljörðum króna árið 2008 í um 18 milljarða króna á næsta ári. Umsnúningurinn svarar til allra útgjalda til mennta-, menningar-, félags- og tryggingarmála á þessu ári.

### Skuldir heimila og fyrirtækja lækkaðar

Nú er svo komið að um þriðjungur vaxta sem heimilin greiða af íbúðalánum er endurgreiddur með vaxtabótum og vaxtaniðurgreiðslum. Einnig hefur verið ráðist í víðtækar aðgerðir til handa of skuldsettum heimilum og hafa skuldir heimilanna verið lækkaðar um ríflega 144 milljarða króna. Lánastofnanir gera ráð fyrir að úrvinnslu þessara mála verði lokið fyrir áramót og má reikna með að skuldir muni þá lækka um 30 milljarða króna til viðbótar. Í heild munu skuldir heimila því lækka um hartnær 200 milljarða króna. Sérstakt samkomulag var einnig gert um endurskipulagningu skulda lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Það verkefni er á áætlun og verður því einnig lokið fyrir áramót.

> Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs bjó aðeins eitt land innan OECD við meiri hagvöxt en Ísland og ýmislegt bendir til þess að hagvöxtur ársins 2011 kunni að vera vanmetinn. Störfum fjölgar á ný og það dregur úr atvinnuleysi, en miðað við tölur í júlí hefur það ekki verið lægra síðan í desember 2008.

### Aukin atvinna

Kjarasamningum sem gerðir voru í vor var ætlað að styðja við atvinnusköpun og kaupmáttaraukningu á næstu árum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur störfum nú fjölgað um 3.600 á tveimur árum auk þess sem þúsundir starfa hafa verið varin. Fjárfestingar fyrirtækja utan stóriðju og orkugeirans eru að glæðast og spáir Seðlabankinn að atvinnuvegafjárfestingin muni aukast um 50 milljarða króna á næstu misserum. Þrátt fyrir að svigrúm til opinberra fjárfestinga takmarkist af stöðu ríkisfjármála hefur mikilvægum verkefnum verið ýtt úr vör, m.a. í einkaframkvæmd og samvinnu við lífeyrissjóði. Stærst þeirra er bygging nýs Landspítala upp á 40 milljarða króna og fjölgun starfa um nálægt 3 þúsund. Bygging nýs fangelsis og fjárfesting í uppbyggingu hjúkrunarheimila fyrir um 5 milljarða króna munu skapa 550 störf. Þá má reikna með um 600 störfum í samgönguframkvæmdum s.s. við gerð Vaðlaheiðarganga og margvíslegar aðrar framkvæmdir eru í undirbúningi sem munu skapa ríflega 800 störf. Varið verður um 2,5 milljörðum króna til viðhaldsverkefna á vegum Fasteigna ríkissjóðs á þessu ári og átakið Allir vinna hefur verið framlengt, enda hefur það tekist einkar vel til og áætlað er að það hafi þegar skapað um 800 ný störf. Allt stefnir í að árið 2011 verði metár fyrir ferðaþjónustuna og mun 300 milljónum króna verða veitt árlega í þriggja ára átak til að efla vetrarferðaþjónustu með það að markmiði að skapa um eitt þúsund ný störf.

### Orkuauðlindir betur nýttar í þágu þjóðarinnar

Ég hef hér nefnt opinberar eða hálfopinberar framkvæmdir víða um land sem áætlað er að muni skila með beinum hætti um 7.000 nýjum störfum á næstu árum og fjölda afleiddra starfa. Eru þá ótaldar framkvæmdir í orkuverum og tengdum fjárfestingum, en reikna má með því að þar muni verða til sambærilegur fjöldi nýrra starfa.

Þingsályktunartillaga um nýtingu og vernd náttúrusvæða liggur nú fyrir. Hér er um mikilsverðan áfanga að ræða og stórt skref tekið í átt að þjóðarsátt um vernd og nýtingu mikilvægra náttúrugæða. Á grundvelli þeirrar sáttagjörðar munum við styrkja efnahagsgrundvöll okkar með sjálfbærum og arðbærum hætti.

Þá er unnið að mótun heildarstefnu í auðlindamálum og stofnun auðlindasjóðs til að tryggja hámarksarð af sameiginlegum auðlindum. Landsvirkjun hefur sett fram metnaðarfulla framtíðarsýn sem skila mun þjóðinni arði til varanlegrar velferðar. Fyrirtækið á nú í viðræðum við allnokkra hópa fjárfesta um verkefni fyrir norðan og mun verja um 2 milljörðum króna til orkurannsókna. Unnið er við byggingu Búðarhálsvirkjunar og stækkun í Straumsvík auk fjölda verkefna við uppbygginguorkufreks iðnaðar. Áhugi erlendra fjárfesta á Íslandi og eftirspurn eftir innlendri orku hefur aldrei verið meiri en nú.

### Sóknarfæri til bættra lífskjara eru á Íslandi

Þótt vandamálin séu keimlík víða um heim eru lausnir mismunandi. Hér á landi hefur verið farin leið jöfnuðar sem tryggt hefur að byrðarnar hafa verið bornar af þeim sem meira mega sín. Skattar á þá tekjulægstu hafa lækkað, lægstu laun hafa hækkað, bætur almannatrygginga hækkað og myndarlega hefur verið komið til móts við skulduga íbúðaeigendur.

Það blasir við mörgum ríkjum heims að feta erfiða braut niðurskurðar og skuldaaðlögunar sem við höfum senn lagt að baki. Við horfum til þess að hér á landi höfum við náð forskoti og það felast í því tækifæri til þess að gera Ísland samkeppnisfærara m.a. um erlenda fjárfestingu og mannauð.

Hagvöxtur ætti að geta komist á myndarlegt skrið hér fyrr en hjá öðrum þjóðum ef við höldum rétt á okkar málum. Þá lífskjarasókn sem framundan er verður að grundvalla á jafnari skiptingu tekna, samfélagslegri ábyrgð og virðingu fyrir náttúrugæðum.

Valið stendur ekki milli hagvaxtar og jöfnuðar, því jöfnuður er forsenda varanlegs hagvaxtar og samfélagslegrar sáttar.

# Vegurinn vestur – hugsum fram veginn!

Samgöngumál

Bjarni Össurarson
læknir og landeigandi í V-Barðastrandarsýslu



Ferdinand Jónsson
læknir



Allir eru sammála um að veginn vestur á firði um Austur-Barðastrandarsýslu er óviðunandi og úrbóta er þörf. Hins vegar hafa staðið deilur um hvernig leggja eigi nýjan veg og þá helst um þverun tveggja fjarða, Gufufjarðar og Djúpafjarðar. Þótt við séum ekki eiginlegir heimamenn keyrum við þessa leið oft á ári og leyfum okkur að hafa skoðun á málinu.

Í umræðum um veginn vestur er gjarnan stillt upp byggðarsjónarmiðum íbúa Vestfjarða á móti náttúruverndarsjónarmiðum. Haldið er fram að byggð á Vestfjörðum beinlínis standi og falli með þessum nýja vegi og fórnarkostnaður náttúruspjalla sé viðunandi. Við eigum ekki að falla fyrir slíkum málflutningi. Afsláttur á náttúruvernd er óviðunandi. Höfum við ekki lært neitt af mistökum eins og offari í framræslu mýra landsins? Eða þverun Gilsfjarðar? Það er mjög þreytandi þegar lítið er gert úr náttúruverndarsjónarmiðum og náttúruvísindum. Skógurinn og fuglarnir voru hér áður en við komum. Í fjörðum Vestfjarða er flókið vistkerfi þar sem haförninn trónir hæst í fæðukeðjunni – þetta eru eins rétthár ábúendur þessa lands eins og við. Lausnir í vegamálum verða að taka fullt tillit til verndar náttúru Íslands.

Fyrir utan áhrif á land og lífríki hefur lítið verið rætt það náttúruverndarsjónarmið sem er hin mikla sjónmengun sem þverun fjarða hefur í för með sér. Vestfirðirnir eru einstök náttúruparadís á ábyrgð okkar Íslendinga. Þangað sækjum við í óspillta náttúru, fegurð og hreinsun. Þessir firðir eru auðlind Vestfirðinga og allra landsmanna. Ferðamenn koma frá öllum heimshornum þar sem náttúran á hvarvetna undir högg að sækja. Ferðamennska er æ mikilvægari tekjulind Vestfirðinga og ætti að geta vaxið enn frekar. Þessu breytum við stórlega til hins verra með því að þvera firðina. Við setjum niður grjótgarða og steypu – við sjóndeildarhring blasa þá við stórkarlaleg mannvirki. Við höfum breytt náttúruupplifun ekki bara okkar heldur komandi kynslóða um ókomna tíð. Það dytti engum í hug að gera brýr yfir Gullfoss eða Dettifoss eða þvera Þingvallavatn þó að þar væru bestu vegstæðin. Sem betur fer.

Burtséð frá sjónarmiðum náttúruverndar leyfum við okkur að efast um að þverunarleiðin hefði úrslitaáhrif um byggð á Vestfjörðum eins og margir láta. Þessi lausn myndi vissulega gefa styttri veg. Því má hins vegar ná fram með því að bora stutt göng í gegnum hálsana tvo og leggja síðan góða vegi um botna fjarðanna. Vissulega er slík leið líklega dýrara í krónum dagsins talið. En við erum þrátt fyrir allt rík þjóð. Til eru mörg dæmi um að miklu efnaminni samfélög hafi lagt í mikinn kostnað til að vernda einstaka náttúru (t.d. í Tanzaníu). Það er mikilvægt að hafa í huga að við mannvirkjagerð af þessu tagi erum við að taka ákvarðanir til margra ára, hundraða ára. Við eigum að stíga hægt til jarðar og horfa fram veginn. Dýrari kosturinn í dag – í krónum talið – getur allt eins verið ódýrari þegar litið er til langs tíma. Náttúra Íslands verður illa metin til fjár en við erum sannfærðir um að frekari þverun fjarða landsins myndi reynast íslenskri þjóð dýrkeypt að lokum.




# Góðar fréttir

**Þróunarsamvinna ber ávöxt**





**Inga Dóra Pétursdóttir**
framkvæmdastýra UN Women á Íslandi

**Stefán Ingi Stefánsson**
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Er hægt að gera eitthvað til að breyta þessum heimi? Eru vandamálin ekki svo mörg og yfirþyrmandi, fátæktin og misskiptingin svo gríðarleg? Við endurteknar hörmungarfréttir utan úr heimi getur verið auðvelt að draga þá ályktun. Þá er ágætt að hafa í huga að mikill árangur hefur þegar allt kemur til alls náðst á mörgum sviðum.

Á tíu árum hefur tíðni nýrra HIV-tilfella dregist saman um fjórðung á heimsvísu. Nærri 7 milljónir manna fá auk þess reglulega lyf við alnæmi, samanborið við nokkur þúsund áður. Á fimm árum hefur dauðsföllum fækkað um 20%.

Of mikið af tölum? Hugsum í staðinn um ófríska konu sem grunar að hún sé með HIV. Hún er óttaslegin því ef hún er smituð eru verulegar líkur á að barnið hennar smitist. Auk þess veit hún að mögulega mun hún deyja frá barninu á næstu árum. Hræðileg staða? Góðu fréttirnar eru að leiðir til að draga úr líkum þess að barnið smitist eru vel þekktar.

Með því að kanna áður en að fæðingu kemur hvort ófrísk kona sé HIV-smituð er hægt að grípa til ráðstafana. Aðgengi mæðra í þróunarlöndum að þessari þjónustu hefur stóraukist og æ fleiri konur gangast undir HIV-próf – raunar fjölgaði þeim um fjórðung einungis á síðasta ári.

Árið 2005 fengu 15% af ófrískum konum með HIV þartilgerð lyf. Nokkrum árum síðar voru þær orðnar yfir 50%! Við meðferð stórdregur úr líkum á að barnið smitist, auk þess sem móðirin þarf ekki að búa við lamandi ótta um að lifa ekki af.

Það er sorglegt að nánast öll þau börn sem eru HIV-smituð fengu vírusinn frá móður sinni; á meðgöngu, í fæðingu eða með brjóstagjöf. Þessu er hins vegar hægt að breyta – og þessu er verið að breyta.

Það eru góðar fréttir.

8.000 kr. afsláttur í dag!
Ef þú ert hjá Símanum færðu Samsung Galaxy Ace snjallsíma á aðeins 46.900 kr. á miðvikudögum í september. Magnaður miðvikudagur!
Síminn
Gildir á meðan birgðir endast.



# Lady Ga Ga?

**Icesave**



**Jón Baldvin Hannibalsson**
fv. utanríkisráðherra

Ólafur Ragnar Grímsson stærir sig nú af því, að hann hafi alltaf vitað, að þrotabú LB ætti fyrir forgangskröfum (Icesave). Hann hafi m.ö.o. vitað, að skuldir óreiðumanna (eigenda LB) myndu aldrei lenda á almenningi.

Hvorugt er að vísu rétt. En trúi hann þessu sjálfur vaknar sú spurning, hvers vegna hann hafi vísað máli, sem hann vissi allan tímann að væri ekki um neitt, í þjóðaratkvæðagreiðslu. Til hvers?

Er nokkur önnur skýring en sú, að hann vildi endurreisa gengisfelldan orðstír sinn? Eftir hrun varð ekki framhjá því litið, að forsetinn hafði verið fremstur í flokki að hvetja óreiðumenn útrásarinnar til dáða sem veislustjóri þeirra og viðskiptasmyrill. Skrumræðan um viðskiptasnilli skuldakónganna var sérgrein hans.

Sem kunnugt er ber forsetinn enga ábyrgð á stjórnarathöfnum, skv. gildandi stjórnarskrá. Honum var því útlátalaust að vísa Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar með birtist hann þjóðinni í nýju ljósi. Honum tókst að slá sjálfan sig til riddara sem vörslumann almannahagsmuna. Veislustjóri útrásarinnar breyttist eins og hendi væri veifað í hugrakkan Hróa hött. Þetta var hókus-pókus, allt fyrir ekkert. „Tær snilld“, eins og annar maður komst að orði af svipuðu tilefni.

En forsetinn lætur ekki þar við sitja. Hann brigslar ríkisstjórninni um landráð, hvorki meira né minna. Með því að semja um Icesave – beygja sig fyrir fáránlegum kröfum og ofbeldi Breta og Hollendinga, eins og hann kallar það – hafi ríkisstjórnin brugðist þjóðarhagsmunum. Ísland er eina ríkið í heiminum, svo mér sé kunnugt um, þar sem forseti ríkisins getur brigslað sitjandi ríkisstjórn um landráð, án þess að það gerist nokkuð. Engin viðbrögð. Hvurnig er það – tekur enginn mark á forsetanum?

Frá upphafi var um tvær leiðir að velja til að leysa Icesave-deiluna: Samningaleið eða dómstólaleið. Samningaleiðinni var hafnað – að frumkvæði forsetans – en dómstólaleiðinni hefur ekki verið lokað. ESA (Eftirlitsstofnun EFTA) hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sú ákvörðun íslenskra stjórnvalda að tryggja allar innistæður í íslenskum bönkum og útibúum – en ekki útibúum í útlöndum – sé ólögmæt.

Staðfesti EFTA-dómstóllinn þessa niðurstöðu er greið leið fyrir tjónþola að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Þá gætum við ekki borið fyrir okkur samninga um hámarksinnistæður, lægstu vexti og bestu kjör. Þá verða settar fram ýtrustu kröfur um fullar bætur, hæstu vexti og enga greiðslufresti. Þá kann að vakna fyrir alvöru spurningin um, hverjir hafi brugðist þjóðarhagsmunum: Þeir sem höfnuðu samningaleiðinni og opnuðu fyrir dómstólaleiðina – eða hinir? Hvar verður Hrói höttur þá?

Á Íslandsdeginum í Tallinn um daginn flutti forsetinn eina af þessum skrumræðum sínum um ágæti Íslendinga (les: eigið ágæti), sem telst vera orðin hans sérgrein – óminnugur orða Snorra um, að oflof er háð. Áður en forsetinn flutti ræðuna hafði eistneski utanríkisráðherrann á orði, að dætur hans ungar væru í sjöunda himni, af því að þeim hefði hlotnast sú náð að taka í höndina á átrúnaðargoði sínu – poppstjörnu, sem væri þekkt sem hin eistneska „Lady Ga Ga“. Nærstaddur landi vor, sem heyrði þetta, missti þá út úr sér: Helduðu að þær verði nokkuð minna upp með sér af því að fá að taka í höndina á okkar íslenska „President Ga Ga“?

Það er ekki í lagi, að forseti sem enga ábyrgð ber á stjórnarathöfnum, brigsli þeim ráðherrum, sem axla alla ábyrgðina, um landráð – án þess að það kalli á nokkur viðbrögð. Íslendingar eiga að vísu að vita um ábyrgðarleysi forsetans og geta þess vegna látið eins og orð hans séu ábyrgðarlaust blaður. Öðru máli gegnir um útlendinga. Þeir vita margir hverjir ekki betur en, að forsetinn sé æðsti valdamaður þjóðarinnar og að hann tali fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Sá misskilningur getur reynst þjóðinni dýr, þegar milliríkjasamningar,

> Ríkisstjórn Íslands getur ekki látið svikabrigsl forsetans eins og vind um eyru þjóta.

sem varða brýnustu þjóðarhagsmuni, eru í húfi. Lítt dulin andúð forsetans á Evrópusambandinu og flestu sem því viðkemur, er t.d. þegar orðið milliríkjavandamál. Það fer t.d. ekki framhjá neinum, þegar forseti landsins brigslar Norðurlandaþjóðum og Pólverjum – sem redduðu okkur eftir gjaldþrot seðlabankans – um fjandskap. Þvílík ósvífni.

Ríkisstjórn Íslands getur ekki látið svikabrigsl forsetans eins og vind um eyru þjóta. Ef forsetinn sér ekki sjálfur sóma sinn í að gæta tungu sinnar, geta ábyrgir stjórnmálaleiðtogar – eins og ráðherrar utanríkis- og ríkisfjármála – ekki lengur leyft sér að láta hjá líða að svara fullum hálsi – þegar forsetinn fer yfir strikið. Þeim er skylt að taka af tvímæli um, hverjir beri ábyrgð á íslenskum þjóðarhagsmunum.

Eða á bara að útskýra málið fyrir viðsemjendum okkar með sögunni af „Lady Ga Ga“?

# Umferðarhraðinn og slysin

**Umferð**



**Vilhjálmur Ari Arason**
læknir

Margir látast árlega í umferðarslysum hér á landi auk þess sem hundruð slasast alvarlega, oft af því að einhver fór óvarlega eða sýndi af sér vítavert gáleysi. Þar sem hraðinn var of mikill miðað við aðstæður. Á einu augnabliki breyttust þannig aðstæður þúsunda manna sem eiga um sárt að binda. Margar fjölskyldur í landinu, nánir vinir og samstarfsfélagar fórnarlamba umferðarslysanna þekkja þá sögu vel.

Fólksbíllinn er stundum kallaður þarfasti þjónninn í nútíma þjóðfélagi og hefur leyst gamla vininn, íslenska hestinn, af hólmi. Metnaður er síðan fyrir sífellt kraftmeiri bílum sem eiga líka að vera öruggari við verri aðstæður og meiri hraða. Skriðvörn, bremsuvörn svo eitthvað sé nefnt auk líknarbelgjanna góðu. En bíllinn getur sannarlega verið manns versti óvinur, ef ekki er farið varlega og hann misnotaður. Þar sem lögmálið um fallþyngd hundraðfaldast alltaf með hraðanum sem ekið er á.

Tölvuleikir eru sýndarveruleiki sem ganga oft líka út á sem mestan hraða. Eftirvæntingin hlýtur því að vera mikil þegar út í raunveruleikann er komið og bílprófið er í höfn hjá yngstu ökumönnunum. Að endurtaka leikina í raunverulegu umhverfi. Þar sem reynsluleysi, kæruleysi og sýndarmennskan verður hættuleg blanda í öflugum bíl. Þeir sem eldri eru vilja því miður oft einnig vera „með í leiknum”. Og þótt hæfnin til aksturs sé ef til vill meiri, er pirringur og óþolinmæðin oft meiri. Reynslan kemur að litlum notum þegar stórir sénsar eru teknir. Þar sem fegurð umhverfisins er raunveruleg, en skilyrðin á veginum djöfulleg.

Sumir segja að slys séu bara ákveðin líkindi að óheppni. Að sumu leyti satt en oftar ekki, sérstaklega þegar umferðarslysin eiga í hlut og sem í flestum tilvikum má koma í veg fyrir. Ekki síst alvarlegustu slysin þar sem hinn slasaði „var jafnvel í rétti“. Þau forðumst við best með því að keyra hægar og sýna aðgát og kurteisi. Og láta ekki náungann koma okkur sífellt úr jafnvægi, jafnvel þótt hann skori okkur á hólm, í kappakstur á stálhestinum sínum.

Áhrifaríkustu verkefni lögreglunnar og Umferðarstofu eru að tryggja eins og hægt er umferðaröryggi vegfarenda og halda umferðarhraðanum ávallt niðri. Þakka má fyrst og fremst þeim þann stóra ávinning sem náðst hefur hér á landi, þrátt fyrir allt, að fækka alvarlegustu umferðarslysunum umtalsvert. Á götum borgarinnar ekkert síður en úti á þjóðvegunum þar sem hárfín brotin lína sker samt sem áður allt of oft á milli lífs og dauða.

> Eftir nokkra áratuga starf á Slysa- og bráðamóttöku ætti maður að vera kominn með þykkan skráp. En sárin eru misalvarleg og víst er að sárin úr alvarlegustu bílslysunum eru ekki nein smásár. Það eina sem aldrei venst í starfinu. Ef aðstæður hefðu verið aðrar ...

Eftir nokkra áratuga starf á Slysa- og bráðamóttöku ætti maður að vera kominn með þykkan skráp. En sárin eru misalvarleg og víst er að sárin úr alvarlegustu bílslysunum eru ekki nein smásár. Það eina sem aldrei venst í starfinu. Ef aðstæður hefðu verið aðrar þegar mestu máli skipti í lífi fórnarlambanna. Jafnvel þegar lífið var rétt að byrja og tíminn framundan virtist svo óendanlega langur og bjartur. Ekkert er jafn ömurlegt og að sjá hvað eitt andartak í fávisku getur skipt miklu máli, í lifandi lífi. Síðan er það sorgin og margir hugsa sinn gang, en því miður í allt of stuttan tíma.

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á! TOPTUL THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS




IBTTG-28305
283 HLUTA VERKFÆRASKÁPUR.
1/4”, 3/8” og 1/2” topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett,
slaghamar, splittatangir, tangir, bitar og fl.
Lífstíðarábyrgð af toppum og föstum lyklum.
www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

EISA: The European Imaging and Sound Association

EISA AWARD
Best Product 2011-2012
BEST BUY TV
Samsung UE40D6505

**SAMSUNG** hlaut fjögur **EISA VERÐLAUN 2011-2012**
fyrir framúrskarandi framleiðslu.

Ein þessara verðlauna voru veitt fyrir ***þetta sjónvarp***:

**BESTU KAUPIN** – ***„Gæði á góðu verði“***






SAMSUNG

SAMSUNG
SJÓNVÖRP
6500 LÍNAN

Stærðir:
*32"*
*40"*
*46"*
*55"*

## SAMSUNG SJÓNVARP
## LED · 3D · SMART TV

Clear Motion Rate: 400 Hz
Upplausn: 1920 x 1080p FULL HD
Skjár: Ultra Clear
Skerpa: Mega
AllShare: Auðveld samskipti Samsung tækja
USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist
Upptökumöguleiki: Já, tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanáliggjandi harðan disk
Netvafri: Já
Social TV: Já, horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook You Tube, Flickr, Skype ofl.
Sjónvarpsmóttakari: Digital, Analog og gervihnatta
Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1x Scart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól
Val um svarta eða hvíta umgjörð/ramma
(55" stærðin enn sem komið er bara til svört)




Smart Hub – Hægt að hlaða niður fjölda forrita í tækið
Web Browser – Netvafri með minni – t.d. fyrir www.samsungsetrid.is
Your Video – Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
Search All – Leitar á Veraldarvefnum og öðrum tækjum að því, sem þú villt finna
Social TV – Í tækinu er Facebok, Twitter, Talk o.m.fl.
Skype – Hægt að fara á Skype og einnig tengja Skype myndavél
allshare – Auðvelt að tengjast öðrum tækjum heimilisins þráðlaust með innbyggðu Wi-Fi
Full HD 1080p – Full HD
3D Auto Contrast – Sjálfvirk stýring á skerpu í þrívídd
Ultra Clear Panel – „Ultra Clear“ skjár
Movie – Spilar bíómyndir af USB lykli og tekur upp á USB lykil
Digital Noise Filter – Lagar lélega útsendingu eins og hægt er
Anynet+ HDMI-CEC – Hægt að stýra öðrum HDMI tengdum tækjum með einni fjarstýringu
Clear Motion Rate 400Hz – CMR 400 – þ.e. hreinsar skjáinn 400 sinnum á sek.
HDMI – HDMI 1,4 gagnvirk tengi
3D SOUND – Hljóðkerfi í þrívídd
Wide Color Enhancer Plus – Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
2D 3D – Breytir myndum í þrívídd og öfugt ef notandi vill

## SAMSUNG SMART TV
### veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit

**Samsung færir þér framtíðina með 6500 LED SMART TV.**

**Smart TV** færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag. Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og Search All. Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.mfl.

**SAMSUNG LED 6500 er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi *enn skemmtilegri* !**

***Komdu og gerðu BESTU KAUPIN!***

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

KVIKA

# Nýbygging Landspítalans og Háskóla Íslands – af hverju?

Heilbrigðismál
Sigurður Guðmundsson
forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands



Bygging nýs húss yfir sameiginlega starfsemi Landspítalans og Háskóla Íslands á sér langan aðdraganda. Umræða hófst fyrir alvöru fyrir tæpum 15 árum í aðdraganda sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík sem varð um mitt ár 2000. Um 2-3 árum síðar var hinni nýju spítalabyggingu valinn staður á Grænuborgartúni, á lóð Landspítalans við Hringbraut. Nálægð við háskólann vó þar mjög þungt. Meginrök fyrir sameiningu spítalanna á sínum tíma, að minnsta kosti í huga starfsmanna, voru efling starfsemi spítalans, að bæta þjónustu hans við sjúklinga og að styðja hann og styrkja sem vísindastofnun og kennslustofnun. Með öðrum orðum var tilgangurinn sá að efla spítalann sem háskólasjúkrahús.

Nákvæmlega sömu rök hníga að byggingu nýs húss yfir sameiginlega starfsemi hans og háskólans. Þau snúa ekki að því að blanda saman sementi, möl, sandi og vatni og búa til steypu heldur að gera stofnunum kleift að blanda saman starfsemi sinni enn frekar, styrkja samstarf og samvinnu til að efla þjónustu, rannsóknir og kennslu. Sameiningu spítalanna er ekki lokið, og lýkur ekki fyrr en starfsemin er öll komin undir sama þak.

Landspítalinn starfar nú á 17 stöðum í um 100 húsum, og sex heilbrigðisdeildir háskólans starfa á 13 stöðum, allt frá Hofsvallagötu að Eirbergi á Landspítalalóð. Um er að ræða stærstu vinnustaði landsins. Á Landspítala vinna um 5.000 manns, og við Háskóla Íslands eru nú um 14.000 stúdentar og um 1.000 fastráðnir kennarar og starfsmenn. Þar af starfa við Heilbrigðisvísindasvið skólans um 2.500 manns, þar með taldir stúdentar.

### Samstarf Landspítala og Háskóla Íslands

Samstarf þessara stofnana á sér langa sögu og byggir á sameiginlegum hagsmunum stofnananna beggja, hagsmunum þeirra sem þær eiga að þjóna og í reynd samfélagsins alls.

Samstarfið hefur verið mjög gjöfult. Stofnanirnar geta í raun ekki án hvor annarrar verið. Það hefur á margan hátt verið burðarás þróunar heilbrigðisþjónustu hérlendis á liðinni öld. Það hefur leitt til mjög öflugrar menntunar heilbrigðisstarfsfólks, sem stenst kollegum sínum í nálægum löndum fyllilega snúning og gott betur. Slíkt er ekki sjálfsagt, hvorki hjá stórum þjóðum né smáum. Að þessu þarf að hlúa.

Árangur á sviði rannsókna í heilbrigðisvísindum er í fremstu röð þegar horft er til nálægra landa. Sú staðreynd er að mínu mati mun merkilegri en silfurverðlaun í handbolta, með djúpstæðri virðingu fyrir boltanum. Kominn er tími til að íslensk þjóð geri sér grein fyrir þessu. Þetta er ekki síst merkilegt fyrir þá sök að aðföng og fjármögnun til háskólans og þessa vísindastarfs er miklum mun minna en í háskólum nágrannalanda. Þessi árangur er hvorki sjálfsagður né eilífur, heldur mjög brothættur, og að honum þarf að hlúa.

Síðast en ekki síst hefur rannsóknasamstarf stofnananna leitt til vaxandi nýsköpunar og stofnunar sprotafyrirtækja. Við erum einungis í burðarliðnum hér, og á næstu árum og áratugum má vænta af þessum vettvangi mikillar eflingar íslensk atvinnulífs, ef ekkert bjátar á.

### Af hverju þurfum við nýtt hús?

Heilbrigðisþjónustan og þekkingin sem hún byggir á er sífellt að breytast og þróast og kröfur til hennar vaxa. Nýjar faggreinar verða til, aðrar hverfa. Margar sérgreinar munu blandast hver inn í aðra, sameinast. Markmið þjónustunnar verður ætíð að beinast að sjúklingum, ekki þörfum þeirra sem þar vinna. Við þurfum því að skilja mikilvægi þess að lækka múra milli fag- og sérgreina. Þess vegna þarf fólk að koma saman, vinna saman að rannsóknum, kennslu og þjónustu. Þannig fer þekkingin fram á við, stundum hægt og stundum í stórum stökkum.

Síauknar kröfur eru gerðar til menntunar. Ekki eru kröfurnar minni og framþróunin þegar horft er til rannsókna, bæði þeirra sem snúa að vísindum og þjónustu við sjúklinga. Tækjabúnaður er dýr, og því mikið hagræði að samnýtingu. Hún fæst ekki ef starfsemin er áfram dreifð um allar grundir.

Tími einyrkjans í heilbrigðisþjónustu er liðinn, henni er nú sinnt af teymum, samstarf og samvinna eru lykilorð. Búa þarf svo um hnútana að samstarfið verði sjálfsagt frá fyrsta ári í skóla, þannig að mikilvægi þessa samstarfs verði mönnum strax ljóst. Skilyrði þess er að koma fólki saman undir eitt þak.

Jafnframt blasir við að alþjóðleg samkeppni í mennta- og vísindamálum fer mjög vaxandi, og samkeppni um starfsfólk er þegar orðin mönnum ljós hér. Þessu verður að mæta. Ekki er viðunandi að standa í stað og láta sem ekkert sé. Það jafngildir hnignun og afturför.

### Ávinningur fyrir Háskóla Íslands

Margoft hefur verið bent á ávinning nýbyggingar fyrir starfsemi spítalans. En hver er ávinningur háskólans? Mikilvægt er að koma kennslu fyrir á einum stað. Með því styrkjast möguleikar á samkennslu og samþáttun kennslu í grunnnámi áður en hið eiginlega klíníska nám hefst. Nefndir hafa verið kostir þess að nemendur átti sig strax á því að fleiri stéttir en þeirra eigin sinna sjúklingum. Fagstéttir læra snemma að starfa saman.

Mikill styrkur, faglegur og fjárhagslegur, felst í því að koma starfsemi og stoðþjónustu allra deilda og námsbrauta heilbrigðisvísindasviðs á einn stað. Samnýting rannsóknastofa, tækjabúnaðar og starfsfólks býður ekki aðeins upp á fjárhagslega hagræðingu heldur einnig mikil fagleg tækifæri.

Nálægð bóklegs náms og grunnrannsókna við klínískt nám og rannsóknir er mjög til þess fallin að efla starfsþjálfun nema og gera þá enn hæfari til að sinna og mæta þeim miklu breytingum sem verða munu í faglegu umhverfi þeirra á næstu árum og áratugum.

Að lokum skiptir meginmáli í þessari umræðu að sá hópur landsmanna sem helst hlýtur ávinning af því að samræma starfsemi spítalans og háskólans eru sjúklingar þessa lands. Á þeim er því miður enginn hörgull og verður ekki. Meginmarkmið nýbyggingarinnar er að efla þekkingu, menntun og síðast en ekki síst þjónustu við sjúklinga.

# Horft um öxl: Saga Stígamóta

Samfélagsmál
Dr. Guðrún Jónsdóttir
félagsráðgjafi og stofnandi Stígamóta



Mig langar í þessari stuttu samantekt um sögu og tilurð Stígamóta að byrja á því að setja hana í alþjóðlegt samhengi og færa hana síðan á heimavöll. Kvenfrelsishreyfingar hafa frá fyrstu tíð látið sig varða ofbeldi karla gegn konum og börnum. Í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu spratt t.d. upp á síðari hluta 19. aldar sterk hreyfing kvenna, í tengslum við kvennabaráttu þeirra ára, sem beitti sér fyrir því að stofnuð voru félög og hafin félagsleg þjónusta fyrir konur og börn sem sættu ofbeldi í fjölskyldum sínum. Rannsóknir bandarískrar konu, Lindu Gordon, á skrám og skýrslum hjálpar- og félagsmálastofnana í Boston á árunum 1880 til 1960 sem hún birti 1989 sýna ljóslega þessi tengsl. Hún sýnir jafnframt hvernig áherslur, skilningur og skilgreiningar á eðli þessa ofbeldis breyttust, þegar áhrif kvenfrelsiskvenna á félagsmálastarfsemi dvínuðu í lok fyrsta áratugar 20. aldar samhliða hnignandi kvenréttindabaráttu.

### Í hendur nýrra fagstétta

Félagsmálaþjónustan færðist þá úr höndum kvenréttindakvenna í hendur nýrra fagstétta. Kvenréttindakonurnar höfðu skilgreint ofbeldið á konum og börnum sem afleiðingu ofurvalds feðra og eiginmanna yfir konum og börnum í gömlu feðraveldisfjölskyldunni. Faghóparnir nýju byggðu skilning sinn á ofbeldinu á „vísindalegum“ kenningum, þar sem grundvallar afstaðan var að slíkt ofbeldi væri afar sjaldgæft og þegar það ætti sér stað væri skýringanna að leita hjá fórnarlambi þess. Fagstéttirnar nýju afskrifuðu því starf kvenréttindakvenna sem óvísindalega forræðishyggju. Nauðganir, sifjaspell og barsmíðar á eiginkonum urðu þar með ósýnileg í skýrslum félagsmálastofnana þeirra tíma.

Það var síðan ekki fyrr en á 8. og 9. áratug síðustu aldar að konur í kvennahreyfingu þess tíma rufu þögnina um barsmíðar á konum, nauðganir og sifjaspell, og kröfðust umræðu, úrbóta og viðurkenningar á slíku ofbeldi sem samfélagslegu vandamáli. Þetta stutta sögulega ágrip sýnir að sterk samfélagsleg öfl hafa jafnan lagst á eitt við að þagga niður og gera kynferðisofbeldi ósýnilegt á þeim tímabilum sem kvennabarátta hefur verið í lágmarki.

Áður en lengra er haldið vil ég gera stuttlega grein fyrir hvað felst í hugtakinu kynferðisofbeldi. Kynferðisofbeldi er samheiti yfir margskonar atferli, sem á það sameiginlegt að þolendur þess eru beittir ofbeldi, sem ofbeldismaðurinn færir í kynferðislegan farveg. Kynferðisofbeldi miðar að því að lítillækka, auðmýkja, ráða yfir og skeyta ekki um vilja eða líðan þess sem fyrir því verður. Fólk á öllum aldri og af báðum kynjum er beitt kynferðisofbeldi. Þetta ofbeldi er jafnframt kynbundið. þ.e. karlar fremja það í yfirgnæfandi meirihluta tilvika og það beinist fyrst og fremst að konum og börnum. Kynferðisofbeldi birtist í mismunandi formi. Það getur t.d. verið sifjaspell, kynferðisofbeldi ókunnugra gagnvart börnum, nauðganir, vændi, mansal til kynlífsþrælkunar, klám og kynferðisáreitni.

> Fagstéttirnar nýju afskrifuðu því starf kvenréttindakvenna sem óvísindalega forræðishyggju. Nauðganir, sifjaspell og barsmíðar á eiginkonum urðu þar með ósýnileg í skýrslum félagsmálastofnana þeirra tíma. Það var síðan ekki fyrr en á 8. og 9. áratug síðustu aldar að konur í kvennahreyfingu þess tíma rufu þögnina.

### Þögnin rofin

En víkjum nú að Stígamótum. Saga þeirra endurspeglar samskonar þróun og rakin var hér að ofan. Tilurð Stígamóta er nátengd kvenfrelsisbaráttu íslenskra kvenna á síðari hluta síðustu aldar. Þær rufu þögnina um andlegt og líkamlegt ofbeldi sem konur sættu á heimilum sínum og stofnuðu Kvennaathvarfið 1982. Í kjölfarið spruttu upp hópar kvenna sem stóðu að stofnun Kvennaráðgjafar og Ráðgjafarhóps um nauðgunarmál. Starf Kvennaathvarfsins og þessara hópa leiddi í ljós að kynferðislegt ofbeldi af ýmsu tagi var tiltölulega algengt hér á landi eins og annarsstaðar í hinum vestræna heimi. Árið 1986 tók hópur kvenna sig saman og stofnaði enn einn kvennahópinn, Vinnuhóp gegn sifjaspellum. Starf þessa hóps beindist að því að koma á fót fyrsta vísinum að ráðgjafar- og hópstarfi kvenna, sem sættu sifjaspellum í bernsku. Starf þessara hópa og sú innsýn og þekking sem þeir bjuggu yfir eftir áralangt sjálfboðaliðastarf með þolendum kynbundins ofbeldis voru ásamt mórölskum stuðningi félaga kvenna innan launþegahreyfinganna forsenda þess að við gátum loks stofnað Stígamót, ráðgjafar- og fræðslumiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Og að sjálfsögðu völdum við stofndaginn á alþjóðlegum baráttudegi kvenna hinn 8. mars 1990.

### Mikilsverður áfangi

Þar með náðist mikilsverður áfangi og fótfesta í baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Þögnin var rofin og konur fengu sameiginlegan baráttuvettvang. Stígamót hafa í gegnum árin styrkst við hverja raun og fyrir löngu sannað tilverurétt sinn, því miður verð ég að segja, því allt bendir til að hvers kyns kynferðisofbeldi fari frekar vaxandi en hitt. Því er nauðsyn sem aldrei fyrr að halda vöku sinni og efla og styrkja baráttuna gegn kynferðisofbeldi.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að árna Stígamótakonum alla heilla í mikilsverðu og ómetanlegu starfi sínu. Við hin getum tryggt fjárhagslegan grundvöll Stígamóta og lagt baráttunni gegn kynferðisofbeldi lið með því að gerast stuðningsfólk Stígamóta með mánaðarlegu framlagi.



Ósló

**[Danmörk]**
Sannleikurinn um karla
*Nikolaj Arcel*

**[Finnland]**
Góði sonurinn
*Zaida Bergroth*

**[Ísland]**
Brim
*Árni Ólafur Ásgeirsson*

**[Noregur]**
Ósló, 31. ágúst
*Joachim Trier*

**[Svíþjóð]**
Svínastían
*Pernilla August*

græna ljósið
- betra bíó



07. - 11. september
í Bíó Paradís

Græna ljósið og Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn kynna með stolti

# KVIKMYNDA-VERÐLAUN NORÐURLANDA-RÁÐS 2011

Sænska leikstýran **Pernilla August** verður viðstödd opnunarsýninguna miðvikudaginn 7. september í Bíó Paradís.

**Allt um myndirnar, dagskrána og verðlaunin.**

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS

BÍÓ ★ PARADÍS
*Heimili kvikmyndanna*

Dagskrá og miðasala á Miði.is

norden
Nordic Council

Nordisk Film & TV Fond

NORDISKFILMOGTVFOND.COM

# KVIKMYNDA-VERÐLAUN NORÐURLANDA-RÁÐS 2011

## ÞAÐ ER UNGA KYNSLÓÐIN...

Við bjóðum vekomnar þær fimm kvikmyndir sem tilnefndar eru til eftirsóttustu kvikmyndaverðlauna á Norðurlöndum. Heiðurinn og 350.000 danskar krónur, að jafnvirði rúmlega 7 milljónum íslenskra króna, skiptist jafnt á milli handritshöfundar, leikstjóra og framleiðanda.

5 dómnefndir í norrænu ríkjunum fimm hafa skoðað rúmlega eitt hundrað kvikmyndir og valið eina kvikmynd í fullri lengd frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Þetta eru framúrskarandi og fjölbreyttar myndir hvað varðar söguþráð, tegund og stíl og segja má að þær séu einkennandi fyrir nýja og ferska kynslóð hæfileikafólks.

Um miðjan október verður tilkynnt hvaða mynd hlýtur verðlaunin og 2. nóvember verða þau afhent við hátíðlega athöfn í Kaupmannahöfn á Norðurlandaráðsþingi, en þá verða einnig afhent Bókmenntaverðlaun, Tónlistarverðlaun og Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

Sláist í för með nágrönnum ykkar og njótið sýningarinnar!

**Hanne Palmquist**
*Framkvæmdastjóri Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins*

## FYRRI VERÐLAUNAHAFAR

Norrænu kvikmyndaverðlaunin voru veitt í fyrsta sinn á árinu 2002. Þá hlaut finnski kvikmyndaleikstjórinn Aki Kaurismäki þau fyrir kvikmyndina Mies vailla menneisyytta (The Man Without a Past).

**Kvikmyndaverðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 2005, verðlaunamyndir síðan þá eru:**

**2005:** Morðið (Manslaughter) leikstjóri Per Fly, handritshöfundar Kim Leona, Dorte Høgh, Mogens Rukov og Per Fly, og framleiðandi Ib Tardini fyrir Zentropa, Danmörku.

**2006:** Zozo, handritshöfundur og leikstjóri Josef Fares og framleiðandi Anna Anthony fyrir Memfis Film, Svíþjóð.

**2007:** Listin að gráta í kór (The Art of Crying) leikstjóri Peter Schønau Fog, handritshöfundur Bo hr. Hansen (myndin er byggð á bók Erling Jepsen) og framleiðandi er Thomas Stenderup fyrir Final Cut, Danmörku.

**2008:** Þið sem lifið (You, the Living), handritshöfundur og leikstjóri Roy Andersson og framleiðandi Pernilla Sandström fyrir Studio 24, Svíþjóð.

**2009:** Andkristur (Antichrist), handritshöfundur og leikstjóri Lars von Trier og framleiðandi Meta Louise Foldager fyrir Zentropa, Danmörku.

**2010:** Submarino, handritshöfundur og leikstjóri Thomas Vinterberg, Tobias Lindholm, handritshöfundur, og framleiðandi Morten Kaufmann fyrir Nimbus Film, Danmörku.

# DANMÖRK




[Sandheden on mænd]

## SANNLEIKURINN UM KARLA

**EFNISKJARNI**

Sannleikurinn um karla er ástrík frásögn af kynslóð karla sem hræðist miklar skuldbindingar, en spyr engu að síður stórra spurninga um lífið og ástina.

Mads fer að búa með Marie, yndislegri kærustu sinni, en allt í einu er hann gripinn miklum efa. Er þetta tilgangur lífsins? Hafa allir draumar hans ræst? Hann kastar öllu frá sér, flytur frá kærustunni og kastar sér út í örvæntingarfulla för til að lifa alla stærstu drauma sína, með það að markmiði að finna tilgang lífsins og hina einu sönnu.

**UM KVIKMYNDINA**

Þriðja kvikmynd Nikolaj Arcel í fullri lengd var frumsýnd á alþjóðavettvangi á Norðurlandakeppni alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Gautaborg 2011, eftir að 100.000 manns höfðu séð hana í Danmörku.

Sjálfsháðið um hræðslu kvikmyndahandritshöfundar við skuldbindingar var skrifað af Arcel og Rasmus Heisterberg, en þeir hafa lengi unnið saman. „Við ákváðum að aðalpersónan, Mads (Thure Lindhardt) skyldi vera kvikmyndahandritshöfundur því okkur finnst það fyndið að maður sem starfar við að greina mannlega hegðun skuli hafa svo litla stjórn á eigin þroska,“ segir Arcel. Leikstjórinn sér Sannleikann um karla sem „karlamynd sem fjallar ekki um morð eða frama, eða bjór og fótbolta, heldur um tilfinningar, vonir og drauma, um stóru ákvarðanimar í lífinu og hinn eilífa efa.

**AÐSTANDENDUR**

| | |
|---|---|
| *Leikstjóri* | *Nikolaj Arcel* |
| *Handritshöfundar* | *Nikolaj Arcel, Rasmus Heisterberg* |
| *Framleiðandi* | *Meta Louise Foldager, Louise Vesth* |
| *Aðalleikendur* | *Thure Lindhardt, Tuva Novotny, Rosalinde Mynster, Signe Egholm Olsen* |

**Framleitt af Zentropa Entertainments**
**Lengd: 90 mínútur**

# FINNLAND




[Hyvä poika]

## GÓÐI SONURINN

**EFNISKJARNI**

Að lokinni hneykslanlegri frumsýningu, sem ekki gekk vel, flýr leikkonan Leila í sumarhús fjölskyldunnar við vatnið. Þar er hún í friðsælu fríi með sonum sínum Ilmari og Unto, en friðurinn er úti þegar hún býður nokkrum vinum sínum í háværa helgardvöl. Eftir veisluna býður Leila heillandi og óútreiknanlega rithöfundinum Aimo að dvelja áfram í nokkra daga. En 19 ára sonur hennar Ilmari sem er mjög náinn móður sinni, og hagar sér oft eins og lífvörður hennar, er fjandsamlegur gagnvart Aimo.

**UM KVIKMYNDINA**

Eftir velheppnaða frumraun með gerð kvikmyndarinnar Last Cowboy Standing, valdi Zaida Bergroth að leikstýra minni mynd sem byggði á persónuuppbyggingu og reyndu á leikstjórnahæfni hennar. Eiginmaður hennar Jan Forsström er meðhöfundur að kvikmyndinni og hann klippti einnig myndina. Góði sonurinn fjallar um Ödipusarsamband móður og sonar sem nær hámarki og snýst upp í drama. Aðalhlutverkin leika hin vinsæla finnska leikkona Elina Knihtilä (The House of Branching Love), Samuli Niittymäki (Run Sister Run) og Eero Aho (Tears of April). Myndin var frumsýnd í Finnlandi í mars 2011.

**AÐSTANDENDUR**

| | |
|---|---|
| *Leikstjóri* | *Zaida Bergroth* |
| *Handritshöfundar* | *Jan Forsström, Zaida Bergroth* |
| *Framleiðendur* | *Elli Toivoniemi, Mark Lwoff, Misha Jaari* |
| *Aðalleikendur* | *Elina Knihtilä, Samuli Niittymäki, Eero Aho* |

**Framleitt af OY Bufo Ab**
**Lengd: 87 mínútur**

## UM VERÐLAUNIN

Markmiðið með Kvikmyndaverðlaunum Norðurlandaráðs er að kynna úrval og fjölbreytni kvikmynda sem gerðar eru á Norðurlöndum, að efla norrænt menningarsamfélag og kynna Norðurlöndin sem heimamarkað fyrir menningu og þar með styrkja stöðu norrænna kvikmynda á alþjóðamarkaði.

Kvikmyndir sem tilnefndar eru þurfa að hafa sterka tengingu við norræna menningu, vera hágæða listframleiðsla, vera einstakar og listrænar og sameina og betrumbæta alla þætti kvikmyndalistarinnar þannig að úrkoman sé sannfærandi og samþætt listaverk.

Dómnefnd er skipuð þremur fulltrúum sem tilnefndir eru af Norrænu ráðherranefndinni um menningarsamstarf (menningarmálaráðherrunum). Fulltrúar í dómnefnd eru valdir meðal mikilsmetinna einstaklinga í kvikmyndaheiminum sem hafa faglega innsýn og reynslu af kvikmyndagerð. Dómnefndin er tilnefnd til þriggja ára.





# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...


Græna prentsmiðjan!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 7. september 2011 – 13. tölublað – 7. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



**Indverskur fjárfestir**
Fáir útlendingar vilja fjárfesta hér 2

**Gjaldeyrishöft**
Skaða hagkerfið til lengri tíma 4-5



**Yoyo**
Vinsælar sjálfsafgreiðslubúðir 12



## Tólf milljarðar aflandskróna

Fjárfest var fyrir tæpa 11,8 milljarða króna hér á landi í fyrra. Þetta kemur fram í svari Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, við spurningu Vigdísar Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, um innflutning á aflandskrónum. Spurningin var lögð fram snemma í júní og svaraði Árni Páll henni í gær.



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Aflandskrónur eru íslenskar krónur á erlendum gjaldeyrisreikningum og er óheimilt að flytja þær á reikninga íslenskra bankastofnana eða fjárfesta fyrir þær nema eftir krókaleiðum, svo sem með nýlegum uppboðum Seðlabankans á gjaldeyri.

Vigdís spurði í júní hverjir hefðu fengið að flytja aflandskrónur til fjárfestinga hér á landi og um hvaða fjárhæðir sé að ræða. Vigdís óskaði eftir því að í svarinu yrði greint á milli Íslendinga og útlendinga.

Í svari Árna Páls kemur fram að leitað hafi verið svara hjá seðlabankanum sem fer með eftirlit með aflandskrónum. Seðlabankinn vísaði til heimildar um þagnarskyldu og birti ekki hverjir hefðu fengið að flytja inn aflandskrónur sundurliðað eftir fjárhæðum. - jab

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**FRAKKAR Í AÐHALDI**
Francois Baron, fjármálaráðherra Frakklands, segir enga hættu á nýrri kreppu í landinu. Hann kynnti í gær fjárlög næsta árs sem fela í sér strangt aðhald í ríkisfjármálum og hafa ekki síst það markmið að styðja við evruna. Meðal annars hyggjast Frakkar verja ellefu milljörðum evra, eða nærri 1.800 milljörðum króna, í efnahagsaðstoð við Grikkland.

**SPÁNVERJAR BERA SIG VEL**
Elena Salgado, fjármálaráðherra Spánar, segir ekkert hæft í því að í síðasta mánuði hafi legið nærri að Spánn þyrfti að leita á náðir Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjárhagsaðstoð, eins og Grikkir, Portúgalir og Írar hafa þurft að gera.




**STARBUCKS HERJAR Á KÍNA**
Bandaríska kaffihúsakeðjan Starbucks hyggur á frekari landvinninga í Kína. Áform eru um að þrefalda fjölda kaffihúsa keðjunnar í Kína á næstu fjórum árum, þannig að þau verði um 1.500. Nú eru þau 470.

# Saga og VBS borga lítið aftur til ríkisins

**Litlar líkur þykja á að Seðlabankinn fái greidd lánin sem hann veitti til að bjarga tveimur fjármálafyrirtækjum frá þroti. Annað fyrirtækið fór í þrot en gengið var að hinu.**

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Stjórnendur Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ), dótturfélags Seðlabankans, telja ólíklegt að fá kröfu sína upp á tæpa fimmtíu milljarða króna á hendur Saga Fjárfestingarbanka (áður Saga Capital) og VBS Fjárfestingarbanka greidda að fullu til baka. Bankinn fékk veð fyrir láni til Sögu í fangið fyrir hálfum mánuði en situr í hópi almennra kröfuhafa í þrotabú VBS. Þeir sem Fréttablaðið ræddi og tengjast málinu segja ómögulegt að segja til um hve mikill hluti skuldarinnar fáist greiddur. Mat á endurheimtum liggur engu að síður á borði ESÍ.

Krafan á hendur fyrirtækjunum varð til í svokölluðum ástarbréfaviðskiptum Saga Capital og VBS sem fólst í því að ausa lausafé úr sjóðum Seðlabanka Íslands til gömlu stóru bankanna. Þegar bankarnir fóru á hliðina stóðu Saga og VBS uppi með milljarðaskuldir gagnvart Seðlabankanum. Skuldinni var breytt í lán til fyrirtækjanna vorið 2009; skuld VBS nam 29,7 milljörðum króna og Saga fékk kröfu Seðlabankans upp á 19,7 milljarða breytt í lán. Í báðum tilvikum voru lánin til sjö ára og báru þau 2,0 prósenta vexti. ESÍ fer með kröfur Seðlabankans á hendur fjármálafyrirtækjum.

Stjórnendur Saga Capital færðu 15,1 milljarð króna af láninu við Seðlabankann inn í eignarhaldsfélagið Hildu í október 2009. ESÍ tók Hildu yfir á dögunum og mun unnið að því að vinna úr eignasafninu til að fá upp í kröfuna. Nær öllu starfsfólki Sögu mun jafnframt hafa verið sagt upp.



**SEÐLABANKINN VIÐ MÆLINN** Gömlu stóru bankarnir virðast hafa litið á Seðlabankann sem sparigrís sem gæti útvegað þeim lausafé. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

VBS fór í þrot ári eftir að kröfu Seðlabankans var breytt í lán. Sættir náðust á milli ESÍ og slitastjórnar VBS í síðustu viku sem fólu meðal annars í sér krafa ESÍ fór úr því að vera veðkrafa upp á 29,7 milljarða króna í 25,8 milljarða króna almenna kröfu. Samþykktar forgangskröfur verða greiddar fljótlega og fá kröfuhafar í þeim hópi allt sitt. Almennir kröfuhafar mæta hins vegar afganginum. Þar á meðal er Seðlabankinn.



# Leita að öryggisstjóra

Bandaríski tæknirisinn Apple auglýsti í síðustu viku tvær stöður framkvæmdastjóra eftirlits með vörum sem ekki eru komnar á markað.



Samkvæmt fréttum netmiðilsins Apple Insider þykir tímabært að búa til þessar stöður nú þegar starfsmenn fyrirtækisins hafa í tvígang lent í því óhappi að glopra frá sér frumgerð af nýjum iPhone-farsímum fyrirtækisins.

Í fyrra gleymdi starfsmaður Apple prufueintaki af iPhone 4-farsíma á bar. Síminn komst í hendur annars aðila sem birti upplýsingar um hann á undan öðrum. Tveir menn fengu dóma á sig vegna málsins. Þá mun prufueintak fimmtu kynslóðar iPhone-símans hafa týnst í júlí. Síminn er væntanlegur á markað í haust. **- jab**

# Íslendingar lána Landsvirkjun

Líklegt þykir að innlendir fjárfestar, þá helst lífeyrissjóðir, hafi keypt skuldabréf Landsvirkjunar upp á sjötíu milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um átta milljarða króna, sem gefin voru út í síðustu viku.

„Ég veit ekki hverjir keyptu bréfin, við sjáum það í raun aldrei,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. Hann bætir við að skuldabréf sem þessi gangi yfirleitt kaupum og sölum og því sé erfitt að segja hver eigandinn sé.

Bréfin eru til tíu ára og bera fasta 4,9 prósenta vexti sem þykir þokkalegt. Vextir greiðast tvisvar á ári en höfuðstóllinn í einu lagi í lok lánstímans árið 2021.

Íslandsbanki sá um skuldabréfasöluna. Þar á bæ vildu menn ekki tjá sig, sögðust bundnir trúnaði.



**HÖRÐUR ARNARSON** Forstjóri Landsvirkjunar veit ekki hver á skuldir fyrirtækisins.

Þetta er önnur dollaraútgáfa Landsvirkjunar sem á að tryggja fjármögnun þeirra verkefna sem fyrirtækið hyggst ráðast í á næstu árum. Hin skuldabréfasalan var í apríl þegar Landsvirkjun gaf út tvö skuldabréf upp á samtals hundrað milljónir dala, jafnvirði rúmra 11,2 milljarða króna, til fimm og sjö ára. Landsbankinn keypti bréfin í það skiptið. **- jab**

## BANKABÓKIN

| Samanburður á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,50%[A] | 11,50% | 11,45% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 2,05% | 11,35% | 11,35% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,35%[B] | 11,30% | 11,30% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 1,95% | 11,15% | 9,65 til 11,15% |
| BYR | PM-reikningur 2,05% [A] | 11,25% | 11,15 til 11,25% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 1,90% [C] | 11,45% | 11,45% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 1,85% | 10,30% | Ekki í boði. |

**Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Gengi frankans fest við evruna

Svissneski frankinn féll harkalega á mörkuðum í gær eftir að svissnesk stjórnvöld ákváðu að tengja gengi hans við gengi evrunnar, þannig að greiða þurfti að minnsta kosti 1,20 franka fyrir hverja evru.

Svissneska stjórnin segir þetta örþrifaráð, og efnahagurinn þoli illa hve hátt frankinn hefur verið skráður.

Seðlabankinn í Sviss sagðist ætla að kaupa eins mikið af evrum og þarf til að halda þessu lágmarksgengi frankans og gerir sér vonir um að gengið eigi enn eftir að lækka.




**FRANKINN OG EVRAN**

Áður en tilkynnt var um þetta kostaði evran víðast hvar um það bil 1,10 franka, en á örskömmum tíma lækkaði gengi frankans þannig að greiða þurfti 1,2024 franka fyrir evruna. Hér á landi lækkaði gengi frankans úr 1,47 krónum í 1,35 krónur, eða um 7,75 prósent. Þessum tíðindum var tekið fagnandi á mörkuðum í Sviss og styrktust svissnesk hlutabréf strax um 4,7 prósent.

Efnahagslíf Sviss er að stórum hluta byggt á útflutningi, meðal annars á súkkulaði og ostum, lyfjum, úrum, verkfærum og sérhæfðum vélbúnaði. **- gb**

# Fáir útlendingar vilja fjárfesta hér á landi

## Indverski fjárfestirinn Bala Kamallakharan segir neikvætt viðhorf gagnvart áhættufjárfestingum hér hafa komið sér vel. Hann segir mikilvægt að frumkvöðlar vilji sigra heiminn.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Það er ömurlegt að fjárfesta á Íslandi. Hér eru gjaldeyrishöft og ríkisstjórninni virðist nákvæmlega sama um það þótt erlendir fjárfestar vilji ekki festa fé sitt hér,“ segir fjárfestirinn Balan Kamallakharan.

Hann fer fyrir fjárfestingarsjóði fjölskyldu sinnar og viðskiptafélaga hér á landi. Sjóðurinn einbeitir sér að fjárfestingum í net- og tæknifyrirtækjum. Hann vill ekki greina frá fjárfestingargetu sjóðsins í samtali við Fréttablaðið. Sjóðurinn á sér fyrirmynd í frumfjárfestum Facebook og Google og leggur tiltölulega nýstofnuðum fyrirtækjum til fjármagn eftir þörfum fyrstu árin.

Bala, eins og hann kynnir sig, segir erlenda áhættufjárfesta, ekki síst í Bandaríkjunum, almennt neikvæða gagnvart fjárfestingum hér. Auk þess að vera litnir hornauga þá hafi þeir almennt ekki trú á evrópskum frumkvöðlum; þá skorti óþreyjuna, hungrið, og hafi lítið til að stæra sig af í samanburði við Bandaríkin nema kannski samskiptaforritið Skype. Þetta neikvæða andrúmsloft komi Bala vel; hann geti setið einn að fyrirtækjum sem leiti að fjárfestum hér og þurfi ekki að berja keppinauta af sér. Helsti gallinn sé sá að hér vanti skipulagðan vettvang fyrir fjárfesta eins og sé í öðrum löndum. „Það er í raun mjög skrýtið að vera fjárfestir hér,“ segir hann og bendir á að kollegar hans virðist ósýnilegir.

Sjóður Bala var sá fyrsti til að koma með fjármagn inn í netfyrirtækið Clöru og hefur nú fjármagnað rekstur fyrirtækisins síðastliðna átján mánuði. Þá hefur Bala, sem hefur búið hér á landi frá 2006 þegar hann hóf störf hjá Glitni, unnið náið með stofnendum og stjórnendum Clöru að uppbyggingu fyrirtækisins síðasta árið. „Þegar við komum í hluthafahópinn voru starfsmenn sex eða sjö. Nú eru þeir fjórtán. Við höfum því búið til átta hálaunastörf á um ári,“ segir hann.



**FJÁRFESTIRINN** Það getur komið sér vel að erlendir áhættufjárfestar horfa ekki hingað, að mati Bala Kamallakharan.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bala hélt erindi á haustfundi frumkvöðla- og nýsköpunarsetursins Innovit á föstudag í síðustu viku þar sem hann ræddi um fjárfestingarumhverfið hér.

Í máli Bala kom fram að Íslendingar séu óhræddir við að byrja á einhverju nýju, virðist óhræddir við hið óþekkta, hvað þá að leita til fjárfesta. „Þetta er fyrsta kryddið sem þarf til að verða frumkvöðull,“ segir hann. „Frumkvöðlar verða að vera hugrakkir. Þeir íslensku eiga ekki að horfa til þess hvernig eigi að leysa lítið vandamál hér heldur hugsa stórt og sigra heiminn,“ segir hann.




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

**Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:**

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR




ASKJA
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

mercedes-benz.is



# Gjaldeyrishöft veit
## *en skaða hagkerfið til le*

Frá því á haustmánuðum 2008 hefur íslenska hagkerfið verið lokað með gjaldeyrishöftum. Höftin veittu skjól til skamms tíma en valda skaða til lengri tíma. Nú reyna stjórnvöld að afnema höftin með sem minnstum tilkostnaði en skiptar skoðanir eru um áætlun stjórnvalda. *Magnús Þorlákur Lúðvíksson* skoðaði kosti og galla gjaldeyrishafta og umræðuna um afnámsáætlunina.

Flestir virðast vera sammála um að eitt mikilvægasta úrlausnarefnið í efnahagsmálum á Íslandi sé að afnema hér gjaldeyrishöft eins fljótt og auðið er. Höftin gáfu stjórnvöldum ráðrúm til að bregðast við bráðavanda bankahrunsins á sársaukaminni hátt en ella en valda hagkerfinu miklum skaða til lengri tíma. Þá getur reynst erfitt að afnema höft sem einu sinni eru komin á.

### Losuð eins hratt og hægt er en ekki hraðar en það

Frá því að íslenska bankakerfið hrundi haustið 2008 hafa gjaldeyrisviðskipti með íslensku krónuna verið takmörkuð. Fyrst um sinn beindi Seðlabankinn þeim tilmælum til íslenskra fjármálastofnana að takmarka sölu gjaldeyris við brýn viðskipti með vörur eða þjónustu. Í lok nóvember 2008 voru síðan settar reglur sem takmörkuðu verulega fjármagnshreyfingar á milli Íslands og annarra landa og gjaldeyrisviðskipti í tengslum við slíkar hreyfingar. Byggðu reglurnar á bráðabirgðalögum um gjaldeyrismál en samhliða var höftum á gjaldeyrisviðskipti vegna vöru- og þjónustuviðskipta aflétt.

Þar með var íslenska krónan komin í skjól hafta á ný og hefur búið við tvöfalt gengi síðan; skráningu Seðlabankans og svokallað aflandsgengi sem er það gengi sem myndast í viðskiptum erlendra krónueigenda. Gjaldeyrishaftareglurnar hafa verið endurskoðaðar nokkrum sinnum síðan en veigamesta breytingin var gerð í október 2009 þegar eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum var hert verulega. Bendir ýmislegt til þess að höftin hafi í raun ekki byrjað að virka sem skyldi fyrr en eftir þá breytingu.

Stuttu síðar voru fyrstu skrefin stigin í áttina að því að losa höftin. Byggðu þau á áætlun um afnám hafta sem lögð var fram í ágúst 2009. Var áætlunin unnin

Við finnum með þér hagkvæmustu lausnina á ræstingum fyrirtækisins

Fáðu verðtilboð
554 6088

Hreint
RÆSTING
– gerum betur í verði og verki
hreint@hreint.is • www.hreint.is



**GJALDEYRISHÖFT** Segja má að gjaldeyrishöftin hafi verið sett á til að milda höggið af bankahruninu. Nú ríður hins vegar á að losa höftin.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Kynningarfundir um markaðsátakið Ísland – Allt árið** standa nú yfir en markmið þess er að efla ferðaþjónustu yfir vetrartímann um allt land. Nú þegar hafa verið haldnir fundir í Reykjavík og á Egilsstöðum. Fram undan eru fundir á Ísafirði, Akureyri og í Borgarnesi. Nánar á www.ferdamalastofa.is.






**Flottir dömuskór úr leðri í úrvali,**

Teg: 6554. Litur: grátt. St. 37-40.
Verð: 14.900,-

Misty skór
Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Eirberg



**Meðgöngubelti**

Meðgöngubelti og fleiri vörur fyrir verðandi mæður

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11-16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



**VINNUVÉLANÁMSKEIÐ**

Teoretyczny kurs na maszyny budowlane oraz dzwigi.

Kurs będzie prowadzony w jezyku polskim .Rozpoczecie09. 09 g.18.00



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.

Miejsce kursu Mjódd www.ovs.is

Zapisy pod nr.tel. 5881414 ,7728079 Robert


**Sjö manna hópur kleif nýlega einn hæsta og glæsilegasta tind Kákasusfjalla.**

# Gengu fyrst Íslendinga á Kazbek-fjall í Georgíu

Tilfinningin var tær og björt og útsýnið ótrúlegt. Það var eins og skýjunum létti bara fyrir okkur. Við fögnuðum og föðmuðumst og vel valdir fánar fengu að blakta í vindinum. Okkur fannst við vera á toppi veraldar.“

Þannig lýsir Anna Kristín Kristjánsdóttir reynslunni af því að standa á tindi Kazbek-fjalls í Georgíu. Hún var einn sjö fjallagarpa sem sigruðust á honum í síðasta mánuði, þar af voru sex starfsmenn Vodafone.

;FRAMHALD | 2



MYND/ÚR EINKASAFNI


praxis
...þegar þú vilt þægindi



Boston
leður
svart,hvítt,blátt,rautt
kr 9.990

Mónako
Rúskinn og mikrofíber
hvítt,svart
36-46
kr.7.500

Lissabon
leður
svart,hvítt
st. 36-42
kr. 8.900

Verona
svart,hvítt
st.36-41
kr.7.900

París
leður
svart,hvítt,blágrátt
st. 36-42
kr.9.500

Amsterdam
leður
svart,hvítt
st.36-42
kr. 6.900

**Opið mán. – fös.**
**kl. 11–17**

**Lokað á laugardögum**

**Boníto ehf. Praxis / praxis.is / friendtex.is**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878**



ÍSLENSKT KISUNAMMI
Harðfisktöflur sem kisur elska

VINSÆL VARA



Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli



**Gistinóttum á hótelum í júlí** fjölgaði um 16 prósent samanborið við sama tíma í fyrra. Gistinætur erlendra gesta voru um 88 prósent af heildarfjölda gistinátta. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði þó um 52 prósent milli ára, úr 18.000 í 27.000, samkvæmt Hagstofu Íslands.


SKÓMARKAÐUR

xena

St. 37-41 Verð: 6.575

St. 36-41 Verð: 6.595

St. 40-46 Verð: 6.295

St. 36-41 Verð: 5.895

Opið
mánud-föstud. 11-18
laugard. 11-16

xena

Grensásvegur 8 &
Nýbýlavegur 12
Sími 517 2040



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


Iceland Express ætlar vikulega að birta upplýsingar um stundvísi og áætlanir flugfélagsins en það hefur legið undir ámæli fyrir viðvarandi seinkanir flugvéla á vegum félagsins.



www.turisti.is


Haustvörur komnar.
Útsölulok



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770


Framhald af forsíðu

Kazbek er 5.047 metra hátt og loftið þunnt enda komast ekki nema um fjörutíu prósent þeirra sem reyna við tindinn, alla leið.

„Við þurftum að bera allan okkar farangur upp í skálann Betlehem Hut í 3.600 metra hæð, hvert okkar var með 17-20 kg á bakinu og gangan tók um átta tíma, enda yfir illfært stórgrýti og skriðjökul að fara seinni hluta leiðarinnar. Þá var hæðin líka farin að segja til sín. Skrefin þyngdust og þreytan læsti sig um líkamann. Fingurdoði, nálastingur í andliti og smá svimi voru einkenni sem allir fundu fyrir," lýsir Anna Kristín. „Í Betlehem gisti hópurinn í þrjá nætur í tíu fermetra kompu. Náðhúsið var skammt frá með holu í jörð."

Eftir æfingargöngu og leit að bestu leiðinni lagði hópurinn af stað á tindinn í hellirigningu klukkan fjögur um nótt, að sögn Önnu Kristínar. Allir voru með höfuðljós. „Leiðin lá undir svokölluðum Hávaðaklettum þar sem öruggara er að ganga að næturlagi meðan frost er í berginu því um leið og dagur rís byrjar grjót að falla úr því. Brekkurnar urðu brattari og snjórinn gljúpari eftir því sem ofar dró og öðru hvoru mættum við fólki sem hafði gefist upp. Lokakaflinn var 50-60 gráðu ísbrekka þar sem notast þurfti við ísaxir en eftir sjö og hálfan tíma var toppnum náð."

Ekki var allt búið því niðurleiðin var ekki auðveld heldur. „Við þurftum að láta okkur síga brattasta kaflann og svo tók við löng og ströng ganga í miklum vindi og kulda, meðal annars á sprungnum jökli og í grjóthrunshættu," segir Anna Kristín. „En eftir fjórtán tíma göngu komum við aftur niður í skála, yfir okkur ánægð með að hafa náð þessum áfanga sem við höfðum stefnt að í meira en ár."

*gun@frettabladid.is*



Tindinum náð. Sveinbjörn Pálsson, Óli Jóhann Níelsson, Ómar Svavarsson, Magnús Andrésson, Haraldur Kristinsson, Anna Kristín Kristjánsdóttir og Kristín Björk Bjarnadóttir.



Skrefin þyngdust eftir því sem ofar dró.



Kristín Björk (t.v.) og Anna Kristín voru einu dömurnar í hópnum.


Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur
white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991



BYLGJAN 989 25 ÁRA
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið



Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



Enskuskóli Erlu Ara

Enskuskóli Erlu Ara auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna. Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 40 ára og eldri.
**Við bjóðum upp á:** 10 getustig með áherslu á tal.
Styrkt af starfsmenntasjóðum.
**Skráning í síma 8917576 og erlaara@gmail.com**
Þú ert velkominn í heimsókn og tekur ákvörðum eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt.



www.enskafyriralla.is
Facebook, vertu vinur
Mjög vandað og velskipulagt endaraðuhús 167 fm. á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. 3 svefnherbergi. Rúmgóðar stofur með góðri lofthæð. Vandaðar innréttingar. Afgirt suðurverönd. Fallegt útsýni. Frágengin lóð. Húsið er laust til afhendingar. Sölumenn Ásbyrgis sýna eignina.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Opin hús í dag miðvikudag frá kl. 12.30 til 13.00**




**Seinakur 1, íbúð 101 - 210 Garðabær**

Rúmgóð og glæsileg 141,3 m2, 3ja herbergja endaíbúð á 1. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi með bílastæði í bílakjallara. Íbúðin skipt-ist í forstofu, sjónvarpsstofu, baðherbergi, stofu, borðstofu, eldhús, rúmgott svefnh. og hjónah. með sér baðherbergi. Íbúðinni fylgir sér geymsla í bílakjallara. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. **Áhvílandi er lán frá Íbúðalánasjóði ca. 22,9 m. V. 35,9 m.**10055




**Árakur 1, íbúð 202 - 210 Garðabær**

Mjög falleg og rúmgóð 4ra herbergja, 139,6 m2 endaíbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, sjónvarpsstofu eldhús, þvottahús, baðherbergi, og þrjú svefnherbergi. Íbúðinni fylgir 14,6 m2 sér geymsla í kjallara. Fallegar eikarinnréttingar, eikarparket og flísar eru á gólfum. Stórar svalir í suður. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar.Stórar svalir í suður. Íbúðin er nýmáluð og laus til afhendingar. **Áhvílandi er lán hjá Íbúðalánasjóð ca. 24.3 m. V. 33,5 m.** 10045




Heilsuræktarstöðin Studio Dan er rótgróið fyrirtæki í fullum rekstri og jafnframt stærsta heilsuræktarstöðin á Vestfjörðum. Studio Dan er vel staðsett við aðalgötuna á Ísafirði, vel búin nýlegum tækjum, og með langtíma húsaleigusamning. Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Erling Gunnarsson, löggiltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali.

HÚSANAUST FASTEIGNASALA 898 7203 erling@husanaust.is Kringlan 1 103 Reykjavík

EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957 *Elsta starfandi fasteignasala landsins*

FÉLAG FASTEIGNASALA

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Seinakur 1 – endaíbúð**




Falleg og vel hönnuð 141,3 fm íbúð á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Í íbúðinni eru stór og björt rými. Svefnherbergi er með innbyggðu sér baðherbergi og góðu skápaplássi. Sannkölluð hjónasvíta. Rúmgott herbergi, sjónvarpsherbergi og rúmgóða stofu með sambyggðu eldhúsi á móti suðri. Húsið er aðeins tveggja hæða en þó með lyftu. Undir því er bílageymsla þar sem sérgeymsla íbúðar er. Áhvíl. ÍLS ca 23 millj.
**OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:15 – 18:00. V. 35,9 m.**

**Árakur 1 – glæsileg og fullbúin**




Glæsileg og fullbúin 4ra-5 herbergja 138,8 fm íbúð á 2.hæð í vönduðu álklæddu fjölbýlishúsi á mjög góðum stað á Arnarneshæðinni. Suðursvalir. Góðar innréttingar. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Stór stofa, sjónvarpshol og borðstofa. Parket. Flísalagt baðherbergi. Mjög gott útsýni. Íbúðin er nýmáluð og til afhendingar strax.
**OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:15 – 18:00. V. 33,5 m.**

**AÐALFUNDUR KRÝSUVÍKURSAMTAKANNA**

Aðalfundur Krýsuvíkursamtakanna,
verður haldinn í Seljakirkju, þriðjudaginn
20. september 2011 kl. 17.30.
Dagskrá : Venjuleg aðalfundarstörf.
Stjórnin

**Merking - Skiltagerð.**

**Óskum eftir starfsmanni í móttöku.**

Kunnátta í Dk og bókhaldi æskileg.
Starfið er laust frá og með 19. september 2011.
Umsóknir skulu berast með tölvupósti á
merking@merking.is

## Styrkir

### til verkefna sem hvetja til virkni atvinnuleitenda

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um verkefni sem hvetja til virkni atvinnuleitenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Velferðarsviði.

Verkefnin sem sótt er um styrk til þurfa að vera hvetjandi og þau þurfa að styrkja, virkja og efla hæfni þátttakenda til að takast á við breyttar aðstæður á vinnumarkaði. Frjáls félagasamtök eru sérstaklega hvött til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til 15. september 2011.**

- Við úthlutun fjármagns er tekið mið af því að verkefnin nýtist sem flestum, að þau séu fjölbreytt og leiði til aukinnar velferðar.
- Skilyrði fyrir styrkveitingu er að námskeiðin/úrræðin sem samþykkt verða standi til boða þvert á þjónustumiðstöðvar.
- Námskeiðin/úrræðin skulu haldin á dagvinnutíma.

**Nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar:**
www.reykjavik.is/virkniverkefni

Reykjavíkurborg Velferðarsvið

## VACANY OPEN FOR CUSTOMER SERVICE/SALE/MARKETING/ TRANSPORT/ACCOUNT MANAGER

**50 POSITIONS-WANTED NOW. FULL TIME AND PART TIME JOB**
**50 POSITIONS TO FILL TODAY. FULL TIME /PART TIME JOB**

Looking for 18-50 guys and girls for Entry Level Customer service/Sale/Account Manager/Transport/ Marketing Positions.

* NO EXPERIENCE NECESSARY
* CORPORATE TRAINING PROVIDED
* Rapid Advancement
* Never A Layoff

**Responsibilities include:**
- Customer Service
- Marketing
- Product Knowledge

EMAIL TODAY FOR AN INTERVIEW
EMAIL: moseschurch21@yahoo.com

## Fjölskylduvænn vinnutími

Óskum eftir starfskrafti í Garðaskóla í 75% stöðu

Áhugasamir hafið samband við Fanný í síma 420 2500
Netfang: fanny@skolamatur.is

SKÓLAMATUR
Hollt, gott og heimilislegt

Grindavíkurbær

**Auglýsing um deiliskipulagstillögu**
**Iðnaðarsvæði við Eyjabakka - Grindavík**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Eyjabakka, auglýsist hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Forkynning tillögunnar fór fram frá 6. - 15. júlí 2011.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkur 2010 - 2030 sem auglýst var skv. 18. gr. Skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 á tímabilinu frá 9. apríl til 23. maí 2011.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Nesvegi til austurs og suðurs. Til norðurs er Austurvegur og til vesturs er Bakkalág og smábátahöfnin. Norðan Bakkalágar eru Hópsbæirnir og þjóðminjaverndarsvæði tengt þeim. Stærð skipulagssvæðisins er 33 ha.

Hægt er að nálgast tillöguna á skrifstofu Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, 240 Grindavík og á heimasíðu bæjarins www.grindavik.is.

Þeir sem vilja koma á framfæri ábendingum eða athugasemdum við deiliskipulagið skulu senda þær, eigi síðar en 19. október nk., til Tæknideildar Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eða með tölvupósti á póstfangið ingvar@grindavik.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.



**BUDDY HOLLY** tónlistarmaður (1936-1959) fæddist þennan dag.
*„Dauði hefur oft verið álitinn framaspor fyrir ferilinn.“*



†

*Ástkær móðir mín, félagi og vinur,*

**Susann Mariette Schumacher**

fyrrverandi flugfreyja, andaðist í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 29. ágúst. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni, Reykjavík fimmtudaginn 8. september kl. 15.00.

**Þökkum fyrir sýndan kærleik, ást og vinarhug.**
**Þorvaldur Skúlason Schumacher**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma okkar,*

**Elín Birna Árnadóttir**
Hafravöllum 17, Hafnarfirði,

lést að kvöldi 1. september á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 13. september kl. 13.00.

**Ómar Valgeirsson**
**Valgeir Árni Ómarsson**
**Aníta Ómarsdóttir** **Örnólfur Elfar**
**Bjarki Dagur Anítuson**
**Ómar Örn Elfar**
**Kristel Birna Elfar**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Ólafsdóttir**
frá Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu EIR sunnudaginn 4. september. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju mánudaginn 12. september kl. 15.00.

**Gísli Guðbrandsson**
**Ólafur Vignir Sigurðsson** **Inga Fanney Jónasdóttir**
**Guðmundur Hafsteinn Sigurðsson** **Ásdís Tryggvadóttir**
**Anna Filippía Sigurðardóttir**
**Stefán Bjarni Gíslason** **Ulrika Fransson**
**María Sigríður Gísladóttir**
**Guðbjörg Ólafía Gísladóttir** **Gylfi Skarphéðinsson**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Björn Hafsteinn Jóhannsson**
rekstrartæknifræðingur,
Stóragerði 42, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 31. ágúst 2011. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 8. september kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast Björns er bent á MND-félagið og líknardeildina í Kópavogi.

**Þrúður Guðrún Sigurðardóttir**
**Svana Helen Björnsdóttir** **Sæmundur E. Þorsteinsson**
**Brynja Dís Björnsdóttir** **Örvar Aðalsteinsson**
**Hildur Inga Björnsdóttir** **Jóhann Kristjánsson**
**Þórdís Björnsdóttir**
**Björn Orri, Sigurður Finnbogi og Þorsteinn Sæmundssynir**
**Birkir, Drífa og Kári Örvarsbörn**
**Æsa Jóhannsdóttir og Alda Ægisdóttir**

**ÞETTA GERÐIST:** 7. SEPTEMBER 1973

# *Mósaíkmynd Gerðar afhjúpuð*

Mósaíkmynd eftir Gerði Helgadóttur var afhjúpuð þennan dag árið 1973. Verkið er á vegg Tollstöðvarhússins í Reykjavík. Ástæða þess að ákveðið var að leita eftir listaverki á húsið var að þar sem hafnarskemman náði í gegnum húsið út að Tryggvagötu myndaðist þar 250 m² gluggalaus veggflötur út að götu. Byggingarnefnd og arkitekt voru sammála um að slíkur flötur myndi hafa slæm áhrif á heildargötumyndina. Haft var samband við Gerði þegar fjárveiting fékkst í verkið og hún vann hugmyndina út frá því að verkið þyrfti að spegla lífið við höfnina. Það tók Gerði um tvö ár að vinna verkið sem var unnið og sett upp á árunum 1972 og 1973. Hún vann verkið á verkstæði Oidtmann-bræðra í Þýskalandi sem sáu síðan um uppsetningu á Tollhúsið. Listakonan hefur hlotið einróma lof fyrir verkið, sem er 140 m² og er samsett úr meira en milljón steinum.





**RÓTGRÓIÐ FYRIRTÆKI Á LAUGAVEGI** Hjónin og eigendurnir Rüdiger og Inga vilja hvergi annars staðar vera. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ELSTA STARFANDI GLERAUGNAVERSLUN LANDSINS: 50 ÁRA

# BYGGIR Á GÖMLUM GILDUM

Gleraugnasalan 65 fagnar fimmtíu ára afmæli í ár en hún er elsta starfandi gleraugnaverslun landsins. Einungis tveir eigendur hafa haldið um stjórnartaumana frá upphafi og hefur sjónfræðingurinn Rüdiger Þór Seidenfaden, núverandi eigandi, starfað hjá fyrirtækinu í þrjátíu ár.

Hann er Þjóðverji eins og stofnandinn Walter Lentz sem hóf starfsemina á Laugavegi 12. Hann flutti á Laugaveg 65 árið 1973 og þar hefur verslunin verið síðan.

Rüdiger segir að gömul gildi hafi ávallt verið höfð að leiðarljósi. „Sem dæmi um það má nefna að Walter fékk alls kyns kauptilboð á sínum tíma en bauð mér að taka við enda þekkti ég vel til og hafði þjónað sömu viðskiptavinum í áraraðir,“ segir Rüdiger sem tók við versluninni árið 2000. Hann hefur haldið gömlu gildunum á lofti og fer varlega í rekstri.

„Þegar allt var á uppleið í þjóðfélaginu fékk ég alls kyns gylliboð um að opna útibú í Kringlunni, Smáralind og víðar. Við erum hins vegar ánægð á Laugavegi og fólk veit af okkur hér.“

Gleraugnasalan er sannkallað fjölskyldufyrirtæki en meðeigandi Rüdigers er eiginkona hans Inga Jónsdóttir. „Við kynntumst hér á sínum tíma og dætur okkar Silvía og Sandra, sem hafa starfað við afgreiðslu og bókhald, hafa verið hér með annan fótinn frá blautu barnsbeini. Meira að segja sjónfræðingurinn okkar Darri Ásbjörnsson er frændi konunnar en það vissum við ekki fyrr en eftir að hann var ráðinn. Þá hefur okkur haldist vel á starfsfólki og hefur afgreiðslukonan Helene Pampichler Pálsdóttir starfað hér frá árinu 1980. Viðskiptavinir spyrja hana hvort hún sé hluti af innréttingunum,“ segir Rüdiger og hlær.

Gleraugnasalan býður upp á mikið úrval umgjarða í öllum verðflokkum og segist Rüdiger leggja upp úr því að bjóða heiðarlegt verð. „Við leggjum líka upp úr fjölskylduvænu starfsumhverfi. Liður í því er að halda hvíldardaginn heilagan og gefa fólki færi á að gera eitthvað með fjölskyldunni. Þannig getum við líka haldið verðinu niðri því það kostar að hafa opið um helgar.“

Gleraugnasalan býður auk gleraugna upp á sjónmælingar, linsumátanir, sólgleraugu, íþróttagleraugu og ýmislegt fleira en á boðstólum eru auk þess sérstök veiðigleraugu sem Rüdiger segir eftirsótt. „Walter var mikill laxveiðimaður og hann lét hanna fyrir sig veiðigleraugu úr polariseruðum glerjum sem gera veiðimönnum kleift að sjá í gegnum vatnsyfirborðið,“ lýsir Rüdiger en hann fær viðskiptavini erlendis frá sem vilja nálgast gleraugun. Þau eru ekki framleidd lengur en fást hjá honum. Þá nefnir Rüdiger að Gleraugnasalan hafi frá upphafi verið með umboð fyrir hinar þekktu Silhouette-umgjarðir á Íslandi og fékk Walter á sínum tíma viðurkenningu fyrir mest seldu Silhouette-gleraugu í heimi miðað við höfðatölu. „Gleraugnasalan var fyrsta gleraugnaverslunin sem var með sjónvarpsauglýsingar og það virðist hafa virkað.“ **vera@frettabladid.is**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og dóttir,*

**Anna Þóra Pálsdóttir**
Grænukinn 27, Hafnarfirði,

sem andaðist á heimili sínu 31. ágúst, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. september kl. 15.00.

**Gróa Jóhannsdóttir** **Arnaldur Sigurðsson**
**Guðný Jóhannsdóttir** **Jón Einarsson**
**Fríða Jóhannsdóttir** **Magnús Waage**
**Sigurður Borgar og Jóhann Snær Arnaldssynir**
**Ingunn Þóra og Eva Rún Einarsdætur**
**Arnar og Alex Jónssynir**
**Annika og Freyr Waage**
**Tinna Mjöll og Katrín Lilja**
**Gróa Guðmundsdóttir**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigríður Beinteinsdóttir**
á Elliheimilinu Grund í Reykjavík,
áður til heimilis að Langholtsvegi 143,

sem lést fimmtudaginn 1. september, verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 9. september kl. 11.00. Aðstandendur þakka starfsfólki á deild V2 á Grund fyrir kærleiksríka umönnun.
Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Grundar.

**Synir, tengdadætur, börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

**Beinteinn Ásgeirsson**
**Einar Gunnar Ásgeirsson** **Sigrún Hjaltested**
**Ólafur Már Ásgeirsson** **Camilla Hallgrímsson**
**Valgeir Ásgeirsson** **Þórunn J. Sigurðardóttir**

# MAGNAÐ MEISTARAVERK

METSÖLUBÓK
UM ALLAN
HEIM




## Ástir, svik og hversdagsleiki

### í seinni heimsstyrjöldinni

IRÈNE NÉMIROVSKY (1903–1943) lést í fangabúðum nasista áður en handritið að *Franskri svítu* komst í hendur útgefanda. Yfir sextíu ár liðu þar til bókin var gefin út en nú hefur hún verið þýdd á fjölda tungumála og notið gríðarlegra vinsælda.



IRÈNE NÉMIROVSKY

Dóttir höfundar, DENISE EPSTEIN, er gestur á Bókmenntahátíð í Reykjavík og mun opna ljósmyndasýningu um ævi og ritverk móður sinnar

**í Borgarbókasafninu, Tryggvagötu kl. 17 í dag.**

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# Áhrif á eigin heilsu

Helga Marín Bergsteinsdóttir heilsuráðgjafi verður með fyrirlestur í kvöld klukkan 19 í World Class í Laugum sem er opinn öllum endurgjaldslaust. Þar kynnir hún meðal annars námskeið og fyrirlestra sem fram undan eru hjá World Class, VR, Ljósinu, og víðar en Helga Marín leggur áherslu á að hjálpa fólki að móta líf sitt í stað þess að bregðast stöðugt við því.

„Námskeiðin snúast um sjálfseflingu, streitulausnir og aðhald, þar sem fókusinn er settur á hugarfarið og hvernig tilfinningatengslum við mat er háttað," segir hún og kveðst vilja hjálpa fólki að taka ábyrgð á eigin lífi og vellíðan. „Markmiðið er að einstaklingurinn upplifi meiri ánægju af því að lifa heilbrigðu lífi en óheilbrigðu."



Heilsuráðgjafinn Helga Marín hjálpar fólki að hafa stjórn á mataræði sínu og tilfinningum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um væntanleg námskeið sín í Ljósinu, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein, segir hún: „Ég hef hug á að kenna sjúklingum að taka virkan þátt í heilunarferlinu og hvernig þeir geta stuðlað að betri líkamlegri og andlegri líðan." - gun

## Merkisatburðir

1822 Brasilía lýsir yfir sjálfstæði.

1874 Sigurður Guðmundsson málari deyr, 41 árs. Hann hafði skömmu áður undirbúið þjóðhátíð á Þingvöllum ásamt Sigfúsi Eymundssyni.

1972 Ísland og Belgía gera með sér samning um heimildir fyrir belgíska togara til fiskveiða innan 50 mílna markanna í tvö ár.

1992 Haraldur fimmti Noregskonungur og Sonja drottning koma í þriggja daga opinbera heimsókn til Íslands.

1996 Skotið er á bíl rapparans Tupac Shakur í Las Vegas. Hann deyr af sárum sínum sex dögum síðar.

1998 Fyrirtækið Google er stofnað.

2000 Kvikmyndin Íslenski draumurinn er frumsýnd.

---



†

*Útför ástkærrar sambýliskonu, móður, tengdamóður, ömmu, dóttur, systur, mágkonu og frænku,*

**Hrundar Helgadóttur**
hjúkrunarfræðings

verður gerð frá Hallgrímskirkju föstudaginn 9. september kl. 15. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vildu heiðra minningu hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar í Kópavogi, sími 543 1159.

**Hörður V. Sigmarsson**
**Eva Bjarnadóttir, Styrmir Goðason, Bragi Styrmisson, Snorri Örn Arnarson, Hervör Hólmjárn, Hildur Helgadóttir, Hörður Helgi Helgason, Elsa B. Valsdóttir, Guðmundur Jón Helgason, Lilja H. Ægisdóttir, Birgir Helgason og systkinabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Páll Ásgeir Tryggvason**
f.v. sendiherra,

sem andaðist í faðmi fjölskyldunnar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund að kvöldi fimmtudagsins 1. september, verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 9. september kl. 15.00.
Aðstandendur þakka starfsfólki á deild V2 á Grund fyrir einstaklega kærleiksríka umönnun. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Grundar sími: 530 6100.

**Dóra Pálsdóttir** — **Jens Tollefsen**
**Tryggvi Pálsson** — **Rannveig Gunnarsdóttir**
**Herdís Pálsdóttir** — **Þórhallur Guðmundsson**
**Ásgeir Pálsson** — **Ingibjörg Bergþórsdóttir**
**Sólveig Pálsdóttir** — **Torfi Þ. Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Jónína Margrét Gísladóttir**
áður til heimilis að Sóltúni 11,

lést á Borgarspítalanum föstudaginn 2. september. Útförin verður gerð mánudaginn 12. september kl. 13.00 í Grafarvogskirkju. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Félag Alzheimerssjúklinga www.alzheimer.is.

**Grímur H. Brandsson** — **Sigríður Ágústsdóttir**
**Tómas J. Brandsson** — **Karen Jónsdóttir**
**Ágústa Brandsdóttir Hummel** — **Werner Hummel**
**Guðbrandur G. Brandsson** — **Arnheiður Vala Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæra,*

**Þuríður Benediktsdóttir**
frá Hömrum í Haukadal,
til heimilis að Furugerði 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 31. ágúst. Útförin fer fram frá Kvennabrekkukirkju laugardaginn 10. september kl. 14.

**Hjördís Óskarsdóttir**
**Kristján Ingason** — **Kristjana Arnardóttir**
**Karl Ingason** — **Guðrún Á. Rögnvaldsdóttir**
**Jón S. Hilmarsson** — **Hólmfríður Lára Skarphéðinsdóttir**
**Þuríður Kristín Hilmarsdóttir** — **Baard Hermansen**
**barnabarnabörn, barnabarnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Guðmundsdóttir**
Dalbraut 27 (áður Laugateigi 9),

sem andaðist þann 28. ágúst s.l. á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju þann 14. september nk. kl. 11.

**Guðmundur Þórir Guðmundsson** — **Sigríður S.A. Ágústsdóttir**
**Einar S. Guðmundsson** — **Helena Frederiksen**
**Ágúst Már Guðmundsson**
**Þórdís Guðmundsdóttir**
**Ísak Hugi Einarsson**
**Mikael Þór Arnarsson**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnþór Ragnar Kristjánsson**
áður til heimilis í Skarðshlíð 29,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 4. september. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. september kl. 13.30.

**Jakobína Þórey Gunnþórsdóttir**
**Kristján Gunnþórsson** — **Jónína S. Helgadóttir**
**Þóroddur Gunnþórsson** — **Lilja Marinósdóttir**
**Sveinmar Gunnþórsson** — **Kristín Pálsdóttir**
**Eyþór Gunnþórsson** — **Soffía Valdemarsdóttir**
**Jóhanna Gunnþórsdóttir** — **Brynjólfur Lárentsíusson**
**Ragnar Gunnþórsson**
**Haraldur Gunnþórsson** — **Hallfríður Hauksdóttir**
**og afabörnin öll.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þorgils Jóhannsson**
Sóleyjarima 11,

sem lést á heimili sínu sunnudaginn 4. september, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 14. september kl. 13.00.

**Ingibjörg Ýr Þorgilsdóttir** — **Pétur Christiansen**
**Jóhann Þorgilsson** — **Hrefna Ólafsdóttir**
**Guðlaugur Gauti Þorgilsson** — **Linda Sif Bragadóttir**
**Styrmir Þorgilsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Halldórsson**
Höfða, Akranesi,

lést miðvikudaginn 31. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 9. september kl. 14.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á dvalarheimilið Höfða.

**Halldór S. Sigurðsson** — **Jóna Þorkelsdóttir**
**Guðmunda Björg Sigurðardóttir** — **Haraldur Haraldsson**
**Ásta G. Sigurðardóttir** — **Kristján Gunnarsson**
**Ómar Sigurðsson** — **Sigríður Þorgilsdóttir**
**Svanur Ingi Sigurðsson** — **Matthildur Níelsdóttir**
**Hrafnhildur Sigurðardóttir** — **Jóhann Ágústsson**
**Ingþór Sigurðsson** — **Svala Benediktsdóttir**
**Sigurbjörg Jenný Sigurðardóttir** — **Búi Grétar Vífilsson**
**og afabörn.**

---



†

*Ástkær systir okkar og frænka,*

**Þorbjörg Á. Hall**
Hjúkrunarfræðingur

andaðist 31. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin fer fram í Bunbury, Vestur-Ástralíu, 12. september næstkomandi.

**Tómasína Sigurgeirsson**
**Einar Sigurgeirsson**
**Óðinn Sigurgeirsson**
**Óskar Einarsson**
**Edda T. Óskarsdóttir**
**Vilhelmína Þ. Einarsdóttir** — **Björn J. Björnsson**
**Elísa Dögg Björnsdóttir**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Kristjana Halldórsdóttir**
frá Ísafirði,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík 30. ágúst, verður jarðsungin frá Áskirkju fimmtudaginn 8. sept kl. 13.00.

**Jóna Halldórsdóttir** — **Erlingur Runólfsson**
**Ásgeir Halldórsson** — **Erla Jónsdóttir**
**Gestur Halldórsson** — **Ingibjörg Ágústsdóttir**
**Halldór Halldórsson** — **Guðmunda Jensdóttir**
**Sturla Halldórsson** — **Bryndís Kjartansdóttir**
**Ingibjörg Halldórsdóttir** — **Ólafur Petersen**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPNUM KL.11:00
HOLLUSTA Á GÓÐU VERÐI
JÚMBÓ
HANGIKJÖTSALAT
Trópí
Trópí
Floridana
Floridana
HEILSUSAFI
359 KRÓNUR
JUMBÓ SAMLOKA
TRÓPI EÐA FLORIDANA 330ml
HÁDEGIS-TILBOÐ Í BÓNUS
ÍSLANDS NAUT
ÍSLANDS NAUT
1398
KR. KG
ÍSLANDSNAUT 100% HREINT NAUTAHAKK
ENGIN VIÐBÆTT AUKAEFNI
359
KR. 950G.
FRÁ ARGENTÍNU
NÝ FERSK LÍFRÆN EPLI
159
KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
Jarðepli
198
KR. 1.5 KG
Dole
Dole
Dole
Dole
359
KR. 1/2 KG.
AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR
Dan Sukker
Syltesukker
med pektin
SULTUKRUKKA:
98 KR
SULTUSYKUR 1 KG.
398 KR
HÁMARK
HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR
165
KR. 250ML
HÁMARK er íslenskur próteindrykkur úr íslenskri mjólk með háu hlutfalli mysu- og mjólkurpróteina og 25 gr. af próteinum eða 10% af heildar innihaldi.
Bitafiskur
1398
KR. PK
GULL BITAFISKUR
200G FISKUR:
162G AF PRÓTEINUM
249
KR. KG
Dole
FRÁBÆR NÆRING Á SANNGJÖRNU VERÐI
GERÐU ÞINN EIGIN HEILSU-ÁVAXTADRYKK HEIMA
MIKIÐ ÚRVAL AF FROSNUM ÁVÖXTUM Í BÓNUS
LÝSI
BÆTANDI
BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS LÝSI
500 ML.
398
KR.FL
pick me up.
in fruit we trust.
one ingredient: fruit.
no bad stuff. zilch, zero, nada.
froosh
298
KR. 250ML
froosh
fruit: bottled
HREINN ÁVAXTA ORKUDRYKKUR
Mango
598
KR.1 KG
FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG
jordbær
498
KR.1,2 KG
FROSIN JARÐARBER 1,2 KG
OTA
SOL GRYN
Sunde kernerístede havregryn
695
KR. 2 KG
OTA SOL GRYN
2 KG. PAKKI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hróss, **6.** fæddi, **8.** gagn, **9.** lærir, **11.** fíngerð líkamshár, **12.** orðrómur, **14.** fet, **16.** berist til, **17.** bar, **18.** tímabils, **20.** klaki, **21.** baktal.

**LÓÐRÉTT**
**1.** blöðru, **3.** öfug röð, **4.** sumbl, **5.** arinn, **7.** limlesta, **10.** stykki, **13.** rölt, **15.** aflast, **16.** eldur, **19.** vörumerki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lofs, **6.** öl, **8.** nyt, **9.** les, **11.** ló, **12.** umtal, **14.** skref, **16.** bt, **17.** krá, **18.** árs, **20.** ís, **21.** last.
**LÓÐRÉTT: 1.** bólu, **3.** on, **4.** fyllerí, **5.** stó, **7.** lemstra, **10.** stk, **13.** ark, **15.** fást, **16.** bál, **19.** ss.


SkjárEinn í opinni dagskrá
Ef þú er með Sjónvarp Símans sérðu SkjáEinn í opinni dagskrá á miðvikudögum í september. Magnaður miðvikudagur!

Síminn



MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

**Lausir tímar til leigu í íþróttahúsi Menntaskólans við Sund**

Í íþróttahúsi Menntaskólans við Sund eru lausir til leigu nokkrir tímar í vetur. Nánari upplýsingar er að finna á vef skólans **www.msund.is.**

**Rektor**



RE/MAX LIND

**Þarftu að selja eða kaupa ?**
Viltu frítt söluverðmat?



**Hafðu samband**
**862 8110**

Erna Svala Gunnarsdóttir
Sölufulltrúi
erna@remax.is
Sími: 862 8110

Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. Fasteignasali




# Kurteisisgjafir

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Gjafir geta verið gríðarlega vandasamt fyrirbæri. Sá sem gefur eða þiggur getur orðið fastur í svo flóknu mynstri að það væri hrein guðsgjöf að losna úr því.

**BOLLI** Þorleiksson var með þetta á hreinu enda var það hans fyrsta verk, þegar hann var búinn að stinga undan Kjartani Ólafssyni, að bjóða þessum fóstbróður sínum og frænda hesta að gjöf. Hvað átti Kjartan að gera þá? Taka þá fegins hendi og segja: „Jæja, ég get þá alla vega riðið?“ Nei, það sjá það allir hversu flókið þetta getur verið.

**ÉG HEF** það á tilfinningunni að gjafaskipti séu einfaldari á Íslandi nú á dögum, en hins vegar eru þau enn partur af svo flókinni fléttu hér í Andalúsíu að þau eru um það bil að fléttast mér um háls. Fyrir utan þessar gjafir sem við Íslendingar þekkjum að góðu einu eru hér gefnar eins konar kurteisisgjafir. Tilefnin eru nafnadagar, einfaldar heimsóknir, heimkoma eftir ferðalög og ótal önnur tilefni sem ég kann enn ekki skil á.

**ÞETTA** gjafmildi hljómar ágætlega en þó myndi ég gefa mikið fyrir það að fá engar kurteisisgjafir og þurfa því ekkert að gefa nema þá þegar ég sé eitthvað sem ég tel alveg tilvalda gjöf fyrir einhvern jafnvel þótt tilefnið skorti.

**FYRIR** það fyrsta þykir mér svo óhemju leiðinlegt að versla að ég er viss um að ég væri tíu árum yngri í hjarta mínu ef ég hefði aldrei þurft að kaupa kurteisisgjöf. Síðan eru þessar gjafir venjulega óttalegur hégómi og hálfgert rusl. Það er nefnilega eins og fólk vilji ekki gefa þér það sem þú hefur áhuga á heldur eitthvað sem þú átt að hafa áhuga á. Til dæmis gefur enginn mér vínflösku, sem þó er örugg leið til að gleðja Íslending. Geisladisk gefur ekki nokkur maður hér og hvað þá aðgöngumiða á nautaat eða í leikhús. Hins vegar finnst fólki alveg tilvalið að gefa eitthvert glingur, rándýrt bindi, slaufu eða ermahnappa og til að undirstrika andleysið fær maður líka eldhúsáhöld.

**ÞAÐ** versta af öllu er að ég er engu fundvísari á gjafir sem gleðja. Til dæmis færði ég einum félaga mínum brennivínsflösku þegar ég kom hingað um daginn úr Íslandsreisunni. Félaginn bauð mér inn í stofu. „Má ekki bjóða þér eitthvað að drekka?“ sagði hann svo og náði í brennivínsflöskuna sem ég gaf honum í fyrra.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# HAUSTFERÐ UPP Í SÓFA




## Í september eru dagarnir stuttir og kvöldin löng.

Komdu í ferðalag með Eymundsson. Áfangastaðurinn er sófinn þinn, með viðkomu á Manhattan, Stokkhólmi og Suðurskautslandinu. Samferðafólkið eru millar og morðingjar, framakonur og hvunndagshetjur.

Kveiktu á kertum og kúrðu þig undir teppi. Þú þarft ekki einu sinni að pakka.

**Þrusukiljur á lækkuðu verði í Eymundsson.**

MUNIÐ
OPIÐ TIL KL. 22
Í AUSTURSTRÆTI,
Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG
OG Á AKUREYRI

ENNEMM / SÍA / NM47965

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Eymundsson.is

# menning

menning@frettabladid.is

**KONTRABASSINN Í FLUTNINGI ANDERS AHNFELT RØNNE** Anders Ahnfelt Rønne flytur sýningu sína Kontrabassann eftir Patrick Süskind í Norræna húsinu fimmtudaginn 8. september klukkan 20. Verkið er á dagskrá í tengslum við Alþjóðlega bókmenntahátíð í Reykjavík og aðgangseyrir er 1.500 krónur.

## Eftirvænting hjá Sinfó

„Það er mikil eftirvænting og spenna í loftinu, enda er okkar fyrsta heila starfsár í Hörpunni að hefjast,“ segir Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Í kvöld fara fram aukatónleikar upphafstónleika hljómsveitarinnar fyrir starfsárið 2011 og 2012 í Eldborg í Hörpu. Með hljómsveitinni koma fram þeir Vladimir Ashkenazy og Víkingur Heiðar píanóleikari en hann leikur einleik með hljómsveitinni í þriðja píanókonserti Rachmaninoffs.

Ashkenazy er þar á heimavelli, en sjálfur hefur hann hljóðritað píanókonserta Rachmaninoffs í tvígang sem einleikari, undir stjórn André Previn og Bernards Haitink.

Þriðji píanókonsert Rachmaninoffs gerir miklar kröfur til einleikarans. Bæði er hann óvenjulangur auk þess sem hann þykir sérlega flókinn.

Eftirvæntingar gætir augljóslega víðar en hjá starfsfólki Sinfóníunnar. Margrét segir að bæði hafi miðasala gengið vel og sala á áskriftarkortum aukist um fimmtíu prósent á milli ára.



**Á ÆFINGU** Víkingur Heiðar og Vladimir Ashkenazy koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Uppselt er á upphafstónleikana sem fram fara á fimmtudagskvöldið. Margrét segir að búist sé við fullu húsi gesta á tónleikana í kvöld líka, þótt ekki sé uppselt. Báðir tónleikarnir fara fram klukkan 19.30. **- hhs**






## Þrjár kynslóðir málara mætast

Listasafn Árnesinga ★★★

**Almynstur**

Arnar Herbertsson, Davíð Örn Halldórsson og JBK Ransu. Sýningarstjóri Sigríður Melrós Ólafsdóttir.

**Til 11. desember. Til 30. sept. er Listasafn Árnesinga opið alla daga 12-18, en frá 1. okt. fim-sun. 12-18.**

Sýning á verkum þriggja málara af ólíkum kynslóðum stendur nú yfir í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Arnar Herbertsson er fæddur 1933, JBK Ransu 1967 og Davíð Örn tæpum áratug síðar eða 1976. Yfir fjörutíu ár skilja því að þann yngsta og elsta, en þessa gætir þó varla á sýningunni. Sigríður Melrós Ólafsdóttir, deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Íslands er sýningarstjóri í boði Listasafns Árnesinga. Það hefur reynst Listasafni Árnesinga vel að fá sýningarstjóra utan frá og eflt starfsemi þess.

Arnar Herbertsson hefur unnið að list sinni um árabil, hann var einn af SÚM hópnum og sýndi nokkuð framan af ferli sínum en síðan heldur minna. Ef til vill hefur brauðstritið ráðið þar mestu, þó erfitt sé að fullyrða um slíkt. Eftir 1990 hafa verk hans verið meira í sviðsljósinu en Arnar málar enn af krafti. 2009 vakti einkasýning hans í StartArt á Laugavegi verðskuldaða athygli. Í skrifum um sýninguna þá komu verk þeirra JBK Ransu og Davíðs Arnar einmitt upp í hugann, það er í sjálfu sér rakið að sýna verk þessara þriggja listamanna saman.

Heildarsvipur sýningarinnar í Hveragerði er nokkuð sterkur, sérstaklega kallast á verk þeirra Arnars og Davíðs Arnar, í síbylju myndflatarins þar sem nær þráhyggjukennt er unnið með hvern fersentimetra en um formræna myndbygginguna er síður að ræða. Miðað við nýjustu verkin hjá Davíð Erni virðist hann í nokkurri þróun honum tekst að halda dampi. JBK Ransu sýnir verk af sama toga og sést hafa á síðustu árum og hér sakna ég öflugra framlags nýrra verka.



**SÝNINGIN ALMYNSTUR** Málverk Arnars Herbertssonar þykja sér á parti í íslenskri myndlist og myndheimur hans forvitnilegur.

Arnar Herbertsson er forvitnilegur listamaður og málverk hans nokkuð sér á parti í íslenskri myndlist. Ekki síðri eru grafíkverk hans og teikningar sem sýningin kitlar forvitni áhorfandans með og gaman hefði verið að sjá meira af þeim. Samspil málaranna þriggja er að finna í vinnubrögðum og sjónrænum þáttum verka en afstaða þeirra til myndlistar er ólík, hér hefur hver sína skoðun. Arnar tengist einna helst straumum og stefnum frá fyrri hluta 20. aldar, Ransu hugmyndalist og málverki síðari hluta sömu aldar en Davíð Örn er af kynslóð listamanna sem vinnur út frá dægurmenningu frekar en hinu stóra samhengi listasögunnar. List tveggja síðarnefndu hefur verið kynnt rækilega á síðustu árum bæði á einka- og samsýningum og kemur því minna á óvart en forvitnilegur myndheimur Arnars Herbertssonar.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Heildstæð sýning, litrík og skemmtileg heim að sækja. Myndheimur Arnars Herbertssonar er forvitnilegur og allrar athygli verður. Málverk Davíðs Arnar og JBK Ransu vinna ágætlega með verkum Arnars sem eru þungamiðja sýningarinnar.

## *Herta Müller á Bókmenntahátíð*

Bókmenntahátíð Reykjavíkur verður sett í dag. Meðal þeirra sem flytja ræðu við það tilefni er Nóbelsverðlaunahafinn Herta Müller, sem er meðal erlendra gesta hátíðarinnar að þessu sinni. Herta Müller sem hlaut Nóbelsverðlaunin fyrir tveimur árum hefur verið lítt þekkt hér á landi enda hefur til skamms tíma einungis ein bók eftir hana verið til íslenskri þýðingu, bókin Ennislokkur einvaldsins, Der Fuchs war damals schon der Jäger á frummálinu, sem kom út árið 1995.

Nú er hins vegar komin út bókin Andarsláttur eða Atemschaukel í þýðingu Bjarna Jónssonar. Sú bók vakti mikla athygli þegar hún kom út árið 2009. Í henni segir frá afdrifum ungs manns sem í lok heimsstyrjaldarinnar síðari er sendur í vinnubúðir í Rússlandi. Maðurinn tilheyrir, líkt og Herta, hinum þýskumælandi minnihluta í Rúmeníu og byggir sagan að einhverju leyti á minningum skáldsins Oskars Pastior og móður Hertu.

Herta Müller fæddist árið 1953 í borginni Nitzkydorf í Rúmeníu. Fyrsta bók hennar, Niederungen, kom út árið 1982. Sú bók var ritskoðuð af rúmenskum stjórnvöldum. Herta flúði ásamt manni sínum árið 1987 til Þýskalands, þar sem hún hefur búið síðan. Verk Hertu eru flest sögð frá sjónarhóli þýska minnihlutans í Rúmeníu en þess má geta að í rökstuðningi sænsku akademíunnar árið 2009 sagði að Müller hefði dregið upp mynd af landslagi hinna landlausu með einbeitni ljóðsins og hreinskilni hins lausa máls. **- sbt**



**HERTA MÜLLER** Verðlaunabók hennar Atemschaukel er nýkomin út í íslenskri þýðingu og ber heitið Andarsláttur. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

**BÓKMENNTAHÁTÍÐ**

**15.00** Setning Bókmenntahátíðar í Reykjavík í Norræna húsinu. Meðal ræðumanna eru rithöfundarnir Herta Müller og Einar Kárason. **Norræna húsið.**

**17.00** „Ég stend á brennandi hrauni.“ Ljósmyndasýning um ævi frönsku skáldkonunnar Irene Nemirovsky, sem lést í fangabúðum nasista í Auschwitz í seinna stríði. **Ljósmyndasafn Reykjavíkur.**

**20.00** Upplestur. Kristof Magnusson, Ragna Sigurðardóttir, Sara Sridsberg, Hallgrímur Helgason, Ingo Schulze. **Iðnó.**


Til hamingju Reykjavík!
Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO
Félag íslenskra bókaútgefenda, Penninn-Eymundsson
og Prentsmiðjan Oddi óska Reykvíkingum til hamingju
með að búa nú í Bókmenntaborg UNESCO.
www.bokmenntaborgin.is
FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA
Eymundsson
Bóksali frá 1872
ODDI

# Fólk

folk@frettabladid.is



**5. DIE HARD-MYNDINNI** um harðhausinn John McClane verður leikstýrt af Kenny Ortega, en hann er þekktastur fyrir að hafa leikstýrt High School Musical-myndunum.



**ÞVÍ HRÆDDARI ÞVÍ BETRA** Adele ælir alltaf áður en hún kemur fram á tónleikum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Adele ælir af sviðsskrekk

Breska söngdívan Adele, sem hefur skotist hratt upp á stjörnuhimininn undanfarið, þjáist af miklum sviðsskrekk. Ætla mætti að söngkonan væri orðin vön því að koma fram en sú er ekki raunin. Adele kastar alltaf upp áður en hún stígur á svið og segir í viðtali við bandaríska blaðið US Magazine að hún sé fegin að æla ekki á sjálft sviðið. „Það er orðið þannig að því hræddari sem ég er fyrir tónleika, þeim mun betri verða þeir.“

Adele vann meðal annars Grammy verðlaunin sem nýgræðingur ársins árið 2009 og syngur titillag nýjustu James Bond-myndarinnar.

# Casper og Frank undirbúa Klovn 2

**Dönsku háðfuglarnir Casper Christensen og Frank Hvam eru að undirbúa sig fyrir nýja uppistandssýningu sem verður frumsýnd í byrjun október. Og þeir eru reiðubúnir að skella sér aftur í trúðsgallann.**



**AFTUR Á HVÍTA TJALDIÐ** Casper og Frank Hvam ætla að gera Klovn 2 á næsta ári. Þeir ganga jafnframt með hugmynd að annarri mynd í maganum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Klovn 2 verður að veruleika samkvæmt viðtali Jyllands-Posten við grínistann Casper Christensen. „Við höfum ákveðið að gera eina mynd í viðbót en ég get ekki tjáð mig um hvað myndin fjallar um, við höfum bara tekið þessa ákvörðun,“ hefur blaðið eftir Casper. Frank Hvam lét hafa eftir sér í samtali við Fréttablaðið þegar trúðarnir heimsóttu Ísland að það væri allsendis óvíst að Klovn 2 yrði gerð. „En ef við fáum góða hugmynd og höfum áhuga þá gerum við auðvitað aðra mynd,“ sagði hann þá.

Þessi tíðindi ættu ekki að þurfa koma mörgum í opna skjöldu því tæplega níu hundruð þúsund Danir sáu myndina í bíó, hún gerði góða hluti í Noregi og Íslendingar flykktust í bíó til að sjá trúðana fara á kostum. „Þetta mun gerast á næstu átján mánuðum enda er þetta kvikmynd. Og maður gerir ekki bara kvikmynd upp úr þurru, slíkt tekur sinn tíma. En við viljum gera meira af Klovn og það ætlum við að gera,“ segir Casper og bætir því við að þeir gangi jafnframt með hugmynd að annarri mynd í maganum sem tengist Klovn-tvíeykinu ekkert. „Við vitum ekki alveg hvor þeirra verður á undan.“

Casper og Frank eru að skríða út úr skelinni eftir ævintýrið í kringum Klovn-kvikmyndina, þeir eru nú að undirbúa uppistandssýningu sem fer á fjalirnar í október og heitir Casper og Frank. Nu som mennesker eða Casper og Frank. Í eigin persónu. **freyrgigja@frettabladid.is**








**AUKATÓNLEIKAR** Björk á tónleikum í Manchester fyrr á árinu. Hún syngur í Eldborgarsalnum 7. nóvember.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Björk í Eldborginni

Vegna mikillar eftirspurnar hefur verið ákveðið að bæta við aukatónleikum á Biophilia-tónleika Bjarkar 7. nóvember.

Tónleikarnir verða haldnir í stærsta sal Hörpunnar, Eldborg, sem tekur 1.600 manns í sæti. Áður höfðu miðar selst upp á átta tónleika Bjarkar í Silfurbergi sem tekur 750 manns í sæti.

Miðasala á tónleikana hefst á Harpa.is og Midi.is á föstudaginn kl. 12.

Á tónleikunum flytur Björk lög af væntanlegri plötu sinni, auk laga sem fest hafa hana í sessi sem listamann í gegnum árin. Notast verður við stafrænt pípuorgel og þriggja metra háan pendúl sem nýtir sér þyngdarafl jarðar til að skapa tónmynstur.

Platan Biophilia kemur út 10. október og hefur hún fengið mjög góða dóma í bresku tónlistartímaritunum Q og Mojo, eða fjórar stjörnur af fimm mögulegum.

## Uppselt á Airwaves

Uppselt er á tónlistarhátíðina Iceland Airwaves, fimm vikum fyrir hátíð. Aldrei áður hefur selst svo fljótt upp á hátíðina og því ríkir mikil gleði hjá skipuleggjendum hennar. Átatíu flytjendur til viðbótar hafa jafnframt verið tilkynntir á hátíðina. Á meðal þeirra sem stíga á svið á Airwaves verða Mugison, Sinéad O´Connor, Dikta, Jón Jónsson, Krummi, Mammút, Song For Wendy, Q4U, Ikea Satan, Beach House og John Grant. Rokksveitin The Vaccines heltist aftur á móti úr lestinni í síðustu viku. Airwaves fer fram dagana 12. til 17. október.



**BEACH HOUSE** Hljómsveitin Beach House spilar á Airwaves-hátíðinni í október.

www.lyfja.is




# Gjöfin þín að verðmæti 14.000 kr.

er í Lyfju Lágmúla, Laugaveg, Smáratorgi, Smáralind, Garðabæ, Egilsstöðum og Keflavík

Ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 kr. eða meira er þetta gjöfin þín*

- DDML Gula kremið 30 ml
- Youth surge rakakrem 15 ml
- Deep comfort handáburður 30 ml
- High lengths maskari 5 ml
- Superbalm gloss raspberry 7 ml
- Colour surge augnskuggi 8 gr

*meðan birgðir endast

CLINIQUE BONUS

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafrítt.

LYFJA

- Lifið heil

# UPP OG NIÐUR AÐ VINNA MIKIÐ MEÐ SJÁLFUM SÉR

**Fyrsta plata Sóleyjar Stefánsdóttur í fullri lengd, We Sink, er komin út. Sóley er á þriggja vikna tónleikaferð um Evrópu þar sem hún er eina stelpan í hópnum.**



**Á TÓNLEIKAFERÐ UM EVRÓPU** Sóley Stefánsdóttir er á þriggja vikna tónleikaferðalagi um Evrópu.

Fyrsta plata Sóleyjar Stefánsdóttur í fullri lengd, We Sink, er komin út. Þýska útgáfufyrirtækið Morr Music gefur plötuna út erlendis en hér heima annast Kimi Records útgáfuna.

Sóley var í eitt ár að semja plötuna og taka upp og gekk það allt saman mjög vel. „Auðvitað komu stundir þar sem ég fékk algjörlega nóg af því að hlusta á sjálfa mig. Þetta er rosalega mikið upp og niður að vinna svona mikið með sjálfum sér,“ segir Sóley.

Aðspurð segist hún ekki hafa lagt upp með neitt sérstakt þema fyrir plötuna. „Ekki beint, fyrir utan að mig langaði að þróa það sem ég gerði á EP-plötunni minni (Theater Island) og halda áfram með sama hljóðheim og stemningu.“ Þar var tónlistin píanóskotin en með lágstemmdum poppáhrifum.

We Sink kemur út á geisladiski og tvöfaldri vínylplötu. Platan var tekin upp af Sóleyju sjálfri með dyggri aðstoð Sindra Más Sigfússonar, Héðins Finnssonar og Birgis Jóns Birgissonar, Sundlaugarvarðar. Umslagshönnun var í umsjá Ingibjargar Birgisdóttur en einnig er að finna myndverk eftir hana á hlið 4 á vínylplötunni.

Sóley, sem er einnig meðlimur í Seabear og Sin Fang, er þessa dagana á þriggja vikna tónleikaferðalagi um Evrópu til að fylgja plötunni eftir. Þar spilar hún sín lög en einnig lög með Sin Fang. Með henni í ferðalaginu eru eintómir strákar, eða þeir Sindri Már Sigfússon, forsprakki Sin Fang, Arnljótur Sigurðsson bassaleikari, Róbert Reynisson gítarleikari, Magnús Tryggvason Eliassen trommari og Jón Óskar slagverksleikari. Aðspurð segir hún það ekkert erfitt að vera eina stelpan í hópnum. „Ég verð að viðurkenna að mér finnst alveg frábært að vera með þessum strákum. Þeir eru náttúrulega strákar og haga sér eftir því en nú er búið að skipa Magga trommara sem trúnaðarmann minn þannig að þegar einhver segir eitthvað dónalegt horfi ég á Magga, hann ranghvolfir augunum og ég segi: Já, ég veit, þessir strákar.“

Útgáfutónleikar vegna plötunnar eru áætlaðir í byrjun október í Reykjavík eftir að tónleikaferðinni um Evrópu lýkur.

freyr@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 7. september 2011**

### Opnanir

**17.00** Sýningin Ég skrifa á brennheitu hrauni... , um ævi og ritverk Irène Némirovsky opnuð í Borgarbókasafninu, Tryggvagötu 15. Tilefnið er útgáfa skáldsögunnar Frönsk svíta.

### Málþing

**14.00** Heilbrigðisvísindasvið og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands stendur fyrir málþinginu Er konum mismunað innan vísindasamfélagsins? Málþingið er haldið í sal Þjóðminjasafnsins og fer fram á ensku.

### Handverkskaffi

**20.00** **Páll Kristjánsson** hnífasmiður kynnir hnífagerð í Gerðubergi. Allir velkomnir.

### Uppistand



**21.00** Bandaríski uppistandarinn **DeAnne Smith** með uppistand ásamt **Rökkva Vésteinssyni** á Sódóma. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

### Tónlist



**21.00** Hljómsveitin **1860** heldur hlustunarpartý á breiðskífunni Sagan á Hemma og Valda. Allir velkomnir.

**21.00** Norska hljómsveitin **Jitney** spilar á Faktorý ásamt Swords of Chaos, Loja og Ofvitunum. Frítt inn.

### Myndlist

**10.00** Myndlistarkonan **Margrét Zóphóníasdóttir** sýnir verk sín í SÍM húsinu, Hafnarstræti 16. Sýningin stendur til 28. september. Allir velkomnir.

### Reykjavík Dance Festival

**17.00** Opnun sviðslistahluta Reykjavík Dance Festival fer fram í Tjarnarbíói. Allir velkomnir.

**17.30** Hópurinn **Tranz** sýnir dansverkið Tanz í Tjarnarbíói. Miðaverð er kr. 2.000 en hátíðararmband kostar kr. 9.900.

**19.00** Verkið What a feeling + Heilaryk sýnt í Tjarnarbíói. Miðaverð er kr. 3.500.

**20.00** Verkið Dedication sýnt í Tjarnarbíói. Miðaverð er kr. 2.000.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**ÞRIÐJI SONURINN** Leikstjórinn Guy Ritchie eignaðist sinn þriðja son með kærustu sinni Jacqui Ainsley í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Faðir á ný

**Leikstjórinn og fyrrverandi eiginmaður Madonnu, Guy Ritchie eignaðist son í vikunni. Kærasta leikstjórans er fyrirsætan Jacqui Ainsley og heilsast móður og barni vel. Þetta er þriðji sonur Ritchie en hann á synina Rocco, ellefu ára, og David Banda, fimm ára, með Madonnu, sem hann var giftur í átta ár. Leikstjórinn, sem er með myndir á borð við Snatch á ferilskránni, ku vera í skýjunum með fjölgunina.**





**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| CRAZY, STUPID, LOVE LUXUS VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 10:10 | 2D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 5:40 - 10.30 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:30 | 3D | 16 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | kl. 8 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE. | kl. 8 | 2D | 7 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| GREEN LANTERN | kl. 8 - 10:10 | 3D | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 5:20 | 3D | L |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5:20 | 2D | L |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 8 - 10:20 | 3D | 16 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 8 | 2D | 14 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 5:20 - 10:30 | 2D | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| SMURFS M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |

Kvikmyndahátíð daganna 26.Ágúst til 12.September

| | | |
|---|---|---|
| RED CLIFF enskur texti | kl. 5 | 14 |
| BAARÍA M/íslenskum texta | kl. 5 | 7 |
| THE BEAVER ó textuð | kl. 8 | 12 |
| HESHER M/íslenskum texta | kl. 8 | 16 |
| RABBIT HOLE M/íslenskum texta | kl. 10 | 12 |
| THE TREE OF LIFE ó textuð | kl. 10 | 10 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 30 MINUTES OR LESS LÚXUS | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| Á ANNAN VEG | KL. 8 | 10 |
| THE CHANGE-UP | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 3.30 - 5.50 - 8 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 10 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| FRIENDS WITH BENEFITS KL. | 10.10 | 12 |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| Á ANNAN VEG | KL. 6 - 8 - 10 | 10 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| THE CHANGE-UP | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| GREATEST MOVIE EVER SOLD | KL. 5.50 | L |
| SPY KIDS 4D | KL. 5.50 | L |
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 10.20 | 16 |
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 | L |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| THE CHANGE-UP | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 6 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE DEVILS DOUBLE | 5.50, 8 og 10.20 |
| CHANGE UP | 8 og 10.20 |
| SPY KIDS - 4D | 6 |
| CONAN THE BARBERIAN | 8 og 10.20 |
| STRUMPARNIR - 3D | 6 - ISL TAL |

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

| MIÐVIKUDAGUR: | |
|---|---|
| SVINALANGORNA (OPNUN KV.NOR.) | 19:30 |
| ANDLIT NORÐURSINS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ANIMAL KINGDOM | 17:50, 20:00, 22:10 |
| MARY & MAX | 18:00 |
| HOWL | 20:00 |
| MONSTERS | 22:00 |

ÍSLENSKUR TEXTI / ENGLISH SUBTITLES

KVIKMYNDA-VERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 7.-11. SEPT. 2011



VERTU FASTAGESTUR! 15% afsláttur af öllum kortum til 15. september.





cooler training
CLIMACOOL® ventilation keeps
you cool from start to finish.
adidas.com/women
© 2011 adidas AG. adidas, the 3-Bars logo and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.






adidas®

# sport

sport@frettabladid.is



**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** er nú búinn að skora fjögur mörk í fyrstu átta A-landsleikjunum sínum en sigurmarkið hans á móti Kýpur í gær var fyrsta mark hans í leik í undankeppni HM eða EM. Kolbeinn hafði fyrir leikinn skoraði 3 mörk í 4 vináttuleikjum en ekki náð að skora í þremur alvöru landsleikjum sínum (2 á móti Danmörku og 1 á móti Noregi).

**Ísland 1-0 Kýpur**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 5267 Jovanetic frá Serbíu (6)

*1-0 Kolbeinn Sigþórsson (4.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 6–11 (3–6) |
| Varin skot | Hannes 6 - Giorgallides 1 |
| Horn | 5–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–18 |
| Gul spjöld | 2-3 |
| Rangstöður | 5-6 |

**ÍSLAND** 4–3–3

| | |
|---|---|
| ***Hannes Þór Halldórsson** | **8** |
| Birkir Már Sævarsson | 5 |
| Kristján Örn Sigurðsson | 8 |
| Hallgrímur Jónasson | 7 |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | 6 |
| Helgi Valur Daníelsson | 5 |
| Eggert Gunnþór Jónsson | 7 |
| Eiður Smári Guðjohnsen | 5 |
| Birkir Bjarnason | 5 |
| (83., Björn Bergmann Sigurðarson | -) |
| Kolbeinn Sigþórsson | 6 |
| (83., Alfreð Finnbogason | -) |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 7 |
| (88., Matthías Vilhjálmsson | -) |

Hannes Þór Halldórsson og Alfreð Finnbogason eftir sigurinn á Kýpur í gær:

## Ég mun lifa lengi á þessu kvöldi

**FÓTBOLTI** Hannes Þór Halldórsson lék sinn fyrsta landsleik í gær er Ísland mætti Kýpur og stóð sig afar vel. Hann bjargaði oft á ögurstundu og hélt marki sínu hreinu. Íslendingar unnu 1-0 sigur og Hannes brosti út að eyrum eftir leikinn. „Þetta var algjört draumakvöld fyrir mig,“ sagði Hannes.

„Sigrarnir eru alltaf sætastir fyrir okkur markmennina þegar við náum að halda markinu hreinu. Það skemmir heldur ekki fyrir ef við fáum boltann í okkur nokkrum sinnum. Liðið átti sigurinn skilið í kvöld. Leikmennirnir lögðu sig allir gríðarlega mikið fram og börðust eins og ljón allan leikinn. Þetta var týpískur sigur liðsheildarinnar. Þetta féll nokkuð vel fyrir mig í kvöld og stundum kemur það fyrir að sóknarmaðurinn sleppur einn í gegn. Þá er frábær tilfinning að ná að redda málunum. Það var frábært að taka þátt í þessu verkefni með landsliðinu og ég varð bara að nýta tækifærið. Þetta er reynsla sem ég mun lifa lengi á.“



**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON** Fagnar sigrinum í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Alfreð Finnbogason, sem spilaði síðustu tíu mínútur leiksins gegn Kýpur, var hress í leikslok. „Jú, það er ekki annað hægt. Það var löngu kominn tími á sigur, þetta datt fyrir okkur í dag og við erum hrikalega ánægðir með það,“ sagði Alfreð, sem sagði stemninguna inni í klefa hafa verið skrýtna.

„Það er svo langt síðan við höfum unnið leik að ég held við höfum gleymt því hvernig á að fagna. Menn voru fyrst og fremst ánægðir með að enda þetta mót með stolti og sérstaklega fyrir Óla, sem hefur legið undir mikilli gagnrýni,“ segir Alfreð.

Alfreð segir gagnrýnina réttmæta enda hafi úrslitin ekki verið góð í mótsleikjum. „Ábyrgðin er að stórum hluta leikmannanna líka. Við getum ekki sett alla ábyrgðina á hann. Við erum samsekir í þessu,“ sagði Alfreð, sem sagði ólíkt betra að ræða við fjölmiðlamenn eftir sigurleiki. „Já, menn hafa verið með kvíða að koma út úr klefanum að tala við blaðamenn en ég held að það geri allir með glöðu geði í kvöld.“ - sáp, ktd



**BJÖRN BERGMANN** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Móðir Björns Bergmann:

## Alltaf jafn góð tilfinning

**FÓTBOLTI** Það hafa líklega fáir verið jafnánægðir með innáskiptingu Björns Bergmanns Sigurðarsonar í íslenska landsliðið í gærkvöld og móðir hans Bjarney Þ. Jóhannesdóttir.

„Já, það var ofboðslega góð tilfinning,“ sagði Bjarney, sem hefur áður séð syni sína Þórð, Bjarna og Jóhannes Karl stíga sín fyrstu spor með landsliðinu. Það er alltaf jafn flott og góð tilfinning að sögn Bjarneyjar.

Hún segir Björn Bergmann ótrúlega rólegan og yfirvegaðan og telur það jafnvel hafa hjálpað honum að ná svona langt.

„Hann hefur ekkert verið að stressa sig yfir hlutunum. Það er langt í frá,“ sagði Bjarney, sem ætlaði að eiga notalega kvöldstund með Birni og Þórði heima á Akranesi í gærkvöld.

„Ég hugsa að það verði lítið gert. Í mesta lagi keypt pitsa,“ sagði stolt móðir á leiðinni heim á Skagann. - ktd

**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!**

1. stig alm. hluta hefst 26. sept. og 2. stig alm. hluta hefst 3. okt. Gilda jafnt fyrir allar íþróttagreinar. Skráning á **namskeid@isi.is** eða í síma 514-4000. Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá einnig á **www.isi.is**

Aðrir leikir í undankeppni EM 2012 í gærkvöldi:

## Ítalía og Spánn inn á EM

**FÓTBOLTI** Ítalía og Spánn tryggðu sér sæti í úrslitakeppni EM í gær. Giampaolo Pazzini skoraði eina markið á 85. mínútu í 1-0 sigri Ítala á Slóveníu en Spánverjar léku sér að Liechtenstein á heimavelli og unnu 6-0 sigur. Þjóðverjar eru líka komnir inn á EM auk gestgjafa Pólverja og Úkraínumanna og þá vantar Holland og England aðeins eitt stig til viðbótar til þess að bætast í hópinn. Ashley Young tryggði Englandi 1-0 sigur á Wales á Wembley í gær. - óój

1.300.0



ÞÚ TALDIR RÉTT:
**1.300 MILLJÓNIR**

Fíton/SÍA

# ÞRJÚ STIG ÞEGIN MEÐ ÞÖKKUM

Ísland vann sinn fyrsta sigur í mótsleik í tæp þrjú ár er landsliðið vann nauman 1-0 sigur á Kýpur. Ólafur Jóhannesson kvaddi því Laugardalsvöllinn með sigri þó svo að það hafi staðið ansi tæpt á löngum köflum.

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið batt í gær enda á rúmlega þúsund daga bið eftir sigri í mótsleik er liðið bar sigurorð af Kýpur á Laugardalsvelli, 1-0. Kolbeinn Sigþórsson skoraði markið strax á fjórðu mínútu.

Eftir líflegan stundarfjórðung í upphafi leiksins var útlitið ansi gott hjá Íslandi. En þá fóru leikmenn hægt og rólega að gefa eftir og gestirnir færðu sig upp á skaftið. Áhorfendur vörpuðu öndinni léttar þegar staðan var enn óbreytt að loknum fyrri hálfleiknum.

Þó átti lítið eitt betra eftir að taka við í þeim síðari. Kýpverjar voru meira með boltann, sóttu oftar og sköpuðu oftar hættu. Það er fyrst og fremst Hannesi Þór Halldórssyni, sem lék í gær sinn fyrsta landsleik, að þakka að boltinn fór ekki inn því hann varði oft á köflum mjög vel og var afar traustur. Dimitris Christofi komst næst því að skora á 74. mínútu þegar hann komst einn inn fyrir íslensku vörnina gegn Hannesi, sem varði stórglæsilega.

Íslensku leikmennirnir sköpuðu helst hættu með hröðum skyndisóknum og þó svo að þeir hafi verið duglegir að koma boltanum inn í teig lauk sóknunum allt of sjaldan með þokkalegri marktilraun.

Markið hans Kolbeins var þó einkar glæsilegt. Hjörtur Logi átti langa sendingu upp vinstri kantinn á Jóhann Berg, sem náði að koma boltanum fyrir markið.



**KOLLI MEÐ SIGURMARKIÐ** Kolbeinn Sigþórsson skoraði eina mark leiksins eftir aðeins fjórar mínútur. Hér er hann umkringdur í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þar sýndi Kolbeinn mikil klókindi og stýrði boltanum í markhornið fjær.

„Þetta gerðu þeir mjög vel,“ sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari eftir leikinn. Hann segir að leikmenn hafi verið þreyttir eftir Noregsleikinn og það hafi sést eftir því sem leið á leikinn.

„Svo þegar menn komast snemma yfir verða þeir taugaóstyrkir og vilja ekki tapa forystunni – enda löngunin eftir sigrinum mikil,“ sagði Ólafur.

Þrátt fyrir það beið hann með sínar skiptingar þar til tæpar tíu mínútur voru til leiksloka. „Miðjumennirnir voru duglegir og hlupu mikið. Vængmennirnir voru líka fínir og þá voru þeir Kolli og Eiður eftir. Þetta eru þó leikmenn sem geta búið til ótrúlegustu hluti og því ákvað ég að bíða. Við vissum að það myndi koma góð sókn hjá okkur þar sem við þyrftum að taka skynsamlega ákvörðun en það vantaði nokkuð upp á það í kvöld.“

Einn varamannanna sem komu inn á, Björn Bergmann Sigurðarson, fékk besta tækifæri Íslands í síðari hálfleik er hann þrumaði knettinum í utanverða stöngina úr þröngu færi en sem betur fer dugði mark Kolbeins til sigurs að lokum.

Ólafur var ánægður með þá leikmenn sem komu inn í byrjunarliðið í kvöld, en margir leikmenn voru fjarverandi vegna meiðsla eða af öðrum ástæðum. „Okkur munar um alla góða fótboltamenn en við eigum þó ágætan hóp af knattspyrnumönnum sem flestir hafa kynnst því áður að spila með landsliðinu. Þeir renndu því ekki blint í sjóinn.“

Hann neitaði því ekki að mönnum væri létt. „Þú getur rétt ímyndað þér – þetta er mikill léttir. Það er alltaf besti kosturinn að vinna leikina og nú datt það okkar megin. Þeir fengu auðvitað sín færi en Hannes stóð sig frábærlega í markinu.“

Ólafur hættir sem landsliðsþjálfari að lokinni undankeppni EM 2012 og stýrði sínum síðasta leik á Laugardalsvelli í gær. Kveðjugjöfin var sigur en andrúmsloftið bar keim af slæmri stöðu landsliðsins og þeir fáu áhorfendur sem komu á völlinn létu oftast lítið í sér heyra. En Ólafur gaf lítið fyrir það. „Ég er þakklátur fyrir þann stuðning sem ég fékk.“

eirikur@frettabladid.is

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5606
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is

ATC- 7,5t
Malbikskassi
-tilboðsverð

- á lager
- sala
- varahlutir
- þjónusta
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

150.000.000
+1.150.000.000
00.000

Fyrsti vinningur stefnir í 150 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.150 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 7. SEPTEMBER 2011

A. 12 14 17 21 41 48
B. 05 16 23 36 37 38
C. 07 09 13 22 34 38
D. 03 06 19 24 25 31
E. 11 19 21 25 38 42
F. 01 25 35 36 39 46
G. 18 19 20 23 28 46
H. 22 27 29 39 40 42

> **Amanda Peet**

„Ég máta yfirleitt að minnsta kosti tuttugu gallabuxur áður en ég finn einar sem klæða mig vel. Jafnframt læt ég traustan vin segja mér hvort rassinn á mér líti út fyrir að vera stór í þeim."



***Amanda Peet leikur í kvikmyndinni The X-Files: I Want to Believe, sem fjallar um FBI-lögreglumennina Mulder og Scully úr X-Files þáttunum. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON LIFÐI SIG INN Í ÓLGU ÁTTUNDA ÁRATUGARINS

# *Rokkstjörnurnar Ulrike, Andreas og Gudrun*

Á áttunda áratug síðustu aldar, sem sumir kjósa að kalla seventís-tímabilið, var gríðarleg þjóðfélagsleg ólga í Evrópu. Olíukreppa hleypti efnahagsmálum í bál og brand, hryðjuverkahópar blómstruðu og Leeds United komst í úrslit Evrópukeppni bikarhafa í fótbolta. Síðastliðið sunnudagskvöld sýndi sjónvarp allra landsmanna ágæta svipmynd af þessum tíma, Der Baader Meinhof Komplex, en sú mynd fjallar um vestur-þýsku hryðjuverkasamtökin Rauðu herdeildina (Rote Armee Fraktion), sem sumir kölluðu Baader-Meinhof hópinn.



Ef ég má nota klisju sem fer vonandi hringinn þá greip þessi mynd mig heljartökum. Sagan hefst kringum stúdentamótmælin 1968 og færir áhorfandann strax inn í andrúmsloft andstæðna. Annars vegar eru hin ráðandi öfl sem steypa fólk í sama mótið, viðhalda misskiptingu og kúgun og senda unga menn yfir hálfan hnöttinn í árásarstríð. Hins vegar eru hugdjörf ungmenni sem sjá á endanum enga leið aðra en vopnaða baráttu til að fylgja sannfæringu sinni um réttlátt þjóðfélag.

Eða kannski ekki svo hugdjörf. Andreas Baader birtist hér ekki sem hugmyndafræðingur heldur sem ábyrgðarlaus frekjuhundur. Gudrun Ensslin er eins og hippadrottning sem breytist í ofbeldisfól. Eftir stendur tvíburamóðirin og blaðamaðurinn Ulrike Meinhof, sem yfirgaf fjölskyldu sína en uppskar beisklegan aldurtila í Stammheim-fangelsinu, hvort sem það var fyrir eigin hendi eða annarra.

Góðar myndir um sögulega atburði eru eins og harmleikir sem vekja áhorfendur til umhugsunar um rétt og rangt. Meira að segja aðstandendur fórnarlamba Rauðu herdeildarinnar eru ósammála um sjónarhorn Der Baader Meinhof Komplex. Einn segir hana sýna blóðþyrsta morðingja, annar er reiður yfir rokkstjörnuímynd hryðjuverkamanna. Þá er takmarkinu náð.

## RÚV

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Loftslagsvinir (5:10)** (Klima nørd) Dönsk þáttaröð. Hvað er að gerast í loftslagsmálum? Og hvað getum við gert? Léttgeggjaði prófessorinn Max Temp og sonur hans velta fyrir sér ástandi jarðarinnar. (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (33:35) (Phineas and Ferb)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (8:10) (Classic Cartoon)
**18.30 Gló magnaða** (7:10) (Kim Possible)
**18.54 Víkingalottó** (1:52)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Landsmót hestamanna**
**23.05 Landinn (e)** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. Ritstjóri er Gísli Einarsson.
**23.35 Kastljós (e)**
**00.10 Fréttir**
**00.20 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Naked Gun 2½: The Smell of Fear**
**10.00 Liar Liar**
**12.00 Lína Langsokkur**
**14.00 Naked Gun 2½: The Smell of Fear**
**16.00 Liar Liar**
**18.00 Lína Langsokkur**
**20.00 The X-Files: I Want to Believe**
**22.00 Taken**
**00.00 Men in Black**
**02.00 Brothers of the Head**
**04.00 Taken**
**06.00 Just Married**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (27:175)
**10.15 Cold Case** (11:22)
**11.00 Glee** (10:22)
**11.45 Grey's Anatomy** (21:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (46:78)
**13.30 Gossip Girl** (19:22)
**14.20 Ghost Whisperer** (4:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2** (29:45)
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (1:24)
**19.45 Modern Family** (3:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
**20.10 Borgarilmur** (3:8) Nýir og skemmtilegir ferðaþættir þar sem leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir sækir heim átta vel valdar borgir sem allar eiga það sameiginlegt að vera mjög vinsælar á meðal Íslendinga þegar kemur að því að skella sér í helgarferð og leitast Ilmur við að veita betri innsýn í umræddar borgir.
**20.45 Hot In Cleveland** (8:10)
**21.10 Cougar Town** (8:22)
**21.35 Hawthorne** (1:10)
**22.20 True Blood** (7:12)
**23.10 Sex and the City** (20:20)
**23.55 The Closer** (6:15)
**00.40 The Good Guys** (6:20)
**01.25 Sons of Anarchy** (6:13)
**02.05 Medium** (16:22)
**02.50 Pledge This!**
**04.15 Feast**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Ísland - Noregur** Útsending frá landsleik Íslands og Noregs í undankeppni EM hjá U21 árs landsliðum.
**18.00 Ísland - Noregur** Útsending frá landsleik Íslands og Noregs í undankeppni EM hjá U21 árs landsliðum.
**19.50 England - Wales** Útsending frá landsleik Englands og Wales í undankeppni EM.
**21.35 Danmörk - Noregur** Útsending frá landsleik Danmerkur og Noregs í undankeppni EM.
**23.20 Undankeppni EM** Útsending frá leik Noregs og Íslands í undankeppni EM.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Bolton - Man. City** Útsending frá leik Bolton Wanderers og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.05 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.00 Charlton** Í þessum frábæru þáttum eru skoðaðir margir af fremstu knattspyrnumönnum sögunnar. Að þessu sinni verður fjallað um Bobby Charlton sem gerði garðinn frægan með Manchester United og enska landsliðinu.
**21.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.00 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**23.15 Liverpool - Bolton** Útsending frá leik Liverpool og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (25:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Being Erica** (3:12) (e)
**16.35 The Marriage Ref** (2:10) (e)
**17.20 Rachael Ray**
**18.05 How to Look Good Naked – Sexy Over 60** (1:1) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (32:50)
**19.20 Rules of Engagement** (2:13) (e)
**19.45 Will & Grace** (7:24)
**20.10 Life Unexpected - NÝTT** (1:13) Bandarísk þáttaröð sem notið hefur mikilla vinsælda. Cate og Ryan snúa aftur úr brúðkaupsferð sinni á meðan Lux og Bug þurfa að ákveða hvert samband þeirra stefnir.
**20.55 Friday Night Lights** (3:13) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas.
**21.45 The Bridge** (10:13)
**22.35 Dexter** (3:12) (e)
**23.25 The Borgias** (2:9) (e)
**00.15 Psych** (8:16) (e)
**01.00 Will & Grace** (7:24) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Deutsche Bank Championship** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Deutsche Bank Championship** (2:4)
**15.45 Ryder Cup Official Film 1997**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour – Highlights** (32:45)
**19.45 THE PLAYERS Official Film 2011** (1:1)
**20.40 Champions Tour – Highlights** (17:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (35:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour – Highlights** (32:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (107:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.15 Gilmore Girls** (6:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Bones** (23:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.35 Come Fly With Me** (4:6) Frábær ný gamanþáttaröð með bresku háðfuglunum Matt Lucas og David Walliams úr Little Britain.
**23.05 Entourage** (10:12) Sjötta þáttaröð einnar mest verðlaunuðu þáttaraðar sem framleidd er um þessar mundir.
**23.35 Talk Show with Spike Feresten** (13:22) Spjallþáttur með Spike Feresten sem var einn af aðalhöfundum Seinfeld-þáttanna.
**00.20 Gilmore Girls** (6:22)
**01.05 The Doctors** (107:175)
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins.
**20.30 Veiðisumarið** Laxinn farinn að taka haustlit en Jökla er ennþá tær.
**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Berg eldar afbragðs máltíðir.
**21.30 Gunnar Dal** Jón Kristinn við fótskör meistarans, annar þáttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


BM·VALLÁ

bmvalla.is



**Terra**
nýr valkostur fyrir veröndina

**Terra** er nýtt og fallegt verandarefni úr slípuðum hellum sem fæst í hvítu, gráu og svörtu.

**Terra** er hagkvæm og endingargóð lausn á veröndina, laus við umstang og viðhald sem fylgir hefðbundnum pallaefnum. Ekki eyða sumarfríinu í viðhald.

Komdu á sýningarsvæði okkar í Fornalundi og skoðaðu Terra-hellurnar eða hafðu samband við söludeildir okkar.

BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

PIPAR\TBWA · SÍA · 111456

VOTTAÐ GÆÐAKERFI ÍST ISO 9001

**Vörur okkar eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.**
**Fáðu tilboð og gerðu verðsamanburð!**

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 21.35

### Hawthorne

Jada Pinkett snýr aftur í annarri þáttaröð af Hawthorne. Það er búið að loka Richmond Trinity-spítalanum og Christina Hawthorne er ein þeirra sem fá vinnu á illa búnum spítala í fátækrahverfi.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tungumál á tímamótum **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Setning Bókmenntahátíðar í Reykjavík 2011 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Góðan daginn, Grindvíkingur **20.00** Leynifélagið **20.30** Muggur og Guðsbarnaljóð **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**10.15** Keeping Up Appearances **10.45** Keeping Up Appearances **11.20** ,Allo ,Allo! **11.50** Fawlty Towers **12.20** ,Allo ,Allo! **12.55** The Inspector Lynley Mysteries **13.40** The Inspector Lynley Mysteries **14.25** Keeping Up Appearances **14.55** Keeping Up Appearances **15.25** ,Allo ,Allo! **15.55** ,Allo ,Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.00** Fawlty Towers **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** The Thick of It **21.50** My Family **22.20** Top Gear

### DR 1

**11.05** Vores Liv **11.35** Aftenshowet **12.30** Fuld af ungdom **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Thomas og hans venner **14.30** Shanes verden **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Dronningeofret **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** DR1 Dokumentaren **21.00** Damages **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Ved du hvem du er? **04.00** Rasmus Klump **04.05** Chiro

### NRK 1

**12.30** Drømmehaver **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** Munter mat **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Program ikke fastsatt **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Valg 2011 **20.20** House **21.00** Kveldsnytt **21.15** Jimmys matfabrikk **21.45** På kanten av stupet **22.35** Ibsens dramatiske kvinner **23.05** Hvilket liv! **23.35** Svisj gull

### svt1

**10.45** Tack för musiken **11.45** Tristram Shandy **13.15** X-Games **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Vem tror du att du är? **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** The Hour **20.00** True Blood **20.50** X-Games **21.35** Landet Brunsås **22.05** Dödstrött **23.00** Dox **00.25** Rapport **00.30** Tillfällets hjältar **01.00** Engelska Antikrundan **01.50** Go'kväll





NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR

Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

**Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísi, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.**

dohop vísir Meiri Vísir.

Frá
Reykjavík
Til
Brottför
01.09.11
Til Baka
08.09.11
Leita




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég leyfi útvarpsmönnum landsins að velja ofan í mig tónlistina; það er Morgunstund KK á Rás 1 og Virkir morgnar á Rás 2 fyrir hádegi og Xið eftir hádegi. Annars er Brother Grass að gera góða hluti og Tom Waits klikkar aldrei.“*

Bergrún Íris Sævarsdóttir, teiknari og þáttastjórnandi.

# Flytja inn spænskar skinkur

„Það er bara kominn tími á nýjan tapasstað í Reykjavík,“ segir Lárus Gunnar Jóhannsson matreiðslumeistari.

Lárus er að fara að opna nýjan tapasstað, Tapashúsið, niðri við gömlu höfnina í Reykjavík. Lárus hefur í félagi við Guðmund Hansson framreiðslumeistara rekið Fiskfélagið við Vesturgötu sem notið hefur töluverðra vinsælda.

Tapashúsið verður í Sólfellshúsi sem var á Kirkjusandi frá árinu 1921 en var flutt á Ægisgarð í byrjun þessa árs. Svo skemmtilega vill til að í húsinu var á sínum tíma rekin saltfiskvinnsla en Spánverjar voru allra stærstu kaupendur framleiðslunnar. Þannig að Spánartengslin voru svo sannarlega til staðar fyrir. „Minjavernd á húsið og þeir taka það allt í gegn. Svo leigjum við það og útvegum alla innanstokksmuni og barinn,“ segir Lárus en tvö eldhús verða á staðnum, eitt uppi og annað niðri. Veitingastaðurinn verður fremur stór, hann á eftir að geta tekið 130 til 140 manns í sæti. Lárus lofar því að maturinn verði á viðráðanlegu verði. „Þetta verður svona spænsk-íslenskur staður, við erum til að mynda að láta flytja inn fyrir okkur spænskar skinkur en verðum líka með hangikjöt í svipuðum stíl,“ segir Lárus sem stefnir á að vera búinn að opna áður en RIFF, alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, hefst síðar í mánuðinum. - fgg



**NÝR TAPAS-STAÐUR** Lárus Gunnar er að fara að opna nýjan tapas-stað við gömlu höfnina í Reykjavík í svokölluðu Sólfellshúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni**

Laugardaginn 10. september nk verður haldin opin Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni. Keppnin verður haldin á svæði Ökuskóla 3 við Kirkjusand í Reykjavík og hefst kl. 13:00. Skráning og nánari upplýsingar eru á www.brautin.is og í síma 588 9070.

**Brautin**
- bindindisfélag ökumanna

ÖKULEIKNI 2011




## ÖRN ÚLFAR SÆVARSSON: AFI HEFUR ALDREI ÞOLAÐ SKAUPIÐ

# ÞEGNSKYLDUVINNA AÐ SKRIFA ÁRAMÓTASKAUPIÐ

„Þetta verða ég, Anna Svava Knútsdóttir, Sævar Sigurgeirsson, Baldvin Z, Hjálmar Hjálmarsson og Örn Úlfar Sævarsson,“ segir Gunnar Björn Guðmundsson, leikstjóri Skaupsins.

Fyrsti fundur hópsins sem stendur að baki Áramótaskaupinu í ár var á mánudag en þetta verður í þriðja árið í röð sem Gunnar heldur um stjórnartaumana á þessum vinsælasta sjónvarpslið ársins. „Þessi hópur lítur vel út á pappírnum og það var nóg af hugmyndum á fyrsta fundi. Það var allavega mikið stuð og mikil stemning.“

Þau Anna Svava og Sævar Sigurgeirsson hafa áður verið í Skaupshópnum en Baldvin Z og Örn Úlfar eru nýgræðingar í hópnum. „Gunnar hringdi í mig og bað mig um að vera með. Ég gat ekki sagt nei þótt ég glaður vildi því þetta er jú bara þegnskylduvinna, að vinna við Skaupið,“ segir Örn Úlfar í samtali við Fréttablaðið. Hann staðfestir jafnframt að hann eigi í viðræðum við Ríkissjónvarpið um áframhaldandi störf sem dómari í Gettu betur. Því má með sanni segja að störf hans muni liggja frammi fyrir allra augum á þessu ári. Og allir eiga eftir að hafa sína skoðun á þeim.

„Ég lít bara á þetta sem áskorun og það er virkilega gaman að fá svona tækifæri.“ Örn hræðist ekki reynsluleysið í handritaskrifum, hann hafi unnið á auglýsingastofu þar sem skrif voru stór hluti af daglegum störfum. „Og svo treystir maður líka á þessa snillinga sem eru í hópnum og hafa verið að gera bíómyndir og Skaup.“

Örn gerir sér hins vegar fyllilega grein fyrir því að sjálft gamlárskvöld sé ónýtt og jafnvel næstu dagar á eftir. „Sama hvernig fer þá verða alltaf einhverjir sem verða ekki sáttir. Ég á hins vegar nokkra vini í pólitík og það verður gaman að berja á þeim, þeir fá allavega ekki neina sérmeðferð.“

Örn ætlar að leita til heldur óvenjulegs sérfræðings þegar kemur að því fá ábendingar um hvað mætti betur fara í Skaupinu. „Afi minn hefur aldrei þolað Skaupið og blótar því alltaf í sand og ösku þannig að ég ætti að geta fengið góða punkta frá honum.“

freyrgigja@frettabladid.is



**HLAKKAR TIL AÐ BERJA Á VINUM SÍNUM**

Örn Úlfar Sævarsson er í nýjum Skaupshópi sem hefur þegar tekið til starfa. Hann hlakkar mest til að berja á vinum sínum í pólitík og lofar því að þeir fái enga sérmeðferð. Baldvin Z er einnig nýgræðingur í hópnum en hann leikstýrði síðast Óróa sem naut töluverða vinsælda. Sævar Sigurgeirsson og Anna Svava Knútsdóttir verða á sínum stað og þá verður Hjálmar Hjálmarsson einnig hluti af liðinu. Þetta verður þriðja árið í röð sem Gunnar Björn leikstýrir Skaupinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



# Stefnan verður sett á Baku

„Þetta er tiltölulega nýskeð, stofnfundurinn var í ágúst,“ segir Eyrún Ellý Valsdóttir, íslenskufræðingur og formaður fyrsta íslenska opinbera Eurovision-aðdáendaklúbbsins, FÁSES. Klúbburinn verður hluti af OGAE sem eru stærstu samtök aðdáenda Eurovision í heiminum.

Eyrún Ellý ásamt fimm öðrum stofnuðu klúbbinn til að gera íslenskum Eurovision-aðdáendum kleift að vera í sambandi við aðra Eurovision-aðdáendur, hafa gott aðgengi að miðum á keppnina og geta fylgst með hvað aðrir Eurovision-aðdáendur eru að hugsa og spá. „Og styðja við bakið á RÚV þegar undankeppnin byrjar, að skapa smá stemningu fyrir henni. Það hefur oft verið mjög stór þáttur í starfi erlendu aðdáendaklúbbanna að ná upp stemningu í kringum landskeppnirnar.“ Undirbúningur fyrir formlegan kynningarfund stendur nú yfir en Eyrún segist gera ráð fyrir því að hann verði í lok þessa mánaðar á skemmtistaðnum Barbóru. Hún bætir því jafnframt við að klúbburinn setji að sjálfsögðu stefnuna á að fara til Bakú í Aserbaídsjan þar sem keppnin verður næst.

Eyrún hefur alltaf haft mikinn áhuga á keppninni og var með Eurovision-blogg ásamt vinkonu sinni, Hildi Tryggvadóttur. Hún fór jafnframt á keppnina í Osló og þar sagðist hún einmitt hafa fyrst orðið þess vör hversu mikilvægt það er fyrir sanna Eurovision-aðdáendur að vera í opinberum klúbbi. „Ef maður er ekki með svona félagsskírteini er maður hálfútilokaður en um leið og þú færð passann opnast þér næstum allar dyr,“ útskýrir Eyrún. - fgg



**SAMAN** Eyrún Ellý (t.h) ásamt vinkonu sinni Hildi Tryggvadóttur, en þær eru meðal stofnenda fyrsta íslenska Eurovision-aðdáendaklúbbsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gildir til 13. september




**NIKE THE OVERPLAY**
Körfuboltaskór úr leðri.
Herrastærðir.

13.990



TILBOÐ!
STUTTBUXUR OG BOLUR
8.990
(fullt verð 11.980)

5.990

**NIKE REVERSIBLE TANK**
Körfuboltatreyja. Hægt að snúa
á rönguna og fá annan lit. Herrastærðir.

5.990

**NIKE REVERSIBLE SHORT**
Körfuboltastuttbuxur. Hægt að snúa
á rönguna og fá annan lit. Herrastærðir.

21.990



**NIKE AIR JORDAN ISO II**
Vandaðir körfuboltaskór úr leðri með
Zoom Air loftpúðum. Herrastærðir.




3.990

**NIKE LEBRON 8 PLAYGROUND**
Körfubolti.

# KLÚBBTILBOÐ

## GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!

Gildir til 13. september

CLUB INTERSPORT



**NIKE AIR MAX FULL COURT**
Körfuboltaskór með Air Max
loftpúðum. Herrastærðir.

16.990
(fullt verð 21.990)

18.990



**NIKE AIR FLIGHT SCORER**
Körfuboltaskór með loftpúðum.
Herrastærðir.




2.490

**SPALDING JAM SESSION MBA**
Körfubolti.

# INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is

EXPO • www.expo.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ekkert áfengi í augsýn

Ólátabelgurinn **Steve-O** er væntanlegur til landsins og hyggst halda sýningu í Háskólabíói í nóvember. Steve-O kom til landsins fyrir áratug og var þá háður eiturlyfjum og áfengi. Hann er breyttur maður í dag og hefur sagt skilið við eiturlyfjadjöfulinn. Kröfulisti kappans er litaður þessum nýja og heilbrigða lífsstíl, en hann hefur því gefið skýr fyrirmæli um að ekkert áfengi megi vera baksviðs eða inni á hótelherberginu sem hann gistir í. Þá biður hann ekki um mikið, en vill þó kaffi og gos, en engar dýraafurðir þar sem hann er grænmetisæta. Sviðsmunirnir sem hann biður um gefa að vissu leyti til kynna hvað fer fram í Háskólabíói, en þar eiga að bíða hans barstóll, sítróna, brúsi af hárlakki og beittur eldhúshnífur.



### Koss Mjallhvítar tilbúinn

Hljómsveitin Lokbrá var að ljúka við að fullgera fyrsta lagið af væntanlegri plötu sinni. Platan ber heitið Fernando. Umrætt lag var tekið upp árið 2006 í Geimsteini hjá Rúnari Júlíussyni, Herra Rokk. Þetta fyrsta fullgerða lag Lokbrár af nýju plötunni heitir Koss Mjallhvítar. Hljómsveitin fékk tónlistarmanninn Þorleif Gauk til liðs við sig í laginu á munnhörpu. Koss Mjallhvítar mun rata inn á útvarpsstöðvarnar, tónlist.is og gogoyoko áður en langt um líður.



- afb, sv

## Mest lesið vísir

1. Kappakstur í gærkvöldi: Ökumennirnir 25 og 67 ára
2. Ófaglærðir ráðnir í staðinn
3. Settu vegfarendur í stórhættu
4. Býr einn í yfirgefnu þorpi á hættusvæði
5. Eigin meiðsli kveiktu áhuga





